allt

*Allir geta fengið störf*

• atvinna

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



**KÖLD SLÓÐ:**

## Spennutryllir uppi á hálendi Íslands

ÞRÖSTUR LEÓ Í AÐALHLUTVERKI

FÓLK 18



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. júlí 2005 - 184. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

**SUNNUDAGUR**

### Leynivopnið frá Íslandi

Skagamaðurinn Ingi Þór Jónsson keppti í sundi á Ólympíuleikunum í Los Angeles. Um þær mundir vildu ófáar dætur landsins fanga hjarta hans en einmitt þá sté hann niður af verðlaunapallinum til að horfast í augu við hug sinn til karla. Síðan þá hafa örlögin spunnið sinn flókna þráð, en aftur er Ingi Þór orðinn sundstjarna og nú með æðri tilgang en nokkru sinni.



FÓLK 22-23

### Ólafur Páll slær í gegn hjá FH

Hættulegasti sóknarmaður Landsbankadeildar karla í sumar samkvæmt tölfræðinni er 23 ára vængmaður úr toppliði FH, Ólafur Páll Snorrason. Það hafa aðeins liðið 40 mínútur milli skapaðra marka hjá honum í Landsbankadeildinni í sumar.



ÍÞRÓTTIR 24

### Hörður Torfa

Söngvaskáldið Hörður Torfa hlaut nýlega viðurkenningu samtaka tónskálda og textahöfunda á Norðurlöndum. Hann segir þrjóskuna vera næringarríka fæðu.



TÓNLIST 32

**VEÐRIÐ Í DAG**




**RIGNING VESTAN TIL FYRIR OG UM HÁDEGI** Dregur úr úrkomu eftir hádegi. Skýjað með köflum á Norðaustur- og Austurlandi. Fer að rigna suðaustan til í kvöld. Hiti 10-18 stig.

VEÐUR 4

LANDIÐ ALLT

**Karlar: 25–49 ára***




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í apríl 2005.

# Engin hrossakaup um málskotsrétt forseta

**Össur Skarphéðinsson, fulltrúi í stjórnarskrárnefnd, vill standa vörð um málskotsrétt forseta Íslands enda sé hann bundinn af samþykkt landsfundar Samfylkingarinnar. Ágreiningur er um málið meðal nefndarmanna.**

**STJÓRNARSKRÁIN** Össur Skarphéðinsson, fulltrúi Samfylkingarinnar í stjórnarskrárnefnd, telur sig bundinn af samþykkt landsfundar flokksins um málskotsrétt forseta Íslands. „Fyrir mína parta kemur ekki til greina að gera hrossakaup um þetta á þá lund að slíkt ákvæði yrði tekið upp gegn því að málskotsréttur forsetans yrði afnuminn. Margir stjórnarliðar vilja afnema þennan rétt forseta. Ég lít svo á að með samþykkt landsfundar Samfylkingarinnar, sem tók beinlínis á þessu, sé illgerlegt fyrir mig að hnika frá því,“ segir Össur.

Í stjórnmálayfirlýsingu landsfundarins frá því í maí segir meðal annars, að skilgreina þurfi stöðu og umboð forsetans skýrar í stjórnskipan landsins og standa vörð um málskotsrétt forseta Íslands.

Jón Kristjánsson, formaður stjórnarskrárnefndar, hefur sagt um endurskoðunina að ræða þurfi kreppuna sem upp kom í tengslum við fjölmiðlalögin í fyrra og hugsanlega þjóðaratkvæðagreiðslu. „Það skorti fordæmi og engin ákvæði að finna í stjórnarskránni um hvernig ætti að framkvæma slíka atkvæðagreiðslu.“

Birgir Ármannsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í stjórnarskrárnefnd, segir að ákvæðið um synjunarvald forseta þarfnist endurskoðunar óháð því hvaða niðurstöðu menn vilji ná fram. „Það er ekki heppilegt að hafa ákvæði í stjórnskipunarlögum sem kallar á jafn ólíkar og umdeildar skýringar og fram komu á síðasta ári. Í þessari stjórnarskrárvinnu þurfa menn því að eyða þessum vafa,“ segir Birgir. Hann segir jafnframt að reglurnar verði að vera þannig að þær framkalli ekki deilur í samfélaginu um grundvallaratriði.

- jh / Nánar um stjórnarskrármál á síðu 20



**Á KINGS CROSS LESTARSTÖÐINNI** Lögreglumenn standa hér fyrir framan Kings Cross lestarstöðina í London. Margir Lundúnabúar hafa komið þangað og lagt blómvendi á jörðina til minningar um þá sem létust. Þar er einnig að finna myndir af fólki sem er saknað eftir árásirnar.

Þúsundum gert að yfirgefa skemmtanahverfi næst stærstu borgar Bretlands:

# Miðborg Birmingham rýmd

**HRYÐJUVERK** Um 30 þúsund manns var gert að rýma miðborg Birmingham í gærkvöldi eftir að lögreglu barst vísbending um hættu á hryðjuverkum. Um 200 skemmtistaðir og veitingahús voru rýmd í öryggisskyni.

Lögregla umkringdi miðborgina, vísaði fólki burt og lokaði öllum leiðum inn í miðborgina. Breska lögreglan leitar nokkurra múslima sem grunaðir eru um aðild að hryðjuverkaárásunum á fimmtudag að sögn breskra fjölmiðla. Mennirnir eru taldir tengjast þeim sem skipulögðu hryðjuverkin í Madríd í mars á síðasta ári þegar 191 lét lífið. Vitað er að skömmu áður en mennirnir sem framkvæmdu hryðjuverkin í Madríd létust hringdu þeir til Bretlands.

Staðfest hefur verið að 49 létust og talið er að 20 lík til viðbótar kunni að finnast.

Sprengjurnar sem kostuðu tugi manna lífið í neðanjarðarlestum í Lundúnum á fimmtudag sprungu með fimmtán sekúndna millibili tíu mínútur fyrir níu um morguninn. Þessi atriði, auk annarra sem komið hafa fram, gefa til kynna að hópur hryðjuverkamanna hafi skipulagt og framkvæmt árásirnar. Þar sem sprengjurnar voru líklega tímastilltar hafa árásarmennirnir getað komið sér á brott áður en þær sprungu og eiga því möguleika á að gera fleiri árásir náist þeir ekki.

Lík þeirra sem létust eru svo illa farin að lögreglan hefur enn ekki getað borið kennsl á þau, notast verður við tannlæknaskýrslur, fingraför og DNA til að bera kennsl á fólkið.

Sjá síður 6 og 8



**HLAUPIÐ MEÐ NAUTUNUM** Nautahlaupið er hættulegt líkt og sannaðist í gær þegar nautin stönguðu fjóra hlaupara.

Nautahlaup:

## Fjórir kenndu á hornunum

**SPÁNN, AP** Naut stungu fjóra hlaupara með í nautahlaupinu í Pamplona í gær. Fjöldi annarra hlaupara slasaðist lítillega í hlaupinu sem dregið hefur að sér mikinn mannfjölda líkt og undanfarin ár.

24 ára karlmaður varð verst úti. Hann fékk tvö stungusár á hlaupunum. Annar fékk horn nauts í afturendann og sá þriðji í andlitið. Þrettán hafa látist í nautahlaupinu frá 1924, sá síðasti árið 1995.

Hlaupið stóð yfir í þrjár mínútur, sem er óvenju stuttur tími. Flestir slösuðust þegar þeir féllu við eða þegar naut runnu og féllu á þá.

Tífalt fleiri eru í Pamplona meðan á nautahlaupinu stendur en aðra daga ársins. Íbúarnir eru 200 þúsund en tvær milljónir voru í Pamplona í gær. ■

Skúta sökk:

## Bjargað úr sjávarháska

**BJÖRGUN** Maður sem bjargað var úr sökkvandi skútu í Skötufirði við Ísafjarðardjúp í gær getur þakkað bróður sínum björgunina. Bróðir mannsins var staddur í fjörunni og sá að skútan var að sökkva og hringdi strax á björgunarsveitina á Ísafirði. Björgunarsveitarmenn voru fljótir á vettvang og björguðu manninum.

Ekki var ljóst í gærkvöld hvað olli því að skútan sökk en veður var slæmt.

- jse

Ungt par:

## Afvopnað á Víkingahátíð

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Búðardal afvopnaði ungt par á fjölmenni Víkingahátíð á Eiríksstöðum. Lögreglu þótti aðkomuparið grunsamlegt og fékk að leita í bifreið þeirra, þar fundust hafnaboltakylfur, golfkylfur, trékylfur, boltaklippur og dúkahnífar.

Parið gaf enga skýringu á þessum áhöldum og urðu því málalyktir þær að lögreglan tók vopnin í sína vörslu en parið fékk að öðru leyti að njóta hátíðarinnar óáreitt.

- jse



## SPURNING DAGSINS

*Skúli, seldirðu jólahjólið?*

Já, það var allt til sölu nema konan og börnin. Meira að segja kötturinn.

Skúli Gautason hélt flóamarkað á heimili sínu Litla-Garði, Akureyri, í gær. Hann söng lagið Jólahjól.

Hörð gagnrýni Ingu Jónu Þórðardóttur:

# Fjárfestingar ekki ræddar í stjórn

**VIÐSKIPTI** „Ég treysti mér einfaldlega ekki lengur til að starfa við núverandi stjórnarhætti hjá félaginu,“ segir Inga Jóna Þórðardóttir sem gaf skýringu á úrsögn sinni úr stjórn FL Group á hluthafafundi félagsins sem haldinn var á Nordica hótel í gær.

Nefndi hún þrjá þætti sem stjórnin þyrfti að lagfæra til að tryggja eðlilega stjórnarhætti. Í fyrsta lagi þykir henni verkaskipting stjórnarformanns og forstjóra félagsins óskýr, í öðru lagi segir hún að tryggja þurfi að meiri háttar fjárfestingar félagsins séu ræddar í stjórn áður en félagið gerist skuldbundið og í þriðja lagi segir hún félagið vanta skýra fjárfestingastefnu þar sem einungis hagsmunir félagsins eru hafðir að leiðarljósi.

„Það er nauðsynlegt að viðhalda trausti almennings í félagi sem er á almennum hlutabréfamarkaði og því trausti er viðhaldið með því að virða ákveðnar vinnureglur,“ segir hún.

Hannes Smárason stjórnarformaður sem kjörinn var til áframhaldandi starfa sagði á fundinum að verðmæti hlutabréfa félagsins hefðu tvöfaldast á síðustu 18 mánuðum og að hann myndi nálgast verkefni félagsins með sama hætti og áður. - jse



**INGA JÓNA ÞÓRÐARDÓTTIR** Inga Jóna segir að hún treysti sér ekki til að starfa við núverandi stjórnarhætti hjá FL-Group.

Fjölmenni á írskum dögum:

## Tjaldað í húsagörðum

**SKEMMTANIR** Mikill fjöldi fólks hefur lagt leið sína á Akranes en þar fara nú fram írskir dagar. Slegið hefur verið uppi stóru tjaldi við höfnina og var þar haldinn dansleikur í gær þar sem Paparnir og Sálin hans Jóns míns héldu uppi stemningunni.

Lögreglan á Akranesi telur að um 2.000 gestir séu í og við bæinn. Reyndar var veður mörgum erfitt á föstudag; bæði blautt og hvasst og brugðu margir á það ráð að tjalda milli húsa á staðnum til að búa sér næturstað í skjóli.

Fulltrúar Írlands í söngvakeppninni í ár eru meðal gesta á hátíðinni. - jse

Umferðarslys við Þórshöfn:

## Farþegi slasast í bílveltu

**LÖGREGLUFRÉTTIR** Ökumaður, sem grunaður er um ölvun við akstur, velti bifreið sem hann ók og slasaðist farþegi. Slysið átti sér stað rétt fyrir utan Þórshöfn um klukkan hálf sjö í gærmorgun.

Farþeginn var sendur með sjúkraflugi á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri en hann er ekki talinn alvarlega slasaður. Ökumaðurinn slapp alveg við meiðsl en mál hans eru nú til rannsóknar.

Mennirnir eru frá Bandaríkjunum og voru á leigubifreið sem er verulega skemmd. - jse

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÞRIGGJA BÍLA ÁREKSTUR** Ökumaður ók í veg fyrir bíl sem kom eftir Aðalgötu í Keflavík seinni part dags í gær með þeim afleiðingum að bílarnir skullu saman og hentist annar þeirra á aðra bifreið hinum megin við gatnamótin. Engin slys urðu á fólki en bifreiðarnar eru talsvert skemmdar að sögn lögreglunnar í Keflavík.

# Stórhættulegt birgðahald í heimahúsum

**Bíleigendur létu aðvaranir um hættuna af því að geyma birgðir af olíu í og við heimahús sem vind um eyru þjóta um síðustu mánaðamót. Dæmi eru um menn sem hömstruðu birgðir til næstu ára og fylltu rotþrær við hús sín.**

**ELDSNEYTISVERÐ** „Þetta er ekki einungis stórhættulegt heldur brýtur þetta í bága við lög og er snarbannað,“ segir Björn Karlsson, brunamálastjóri hjá Brunamálastofnun. Hundruð ef ekki þúsundir bíleigenda hömstruðu dísilolíu sem mest þeir máttu fyrir síðustu mánaðamót og notuðu til þess ýmis konar ílát sem nú eru geymd við heimahús, í bílskúrum og iðnaðarhúsnæðum víða um landið.

Söluaðilar víða um landið höfðu sömu sögu að segja. Fyrirséð hafi verið að olían hækkaði um helming og menn notað öll tiltæk ráð til að hamstra.

Gunnlaugur Axelsson, hjá Esso á Egilsstöðum, sagði hamstur hafa verið mjög áberandi. „Mjög margir fylltu bíla sína og einhver ílát auk þess og talsvert var um að menn kæmu margar ferðir með tunnur og öll önnur ílát sem dugðu til.“

*Hún er ekki eins eldfim og bensínið en guð hjálpi þeim sem koma að slíkum birgðum í brennandi húsi.*

Bjarni Kristinsson, eigandi Bjarnabúðar á Selfossi, tók í sama streng og sagðist hafa heyrt ýmsar útgáfur af því hvernig menn geymdu olíuna á vafasömum stöðum. „Það hömstruðu flestir dísilbílaeigendur enda óskóp skiljanlegt þegar hægt að spara sér miklar upphæðir.“

Dæmi voru um að tunnur og plastílát seldust upp í byggingavöruverslunum á landsbyggðinni daginn fyrir olíubreytinguna enda hækkaði lítraverð á dísilolíu um helming af einni nóttu og því eftir miklu að slægjast. Einn viðmælandi sagði nágranna sinn hafa fyllt tóma rotþró af olíu og geymdi hana fast upp við íbúðarhús sitt. Bensínafgreiðslumaður fyrir norðan afgreiddi mann sem keypti nóg magn í tunnur til að endast honum næstu árin.

Gestur Guðjónsson, yfirmaður öryggismála hjá Olíudreifingu, sagði að sala dísilolíu vikuna fyrir mánaðamót hefði verið margföld á við venjulega og ljóst að fjölmargir landsmenn hömstruðu þá vikuna. „Við vorum búnir að vara við þessu fyrir löngu síðan. Eftirlit með þessu var lítið sem ekkert og ekki hlutverk olíufélaganna að banna viðskiptavinum sínum kaup á olíu. Í rauninni gæti viðskiptavinur heimtað að við dældum sundlaug hans fulla af olíu og við yrðum að hlýða. Þetta er enn eitt klúður ríkisins við upptöku þessa olíugjalds þegar aðrar þjóðir Evrópu eru að leggja þetta af.“

Brunamálastjóri sagði hættuna mikla af því að geyma olíu inni í byggingum. „Hún er ekki eins eldfim og bensínið en guð hjálpi þeim sem koma að slíkum birgðum í brennandi húsi.“ albert@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT



**BÍLL Á BENSÍNSTÖÐ** Þrátt fyrir að lagaákvæði hefðu átt að koma í veg fyrir hamstur áður en ný olíulög tóku gildi um síðustu mánaðamót hafa eflaust margir einstaklingar eiga nú sínar eigin birgðir. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HERJÓLFUR** Tvítugur farþegi var handtekinn við komu Herjólfs til Eyja með mikið magn fíkniefna sem hann hafði falið í bifreið sinni.

Tekinn með fíkniefni:

## Handtekinn í Herjólfi

**FÍKNIEFNAMÁL** Tvítugur farþegi var handtekinn með mikið magn fíkniefna við komu Herjólfs til Vestmannaeyja klukkan hálf tíu í fyrrakvöld.

Við leit í bifreið hans fundust 400 grömm af hassi, tíu grömm af amfetamíni og sex grömm af kókaíni. Efnin voru falin undir mælaborði, milli sæta og í farangursrými bifreiðarinnar.

Að sögn lögreglunnar í Vestmannaeyjum er málið enn í rannsókn en grunur leikur á að farþeginn hafi ætlað að selja fíkniefnin í Vestmannaeyjum.

Maðurinn hefur áður komið við sögu lögreglunnar. - jse

Neyðarboð frá ferðamanni:

## Leitað á Langjökli

**BJÖRGUNARSTARF** Björgunarsveitir leituðu í gær þýsks ferðamanns sem gekk á Langjökul. Neyðarskeyti barst frá manninum skömmu eftir hádegi og fór þyrla Landhelgisgæslunnar af stað en mjög þungbúið var á jöklinum og ógjörningur að lenda.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun hafði ekki sést til mannsins en að sögn Jóns Inga Sigvaldasonar hjá Landsbjörg var talið að hann væri við hábunguna á jöklinum og jafnvel var talið að hann hefði slysast til að senda neyðarboð. – jse






Jón Ásgeir í viðtali í The Sunday Times:

# Versta vikan í viðskiptum

**BAUGUR** Jón Ásgeir Jóhannesson segir efnislega í Sunday Times í dag að síðasta vika hafi verið ein sú versta í hans viðskiptalífi og hann hyggist ekki standa í stórviðskiptum fyrr en sakleysi hans sé sannað. Aðeins tvær af upphaflegum sakargiftum séu meðal ákæruatriðanna fjörutíu. Afgangur ákæruatriðanna tengist Gaumi, bókhaldsmálum, tollalagabrotum og kerditkortanotkun. Frá þessu var greint í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld.

Vegna ákæra á hendur Jóni Ásgeiri og fimm öðrum einstaklingum ákvað Baugur fyrir helgina að hætta þátttöku í fyrirtækjahópnum sem átt hefur í viðræðum um tilboð í verslunarkeðjuna Somerfield.

Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugs, segir að vaxandi undrunar gæti í breskum fjölmiðlum í umfjöllun um málefni Baugs og ákærurnar. Hann segir að viðtal Sunday Times við sig og Jón Ásgeir sé að miklu leyti byggt á því sem þegar hafi komið fram í greinargerðum sem Baugur hefur þegar birt.

Ákæruatriðin fjörutíu verða að líkindum birt strax eftir helgi. - jh



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON OG HREINN LOFTSSON** Jón Ásgeir hyggst ekki standa í stórviðskiptum fyrr en sakleysi hans hefur verið sannað.




# ÞREFÖLD VIÐURKENNING TIL KB BANKA

Fjármálatímaritið Euromoney útnefnir árlega bestu fjármálastofnanir á heimsvísu. Okkur er sönn ánægja að benda hluthöfum og viðskiptavinum KB banka á að Euromoney hefur ákveðið að veita bankanum þrenn verðlaun fyrir árið 2005.

- **BESTI BANKINN Á ÍSLANDI**
- **BESTA HLUTABRÉFAMIÐLUNIN Á ÍSLANDI**
- **BESTI RÁÐGJAFINN Í SAMRUNUM OG YFIRTÖKUM Á ÍSLANDI**

Viðurkenningar Euromoney, **Awards for Excellence**, staðfesta leiðandi stöðu KB banka á íslenskum fjármálamarkaði. Það er markmið okkar að vera áfram í fararbroddi á Íslandi og að skipa KB banka um leið í flokk fremstu fjárfestingarbanka í Norður Evrópu.

Mikilvægasta viðurkenningin er þó það traust sem við njótum hjá viðskiptavinum okkar. Takmark okkar er að veita þeim framúrskarandi þjónustu.

ENNEMM / SÍA / NM17162

KB BANKI

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 08.07.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 65,90 | 66,22 |
| Sterlingspund | GBP | 114,37 | 114,93 |
| Evra | EUR | 78,45 | 78,89 |
| Dönsk króna | DKK | 10,52 | 10,59 |
| Norsk króna | NOK | 9,96 | 10,01 |
| Sænsk króna | SEK | 8,33 | 8,38 |
| Japanskt jen | JPY | 0,59 | 0,59 |
| SDR | XDR | 94,98 | 95,54 |

*Gengisvísitala krónunnar*

110,4653 +0,30%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrirhuguð bygging háhýsa við sjávarsíðuna í Reykjavík:

# Þétting byggðar kostar fórnir

**SKIPULAGSMÁL** „Við fögnum því að fá aukna íbúabyggð í miðborgina,“ segir Einar Örn Stefánsson, framkvæmdastjóri Þróunarfélags miðborgarinnar. „Það styrkir verslun og þjónustu þegar íbúum fjölgar og eflir miðborgina.“

Skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt að reist verði tvö háhýsi í Skuggahverfi til viðbótar þess sem nú er. Einnig stendur til að byggja íbúðahúsnæði á mörkum Barónsstígs og Hverfisgötu.

„Það er ergilegt að missa útsýnið til sjávar en þétting byggðar kostar auðvitað fórnir,“ segir Pétur Arason, verslunarmaður og íbúi við Laugaveg. Pétur segist fylgjandi þéttingu byggðar og fagnar sérstaklega uppbyggingu við Hverfisgötu. Hann sér þó nokkuð eftir sjávarútsýninu. „Líklega voru mistök í upphafi að byggja hæstu húsin næst sjónum,“ segir Pétur. „Ákvörðun um það var þó tekin fyrir tíu til fimmtán árum og lítið við því að gera núna.“ **- ht**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**PÉTUR ARASON** Verslunarmaður og íbúi við Laugarveg segir að líklega hafi verið gerð mistök þegar ákveðið var að byggja háhýsi næst sjónum fyrir tíu til fimmtán árum.

Sauðárkrókur:

## Mikil fjölgun á heimavistinni

**MENNTAMÁL** Mikil eftirspurn er eftir plássi á heimavistinni við Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og verða íbúendur þar fimmtungi fleiri en í fyrra eða 125 talsins. Þó fjölgar nemendum við skólann ekki að sama skapi en útlit er fyrir að þeir verði 420 á næsta skólaári eða aðeins níu fleiri en í fyrra.

Tvær nýjar deildir hefja starfsemi á næsta skólaári, Vélstjórabraut og Verknámsdeild rafiðna.

Jón F. Hjartarson skólameistari segir einnig að skagfirska menntastofnunin leggi mikinn metnað í námskeiðið um hestamennsku sem þar er í boði. **-jse**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**GAMLA BÍLANAUSTSHÚSIÐ** Mikið hefur verið deilt um reitinn sem þessi bygging vermdi.

250 íbúðir á Bílanaustreit:

## Samkomulag sagt rofið

**BORGARMÁL** Borgarráð samþykkti í vikunni að heimila að byggðar verði allt að 250 íbúðir á svokölluðum Bílanaustsreit við Borgartún. Miklar deilur hafa ríkt um svæðið en íbúar þar voru afar ósáttir við fyrstu áætlanir borgaráðs, sem meðal annars gerðu ráð fyrir 12 hæða byggingu. Í framhaldinu var gert samkomulag við íbúa sem gerir ráð fyrir lægri byggingum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa hins vegar áhyggjur af því að borgarráð ögri því samkomulagi með því að leyfa byggingu 250 íbúða.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson segir að í mesta lagi sé hægt að byggja tvöhundruð íbúðir á svæðinu ef halda eigi samkomulaginu við íbúa. **-jse**

### MENNTAMÁL

**HRAÐBRAUT ÚTSKRIFAR** Menntaskólinn Hraðbraut útskrifaði í gær fyrstu stúdenta í sögu skólans. Nemendurnir sem útskrifuðust voru 36 talsins og hófu nám sitt árið 2003. 140 nemendur hefja nám í skólanum næsta haust.

### VESTMANNAEYJAR

**ENDURBYGGJA LANDNÁMSBÆ** Herjólfsbæjarfélagið hefur kynnt Vestmannaeyingum hugmyndir sínar um að endurbyggja hluta Herjólfsbæjar, Herjólfsbær er býli fyrsta landnámsmannsins í Eyjum, Herjólfs Bárðarsonar. Eyjafréttir.is greindu frá.

# 46 prósenta fylgi gæti fært lista meirihluta

**Ólafur Þ. Harðarson segir jafnt fylgi R-lista og Sjálfstæðisflokksins í höfuðborginni nokkur tíðindi. Ef R-lista flokkarnir bjóða fram hver í sínu lagi getur Sjálfstæðisflokki nægt 46 til 47 prósenta fylgi til að ná meirihluta í borgarstjórn.**

**BORGARSTJÓRN** „Þetta er breyting því langt er síðan fylgi Sjálfstæðisflokksins og R-listans hefur mælst svo jafnt sem nú,“ segir Ólafur Þ. Harðarson prófessor í stjórnmálafræði.

Niðurstöður nýrrar fylgiskönnunar benda til þess að fylgi Sjálfstæðisflokksins og R-listans sé nánast jafnt. „Sjálfstæðisflokkurinn virtist vera kominn niður í um það bil 40 prósenta fylgi í borginni þannig að þetta eru nokkur tíðindi,“ segir Ólafur.

Um skýringar á vaxandi fylgi Sjálfstæðisflokksins í höfuðborginni segir Ólafur að ákveðinnar óánægju hafi gætt með R-listann. „Nokkuð hefur borið á deilum. R-listinn hefur verið í vandræðum og flokkarnir þrír, sem að honum standa, hafa ekki ákveðið hvort þeir ætli að bjóða sameiginlega fram enn á ný undir merkjum R-listans. Hins vegar hefur Sjálfstæðisflokkurinn spilað út nýjum hlutum. Menn hafa tekið eftir nýjum hugmyndum frá um skipulagsmál.“

Ólafur bendir á að megintilgangur R-lista samstarfsins hafi í upphafi verið að ógna veldi Sjálfstæðisflokksins í stjórn borgarinnar. „Ef þeir ætla nú að bjóða fram hver í sínu lagi getur Sjálfstæðisflokknum nægt 46 til 47 prósenta fylgi til þess að ná hreinum meirihluta. Ef fylgi Sjálfstæðisflokksins færi sífellt minnkandi væri sjálfsagt æ minni ástæða fyrir flokkana í R-listanum að halda áfram samstarfinu. Vaxandi fylgi Sjálfstæðisflokksins ætti þarafleiðandi að auka líkurnar á áframhaldandi samstarfi,“ segir Ólafur Þ. Harðarson.

Á ellefu ára valdatíma R-listans í Reykjavíkurborg hefur Sjálfstæðisflokkurinn aðeins í fáein skipti mælst með meira fylgi en hann í könnunum. Að líkindum varð munurinn mestur í apríl 1996 þegar fylgi Sjálfstæðisflokksins mældist 54 prósent á móti 46 prósenta fylgi R-listans. R-listinn hefur í fáeinum fylgiskönnunum náð allt að 10 prósentustiga forskoti á Sjálfstæðisflokkinn í valdatíð sinni. Gallup spurði til dæmis um ánægju kjósenda með meirihluta víða um land skömmu fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2002. Þá vildu tæplega 59 prósent borgarbúa áfram meirihluta R-listans næsta kjörtímabil á eftir.

Viðræður um áframhaldandi samstarf flokkanna sem standa að R-listanum hafa ekki borið árangur, en viðræðunefnd á vegum þeirra kemur næst saman til fundar á mánudag.

**johannh@frettabladid.is**



**ÓLAFUR Þ. HARÐARSON PRÓFESSOR Í STJÓRNMÁLAFRÆÐI:** „Sjálfstæðisflokkurinn virtist vera kominn niður í um það bil 40 prósenta fylgi í borginni þannig að þetta eru nokkur tíðindi.“



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Á HVANNADALSHNÚKI** Hér ætla Lars og Jonas að standa undir kvöld, 19. júní.

Sænskir fjallgöngumenn:

## Ganga á tinda Norðurlanda

**FJALLGANGA** Sænsku fjallgöngumennirnir Lars Carlsson og Jonas Eklund ætla að ganga á hæstu fjalltinda Norðurlandanna á innan við viku.

Gangan hefst á Kebnekaise (2.114 metrar) í Svíþjóð á miðvikudag og lýkur á Hvannadalshnúki (2.119 metrar) 19. júlí. Í millitíðinni hafa þeir viðkomu á Halti (1.328 metrar) í Finnlandi, þá á Möllehöj (170 metrar) í Danmörku og á Galdhöpiggen (2.469 metrar) í Noregi.

Þegar toppi Hvannadalshnúks verður náð hafa þeir félagar gengið eitt hundrað kílómetra og ferðast drjúgan spöl á bílum og flugvélum. Icelandair og Hertz styrkja förina. **- bþs**

Kaspíahaf:

## Tugir hafa drukknað

**ÍRAN, AP** Rúmlega 32 einstaklingar drukknuðu í Kaspíahafi þegar þeir voru á sundi undan norðurströnd Írans. Lík 32 einstaklinga fundust á sjö stöðum á ströndinni við Kaspíahaf á föstudag að sögn þeirra sem skipulögðu hjálparstarf.

Hundruð sumarfrísgesta drukkna í Kaspíahafi ár hvert. Slökum sundhæfileikum og slæmum aðstæðum er kennt um. ■






## VEÐRIÐ Í DAG

**MINNKANDI SÓL Á AUSTURLANDI**
Eftir yfirburða veðurfar á Austurlandi síðustu daga dregur nú smátt og smátt fyrir sólu þar. Við tekur fremur skýjað veður en sennilegast hangir hann þurr á þessum slóðum og áfram verður þar hlýtt. Í höfuðborginni og víða sunnan og vestan til eru framundan dagar vætu með köflum.

**HVENÆR BIRTIR TIL Á NÝ?**
Eftir miðja vikuna er að sjá að víða rofi til á landinu í hægri norðvestlægri átt með þokkalegum hlýindum.






Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 23°C | heiðskírt | París | 25°C | hálfskýjað | Alicante | 29°C heiðskírt |
| Ósló | 25°C | hálfskýjað | Berlín | 24°C | heiðskírt | Milano | 24°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 25°C | heiðskírt | Frankfurt | 27°C | heiðskírt | New York | 33°C heiðskírt |
| Helsinki | 25°C | heiðskírt | Madrid | 33°C | heiðskírt | San Francisco | 19°C heiðskírt |
| London | 28°C | heiðskírt | Barcelona | 25°C | skúrir | Orlando/Florida | 33°C skúrir |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

**Ford**Focus




# Veldu nýjan **Ford**

# Nýtt tákn um gæði

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákn um gæði - veldu Ford.

## Focus er betur búinn en Corolla

Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Nýr, endurhannaður Ford Focus er betur búinn en Toyota Corolla. Ford hefur tekist það sem aðrir framleiðendur hafa áður reynt; að hanna meðal stóran bíl eftir gæðastöðlum lúxusbíla á lægra verði. Berðu fordómalaust Corolla saman við Focus. Og þú finnur að margur búnaður lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus: **ESP stöðugleikastýrikerfi,** TRACS spólvörn, öryggispúðagardínur, fjölliðafjöðrun, loftkæling og hiti í sætum eru þar á meðal. Spurðu um þjónustu Ford.

## Hæsta einkunn fyrir öryggi frá upphafi

Árekstraröryggisstofnunin Euro NCAP gefur Ford Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum flokki frá upphafi. Árekstraröryggi Focus er metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upphafi hefur Focus hreppt 1. sætið á 65 alþjóða verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bíll ársins.



*Ford Focus hefur hreppt 1. sæti á 65 alþjóðaverðlaunahátíðum. Veldu Ford.*

Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu Focus.

Þegar allt er tekið með og verð er borið saman við gæði þá er Focus talinn betri kostur en bæði Toyota Corolla og VW Golf, samkvæmt fjölmörgum evrópskum bílablöðum. Berðu saman bíla. Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákn um gæði.

**Ford Focus. Ný gæði á lægra verði en áður.***

| **Kaupverð** | *5 gíra* | *Sjálfskiptur* |
|---|---|---|
| Ford Focus 3 dyra Trend 1,6i | **1.790.000 kr.** | **1.884.000 kr.** |
| Ford Focus 5 dyra Trend 1,6i | **1.890.000 kr.** | **1.984.000 kr.** |
| Ford Focus 4 dyra Trend 1,6i | **1.940.000 kr.** | **2.034.000 kr.** |
| Ford Focus Wagon Trend 1,6i | **1.990.000 kr.** | **2.084.000 kr.** |

Ford Focus er heimsmethafi í vinsældum. Frá þeim tíma Ford Focus var fyrst kynntur, árið 1998, hefur Focus selst í yfir 4 milljónir eintaka. Heimsmetabók Guinness taldi sig þurfa staðfesta heimsmet Ford Focus í vinsældum árið 2000 og sem mest selda bíl í heimi, aðeins ári eftir að hann kom fyrst á markað. Samkvæmt afmælisútgáfu Heimsmetabókar Guinness fyrir árið 2005 stendur heimsmetið enn. Focus er einnig vinsæll meðal bílagagnrýnenda en þeir hafa í 65 skipti kosið Focus í 1. sætið á aðeins 6 árum. Focus hefur verið kosinn bíll ársins í 13 skipti í Evrópu og Norður-Ameríku.

## Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

ESP stöðugleikastýrikerfi
TRACS spólvörn
Loftkæling
Stillanlegur hiti í framsætum
Öryggispúðar að framan
Öryggispúðar í hliðum
Öryggispúðagardínur
ABS hemlakerfi
EBD hemlajöfnun
EBA hjálparhemlun
Frjókornasía
Upphitanlegir hliðarspeglar
Rafstilltir hliðarspeglar
Vindskeið að aftan (3d og 5d)
Fjarstýrð samlæsing
Fjölstillanlegt stýri
Geislaspilari með þjófavörn og 6 hátölurum
Fjarstýring fyrir hljómtæki
Aksturstölva og útihitamælir

## Hægt að fá aukalega:

Bluetooth® fyrir síma
AFS Halogen beygjuljós
DVD spilari í lofti og skjár
Fjöltengi fyrir heyrnartól
Kæling í hanskahólfi
Leiðsögukerfi með litaskjá
6 diska Sony hljómtæki
Bakkskynjari
Regnskynjari
Leður- eða sportsæti
Rafdrifið ökumannssæti
Raddstýring fyrir:
- hljómtæki
- síma
- leiðsögukerfi
Aðfellanlegir speglar
Hiti fyrir alla framrúðuna
Sólarvörn í framrúðu
Sportfjöðrun
Sjálfvirkur „dimmer" á baksýnisspegli
Hraðastillir
Rafdrifin sóllúga




*Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (74,1% aukning 2004) og er Ford meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Nýttu þér sumartilboðin

## Skoðaðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi



**Ford** Fiesta Trend
5 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.430.000 kr.
Bílasamningur 14.970 kr.
Rekstrarleiga 27.950 kr.



**Ford** Fusion Trend
5 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.570.000 kr.
Bílasamningur 16.440 kr.
Rekstrarleiga 29.980 kr.



**Ford** Focus Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 19.790 kr.
Rekstrarleiga 34.930 kr.



**Ford** Focus C-Max Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.895.000 kr.
Bílasamningur 19.840 kr.
Rekstrarleiga 34.950 kr.



**Ford** Mondeo Ghia
5 dyra 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.440.000 kr.
Bílasamningur 25.550 kr.
Rekstrarleiga 44.940 kr.



**Ford** Galaxy Trend
7 manna 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.605.000 kr.
Bílasamningur 27.280 kr.
Rekstrarleiga 48.500 kr.



**Ford** Mustang Deluxe
3 dyra 4,0i V6 5 gíra*
Kaupverð 2.860.000 kr.
Bílasamningur 30.030 kr.



**Ford** Escape XLS 4x4
5 dyra 2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.810.000 kr.
Bílasamningur 29.430 kr.
Rekstrarleiga 52.700 kr.



**Ford** Freestyle SEL 4x4
7 manna 3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.960.000 kr.
Bílasamningur 39.200 kr.
Rekstrarleiga 68.300 kr.



**Ford** Explorer XLT Sport 4x4
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.190.000 kr.
Bílasamningur 41.760 kr.
Rekstrarleiga 74.200 kr.



**Ford** Expedition Eddie Bauer 4x4
8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 5.160.000 kr.
Bílasamningur 53.990 kr.
Rekstrarleiga 102.500 kr.



**Ford** Ranger XL Crew Cab 4x4
4 dyra 2,5 turbo dísil 5 gíra*
Kaupverð 2.370.000 kr.
Bílasamningur 24.820 kr.
Rekstrarleiga 43.900 kr.



**Ford** Explorer Sport Trac XLT 4x4
4 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 2.960.000 kr.
Bílasamningur 30.990 kr.
Rekstrarleiga 56.700 kr.



**Ford** F-350 Lariat Crew Cab 4x4
4 dyra 6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.128.000 kr.
Bílasamningur 43.160 kr.




**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.** Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 30% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: Álfelgur á Fiesta, Focus og Galaxy; samlitur á Escape; tvílitur á Ranger. Explorer og Freestyle myndir eru af Limited.



## KJÖRKASSINN

*Finnst þér hvalkjöt gott?*

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

| | |
|---|---|
| Já | 62,75% |
| Nei | 37,25% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Ertu hlynnt(ur) sameiningu heilsugæslustöðvanna á höfuðborgarsvæðinu?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Spjótin beinast að hryðjuverkamönnum og rótum hryðjuverka segir Tony Blair:

# Verðum að ráðast að orsökunum

**HRYÐJUVERK** Ráðast verður að félagslegum orsökum hryðjuverka ef takast á að vinna bug á þeim sagði Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands. Orsakirnar sagði hann vera fátækt, skort á lýðræði og áframhaldandi átök í Mið-Austurlöndum.

„Ég held að þessi gerð hryðjuverka eigi sér mjög djúpar rætur," sagði Blair í viðtali við BBC. „Auk þess að eiga við afleiðingar þessa og reyna að vernda okkur eins mikið og samfélagsgerð okkar gerir okkur kleift, verður að reyna að ráðast að rótum þess." Hann sagði að sumar af þessum orsökum hefðu leiðtogar helstu iðnríkja heims fjallað um á fundi sínum í Skotlandi.

„Það sem við vitum nú, ef við vissum það ekki fyrir, er að þegar öfgastefnur, ofsatrú eða sár fátækt ríkir í einni heimsálfu eru afleiðingarnar ekki bundnar við þá heimsálfu heldur breiðast út til allra marka heimsins," sagði Blair og kvað nauðsynlegt að auka skilning milli fólks frá ólíkum heimkynnum, hjálpa íbúum Mið-Austurlanda á veg til lýðræðisvæðingar og vinna bug á því hvernig íslamskir vígamenn afmynduðu íslamska trú og notuðu hana til að réttlæta ofbeldisverk.

-bþg



**BLAIR HEILSAR SJÚKRALIÐUM** Tony Blair ræddi við sjúkraliða sem ferðuðust um á hjólum og aðstoðuðu þá sem særðust í árásunum.



**VIÐBÚNAÐUR Á FLUGVELLI** Mikill viðbúnaður er á ítölskum flugvöllum. Hluti Fiumicino-flugvallar í Róm var rýmdur eftir að taska fannst yfirgefin.

Lögregluaðgerð:

## 142 handteknir

**HRYÐJUVERK** Ítalskir lögreglumenn handtóku 142 einstaklinga í viðamiklum aðgerðum í og við Mílanó á föstudag og laugardag. Handtökurnar eru hluti af stórauknum viðbúnaði á Ítalíu í kjölfar hryðjuverkanna í Lundúnum og hótana um hryðjuverk á Ítalíu.

82 þeirra sem voru handteknir eru innflytjendur og hefur 52 þeirra verið vísað úr landi. Flestir þeirra handteknu voru sakaðir um minni háttar glæpi.

Antonio Girone lögregluherforingi sagði að áherslan hefði verið á Mílanó þar sem rannsókn ítölsku lögreglunnar á grunuðum hryðjuverkamönnum hefði gefið til kynna að hætta kynni að vera á meiri háttar hryðjuverkaárás í borginni. ■

# Líkin svo illa farin að ekki hafa verið borin kennsl á þau

**Aðeins fáeinar sekúndur liðu á milli sprenginganna í neðanjarðarlestum í Lundúnum. Það bendir til að um tímastilltar sprengjur hafi verið að ræða frekar en sjálfsmorðsárásir. Sprengiefnin voru öflug og líklega keypt á svörtum markaði.**

**HRYÐJUVERK** Sprengjurnar sem sprungu í þremur neðanjarðarlestum á fimmtudag voru svo öflugar að ekki hafa enn verið borin kennsl á lík þeirra sem létust í árásunum. Þessu greindu breskir lögreglumenn frá í gær. Staðfest hefur verið að 49 hafi látist og segir lögreglan að tala látinna eigi eftir að hækka eitthvað, þeir draga þó í efa að hún eigi eftir að hækka mjög mikið.

„Þetta er skelfilegt verk," segir Jim Dickie sem kemur að rannsókn málsins. „Flest fórnarlömbin urðu mjög illa úti og með því meina ég að það eru líkamshlutir jafnt sem líkamsbúkar þarna." Rannsóknarmenn hafa reynt að bera kennsl á líkin með fingraförum, tannlæknaskrám og DNA-prufum.

Tuttugu eru enn í lífshættu á sjúkrahúsum og einhver lík eru föst í braki lestar í Russell Square lestagöngunum þar sem björgunarmenn hafa ekki komist að þeim vegna hættu á hruni, ekki er vitað með vissu hversu mörg lík er að finna þar.

Rannsóknir bresku lögreglunnar hafa leitt í ljós að mun skemmri tími leið milli sprenginganna en áður var talið. Fyrsta sprengingin í neðanjarðarlest sprakk klukkan 8.50 að breskum tíma og tvær síðari sprengjurnar skömmu síðar. Áður höfðu yfirmenn lestakerfisins lýst því yfir að 26 mínútur hefðu liðið milli sprenginganna þriggja. Hið rétta kom í ljós eftir að lögreglan fór yfir staðsetningu lestanna og gögn úr lestakerfinu.

Annað sem rannsókn lögreglunnar hefur leitt í ljós er að þær eru gerðar úr öflugu sprengiefni. Það gefur til kynna að þær hafi ekki verið búnar til í heimahúsi eða við fábrotnar aðstæður. Talið er líklegt að þær hafi verið keyptar á svarta markaðnum en rannsakendur segja of snemmt að segja nokkuð til um hvar þær kunni að hafa verið keyptar.

Vegna þess hversu stuttur tími leið milli sprenginganna þykir ólíklegt að um sjálfsmorðsárásir hafi verið að ræða þótt það sé ekki útilokað. Líklegra er að sprengjurnar hafi verið tímastilltar.

brynjolfur@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**VETTVANGUR RANNSAKAÐUR** Tveir rannsóknarmenn lögreglunnar sjást hér á Tavistock-torgi í Lundúnum þar sem strætisvagn var sprengdur í loft upp.






**BJÖRGUNARMENN Í GÖNGUNUM** Björgunarmenn sjást hér við flak Circle Line lestarinnar í göngum milli Liverpool og Aldgate stöðvanna.

Bretar þakklátir fyrir hjálparstarfið:

# Björgunarfólkið hinar nýju hetjur

**HRYÐJUVERK** Bretar tala þessa dagana um nýjar hetjur, fólkið sem fór niður í lestargöngin til að hjálpa þeim sem særðust í sprengjuárásunum á fimmtudag og gátu ekki bjargað sér út sjálfir.

Ein þeirra sem komu slasaða fólkinu til bjargar er Helen Long, starfsmaður á lestarstöð, sem hugaði að manni sem missti neðan af fæti í sprengingunni þar til hjálp barst. Til að stöðva blæðinguna var belti lestarstjóra hert að fætinum.

„Hann sagði mér að systir sín væri ófrísk og ætti að eiga skömmu fyrir jól. Ég sagði honum að gera sömu öndunaræfingar og ófrískar konur gera með því að anda stutt. Alltaf þegar hann var við það að falla í yfirlið reyndi ég að halda honum vakandi," sagði Long sem vék ekki frá hlið mannsins þá tvo klukkutíma sem liðu áður en hægt var að flytja hann á sjúkrahús. Ekki tókst þó að bjarga öllum og sagði Long frá því að ung kona hefði látist meðan hún hjálpaði manninum sem særða.

„Hann bað mig margoft að lofa sér því að hann myndi ekki deyja."

Slökkviliðsmaðurinn Terence Adams var á King's Cross stöðinni þegar sprengja sprakk. Hann og fleiri fóru inn í göngin til að hjálpa særðu fólki út. Hann sagði gríðarlega erfitt að ná fólkinu út sem var margt hvert fast í braki lestarvagnanna. ■

## HRYÐJUVERK

**TÖSKUR TEFJA LESTIR** Tafir urðu á þjónustu Eurostar-lestanna í suðurhluta Bretlands í gær eftir að Ashford-lestarstöðinni var lokað um klukkutíma skeið í öryggisskyni. Tvær töskur fundust yfirgefnar, það vakti upp spurningar um aðra hryðjuverkaárás og voru töskurnar sprengdar í loft upp. Í þeim reyndist ekkert sem olli hættu.

**STÖNDUM ÞÉTT SAMAN** Bretar og Bandaríkjamenn standa þétt saman í baráttunni gegn hryðjuverkamönnum sagði George W. Bush Bandaríkjaforseti þegar hann hrósaði Bretum fyrir þrautseigju sína í kjölfar hryðjuverkaárásanna í Lundúnum. „Hryðjuverkamenn breyta ekki afstöðu okkar," sagði Bush í vikulegu útvarpsávarpi sínu og sagði Bandaríkin og bandamenn þeirra halda áfram baráttunni gegn hryðjuverkum.



**ÁRÁS Á LÝÐRÆÐISLEG GILDI** Þjóðir heims verða að standa saman gegn þeirri ógn sem mannkyninu stendur af hryðjuverkamönnum, sagði Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands. Hann sagði hryðjuverkamenn gera lýðræðisleg gildi og lífshætti Vesturlandabúa að skotmörkum og það mætti ekki viðgangast.







GERÐU ÞÉR MAT ÚR TÓMÖTUM

## SALAT MEÐ BÖKUÐUM TÓMÖTUM

8–10 íslenskir tómatar
1 tsk kummin*
1 tsk sykur
nýmalaður pipar
salt
6 msk ólífuolía
1 poki salatblanda, t.d. íslenskt klettasalat
parmesanostur**

Ofninn hitaður í 220°C. Tómatarnir skornir í tvennt og raðað í eldfast fat með skurðflötinn upp. Kryddaðir með kummini, sykri, pipar og salti. Settir í ofninn og bakaðir í um 45 mínútur. Þá er olíunni dreypt jafnt yfir þá og þeir bakaðir í 10–15 mínútur í viðbót. Látnir kólna þar til þeir eru volgir. Salatblandan sett í skál eða á fat, tómötunum blandað saman við og olíunni úr mótinu hellt yfir. Nokkrar flögur skornar af parmesanosti og dreift yfir.

*(cumin)
**(biti)

íslenskir tómatar

Fíton/SÍA FI012675

**www.islenskt.is - fleiri ljúffengar uppskriftir og fróðleikur**



## VEISTU SVARIÐ?

**1** *Hversu langan dóm hlaut Magnús Einarsson fyrir að myrða eiginkonu sína?*

**2** *Hvaða stórfyrirtæki hélt hluthafafund í gær?*

**3** *Hvaða erlendi söngvari heldur tónleika í Laugardalshöll 21. september næstkomandi?*

Svörin eru á bls. 34

Sendiráðspresturinn í Lundúnum:

# Fólk er bæði skelkað og hissa




**SIGURÐUR ARNARSON** Sigurður fór á sjúkrahús þangað sem særðir og látnir voru fluttir og gekk úr skugga um að Íslendingar væru ekki í þeim hópi.

**HRYÐJUVERK** Sendiráðspresturinn í Lundúnum segir að mestu samstöðuna sýni fólk með því að halda sínu striki.

Í kjölfar hryðjuverkanna á fimmtudaginn heimsótti séra Sigurður Arnarson, sendiráðsprestur í Lundúnum, sjúkrahús borgarinnar þangað sem slasaðir höfðu verið fluttir til að ganga úr skugga um að Íslendingar væru ekki þar á meðal. „Fyrst reyndum við að senda fax á spítalana en það gekk ekkert, símar voru alltaf á tali og því varð ég hreinlega að fara á spítalana til að leita af mér allan grun.“

Á fimmtudaginn kom svo til umræðu að halda bænastund í sendiráðinu en af því varð hins vegar ekki. „Það var til dæmis vegna þess að fólki hafði verið hvatt til að halda kyrru fyrir. Þar fyrir utan þá felst mesta samstaðan hreinlega í að koma hlutunum í eðlilegt horf á ný. En fólk er auðvitað bæði skelkað og hissa, það hefur kannski verið þarna á vettvangi rétt áður sprengjurnar sprungu eða misst af lestunum sem lentu í þessu. Því líður ekki vel og á eftir að vera lengi að jafna sig.“ - shg



MYND/AP

**LÁTINNA MINNST** Fjöldi fólks hefur lagt blómvendi við King's Cross lestarstöðina í virðingarskyni við hina látnu.

Minningarathöfn:

## Stutt þögn í Lundúnum

**HRYÐJUVERK** Breska stjórnin hefur farið þess á leit við Breta að þeir virði tveggja mínútna þögn til minningar um þá sem létust í hryðjuverkaárásunum á fimmtudag.

Þagnarstundin verður á hádegi á fimmtudag, þegar vika er liðin frá árásunum sem kostuðu minnst 49 einstaklinga lífið. ■

Hryðjuverkaógnin:

## Mikil áhrif á íþróttaviðburði

**HRYÐJUVERK** Árásirnar í London hafa orðið til þess að hert hefur verið á öryggisráðstöfunum víða í Bretlandi. Þetta hefur meðal annars áhrif á íþróttaviðburði þar sem búast má við að fjöldi fólks verði viðstaddur.

Stjórnendur Silverstone-kappakstursins í Formúlu 1 sem hefst í dag hafa aukið öryggisráðstafanir. Sprengjuleitarhundar eru nú látnir þefa af öllum töskum og pokum sem áhorfendur hafa með sér á viðburðinn.

Einnar mínútu þögn verður áður en kappaksturinn hefst.

Öryggisráðstafanir hafa einnig verið endurskoðaðar á Lord's-vellinum þar sem England og Ástralía eigast við í krikket í dag og á morgun. ■

Árásarmennirnir:

## Tveir eigna sér árásirnar

**HRYÐJUVERK** Abu Hafs al Masri hersveitin, sem segist tengjast al-Kaída, hefur lýst ábyrgð á hendur sér á hryðjuverkunum í Lundúnum. Sannleiksgildið hefur þó ekki fengist staðfest og leggja sérfræðingar í hryðjuverkamálum lítinn trúnað á tilkynninguna þar sem hópurinn hefur áður eignað sér verk sem hann hefur ekki staðið fyrir.

Meðal þess sem hópurinn hefur áður sagst hafa afrekað er að valda rafmagnsleysi á stóru landssvæði í Bandaríkjunum árið 2003. Rannsókn leiddi í ljós að bilun í raforkukerfinu og skipulagslaus uppbygging þess hefði verið valdur að rafmagnsleysinu.

Annar hópur, Leynileg samtök al-Kaída í Evrópu, höfðu áður lýst ábyrgð á hendur sér en það hefur heldur ekki verið sannreynt. ■

# Hvert einasta dauðsfall er mannlegur harmleikur

**Í það minnsta fimmtíu fórust í sprengjutilræðunum í Lundúnum á fimmtudaginn. Lögreglan leitar logandi ljósi að illvirkjunum sem taldir eru tilheyra al-Kaída sellu en á meðan reyna borgarbúar að koma lífi sínu í eðlilegt horf.**

**HRYÐJUVERK** Eftir því sem meira kemur í ljós um illvirkin sem unnin voru í Lundúnaborg á fimmtudagskvöldið á maður erfiðara með að skilja þau. Hvers vegna kýs nokkur maður að grípa til þess ráðs að skilja eftir tifandi tímasprengju í rútu eða lest fullri af saklausu fólki? Við þeirri spurningu er að líkindum ekki til neitt rökrétt svar.



**Á VETTVANGI**
HRYÐJUVERK Í HÖFUÐBORG BRETLANDS

**SVEINN GUÐMARSSON**
SKRIFAR FRÁ LONDON



FRÉTTABLAÐIÐ/SVEINN GUÐMARSSON

**ÖRVÆNTINGARFULL LEIT** Connie og Elena Law hafa leitað að Mihaelu Ottou síðan á fimmtudaginn. Hér ræða þær við blaðamenn.

### Ekki í okkar nafni

Á vissan hátt færa árásirnar í Lundúnum okkur nær veruleika sem fjöldi manns í fjarlægari löndum þarf að búa við daglega. Þannig er sagt frá því í dagblaðinu Guardian í dag að aldrei þessu vant hafi fólk í Bagdad hringt til Lundúna til að athuga um afdrif ættingja sinna. Greinin minnir okkur líka á að þrátt fyrir að kenna sig við tiltekin trúarbrögð þá fóru tilræðismennirnir ekki í manngreinarálit í árásum sínum, múslimar jafnt sem aðrir týndu lífi í lestunum og strætisvagninum á fimmtudaginn.

Ein sprengingin varð í lest sem var á leiðinni frá Aldgate að Liverpool Street stöðinni og fórust sjö í því tilræði. Aldgate-hverfið telst seint til fínustu hverfa Lundúnaborgar en þar býr fólk sem hefur almennt lágar tekjur og litla menntun. Orð Ken Livingstone, borgarstjóra Lundúna, á fimmtudaginn um að árásinni hafi ekki verið beint að þeim sterku eiga því vel við hér. Í hverfinu er jafnframt fjölmennt múslimasamfélag, þar er stór moska og menningarmiðstöð, aðeins steinsnar frá neðanjarðarlestarstöðinni sem enn er lokuð. Ef öfgafullir múslimar voru að verki á fimmtudaginn hikuðu þeir greinilega ekki við að ráðast gegn hófsamari trúbræðrum sínum.

Í gær voru í miðstöðinni samankomnir ungir múslimar víða af landinu til að ræða sambúð ólíkra trúarhópa, ráðstefna sem hafði verið ákveðin löngu fyrir tilræðin. Tveir unglingspiltar frá Manchester, Mohammed og Walled, standa reykjandi undir húsvegg og taka blaðamanni nokkuð vel þótt þungt sé í þeim hljóðið. „Þetta er villimennska sem á ekkert skylt við trúarbrögð,“ segir Mohammed um tilræðin. „Allir múslimar fordæma þau harðlega.“ Þrátt fyrir að sumir hafi spáð því að múslimar í Bretlandi verði fyrir aðkasti í kjölfar árásanna telja þeir félagar það frekar ólíklegt. „Ég held að flestir geri sér grein fyrir því að þessar árásir voru framdar af brjálæðingum,“ segir Walled.



**LOKAÐ UM ÓÁKVEÐINN TÍMA** Aldgate lestarstöðvunum var lokað á fimmtudaginn en ekki liggur fyrir hvenær þær verða opnaðar á ný.



**UNGIR MÚSLIMAR** Mohammed Yousaf og Walled Mialy segja hryðjuverkin viðurstyggileg.

### Ástvinar leitað

Fyrir utan Konunglega sjúkrahúsið í Lundúnum aðeins lengra í burtu stendur hópur blaðamanna og bíður fregna. Lögregla tryggir að aðeins þeir sem eiga erindi á sjúkrahúsið komist inn en þangað voru margir slasaðir fluttir í kjölfar sprenginganna.

Tvær konur eru í örvæntingarfullri leit að vinkonu sinni sem ekkert hefur spurst til síðan morguninn örlagaríka. Þær óttast að hún hafi verið í lestarvagninum sem sprakk nærri Kingís Cross stöðinni en þar er enn verið að reyna að ná líkum út. Aðstæður eru afar erfiðar. Piccadilly-línan liggur mjög djúpt ofan í jörðinni og sjálf lestargöngin eru níðþröng. Aðeins 15 sentímetrar skilja að þak lestarinnar og gangaloftið.

„Ég bara vona að hún sé á lífi,“ segir Elena Law, móðir Connie Law sem hefur gengið á milli helstu sjúkrahúsa borgarinnar og leitað að bestu vinkonu sinni, Mihaelu Ottou. Mihaela er (eða var?) 47 ára gömul, ættuð frá Rúmeníu, fráskilin og vann á tannlæknastofu í Norður-Lundúnum. „Mamma hennar átti 78 ára afmæli um síðustu helgi og þá var hún svo glöð. Í gær grét hún hins vegar allan daginn,“ bætir Elena við grátklökk.

„Þegar tannlæknirinn hringdi á fimmtudagsmorguninn að spyrjast fyrir um Mihaelu vissi ég strax að eitthvað hlyti að vera að. Síðan þá hef ég varla tekið mér hvíld heldur leitað og leitað án árangurs. En engar fréttir eru líka góðar fréttir, ég hef ekki gefið upp vonina,“ segir Connie. Þær mæðgur tala hins vegar um Mihaelu í þátíð eins og hún sé þegar dáin, von þeirra virðist í besta falli veik.

Stundum hættir okkur til að líta á þá sem deyja eða slasast í slíkum árásum sem andlitslaus nöfn, jafnvel tölfræði. Að standa frammi fyrir þeim sem raunverulega syrgja færir manni hins vegar heim sanninn um að hvert einasta dauðsfall er mannlegur harmleikur. Á bak við andlitslausu nöfnin eru mæður, feður, systur, bræður, dætur, synir og vinir. Tilvera alls þessa fólks leggst í rúst þegar slíkt áfall dynur yfir – og það af manna völdum. Það er ekki síst þess vegna sem manni er ómögulegt að skilja þær hvatir sem búa að baki hryðjuverkum á borð við þau sem voru framin í Lundúnum í vikunni sem leið. ■

Hálsvegur við austurströnd Hálslóns við Kárahnjúka:

# Héraðsverk bauð lægst í veginn

**KÁRAHNJÚKAR** Tíu fyrirtæki skiluðu tilboðum í gerð malarvegs inn með austurströnd væntanlegs Hálslóns við Kárahnjúka, frá gatnamótum á Kárahnjúkavegi sunnan Sandfells að Litlu-Sauðá inn undir Brúarjökli. Vegurinn verður um 18 kílómetra langur.

Lægst bauð Héraðsverk á Egilsstöðum, tæpar 106 milljónir króna, um 46 prósent af kostnaðaráætlun sem hljóðaði upp á röskar 230 milljónir króna. Næst lægst buðu Jarðvélar ehf. sem vildu leggja veginn fyrir tæpar 115 milljónir. „Með veginum opnast aðgengi að allri austurströnd lónsins svo hægt verður að sinna eftirliti og fyrirhuguðum varnaraðgerðum gegn áfoki frá þeim hluta lónbotnsins sem verður á þurru fyrri hluta sumars,“ segir á vef Kárahnjúkavirkjunar, en hefja á framkvæmdir fyrir haustið og á þeim að ljúka á næsta ári. Landsvirkjun segir að gengið verði mjög fljótlega frá vali á verktaka sem annast á lagningu vegarins.

**- óká**




**HÁLSLÓN VIÐ KÁRAHNJÚKA** Í lagningu Hálsvegs felst að moka upp fyllingu í veginn, sem fengin er með því að mynda skurð samhliða veginum lónsmegin, byggja upp burðarlag og ganga frá malarslitlagi. Þá segir Landsvirkjun að leggja skuli stálröraræsi og ganga frá vegfláa.

Heimssýning EXPO 2005:

# Þjóðardagur Íslands í Japan

**MENNINGARMÁL** Fjölmargir íslenskir listamenn koma fram á sérstökum þjóðardegi Íslands sem efnt verður til í Chiryu í Japan 15. júlí.

Hápunktur dagskránnar er flutningur á tónverkinu Bergmál eftir Ragnhildi Gísladóttur en Sjón ljáði verkinu ljóð. Skólakór Kársness og Kammerkór Skálholts ljá verkinu rödd auk tónskáldins sjálfs. Slagverksleikur verður í höndum Sigtryggs Baldurssonar og japanans Stomu Yamash'ta.

Þórunn Björnsdóttir, stjórnandi Skólakórs Kársness, segir að fjörutíu og sex krakkar á aldrinum 12-17 ára fari utan með Skólakór Kársness og séu þeir mjög spenntir. **-jse**



FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR JÓNASSON

**ÖRN SIGURÐSSON** Örn hvetur flokkana innan R-listans til að hætta samstarfi og einbeita sér frekar að því að fjölga borgarfulltrúum.

Höfuðborgarsamtökin:

# R-listinn ætti að hætta

**BORGARMÁL** „Við hvetjum R-listann til að hætta samstarfsviðræðum nú þegar,“ segir Örn Sigurðsson, talsmaður Höfuðborgarsamtakana.

„Þessar þreifingar um uppstillingu listans eru hrein móðgun við alla kjósendur og almenna skynsemi,“ bætir hann við.

Örn segir að flokkarnir sem standa að R-listanum ættu frekar að einbeita sér að því að fjölga borgarfulltrúum en hann segir að þeir þyrftu að vera miklu fleiri en nú er, þeir eru 15 eða jafnmargir og þeir voru fyrir 97 árum þó svo að íbúafjöldi hafi fimmtánfaldast á þeim tíma.

„Þetta er hreint stjórnræði þó að okkar ágætu fulltrúar telji þetta lýðræði,“ segir Örn.

Höfuðborgarsamtökin bjóða hugsanlega fram næsta vor. „Við höfum ýmsu áorkað með okkar störfum, til dæmis er umræðan um skipulagsmál loks komin á réttan kjöl,“ segir Örn að lokum.

**- jse**

Fjárhagsaðstoð:

# Einhleypir fá mesta aðstoð

**FÉLAGSMÁL** Einhleypir karlmenn voru fjölmennastir þeirra sem þáðu fjárhagsaðstoð hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík á árinu 2004 með tilliti til fjölskyldugerðar. Þeir voru rúmlega tvöfalt fleiri en einhleypar konur. Þá vekur sérstaka athygli að einhleypir karlmenn búsettir í miðbæ Reykjavíkur voru stór hluti styrkþega. Alls þáðu 680 íbúar miðbæjarins fjárhagsaðstoð og af þeim voru yfir fjögur hundruð einhleypir karlmenn.

Þá eru langflestir þiggjendur fjárhagsaðstoðar hjá Reykjavík ungt fólk en ellilífeyrisþegar eru hverfandi fáir.

**- grs**

**ÞIGGJENDUR FJÁRHAGSAÐSTOÐAR HJÁ FÉLAGSÞJÓNUSTU REYKJAVÍKUR ÁRIÐ 2004.**

| Fjölskyldugerð | fjöldi | % |
|---|---|---|
| Einhl. karlmenn | 1.431 | 42,2 |
| Einst. foreldrar | 1.046 | 30,8 |
| Einhl. konur | 675 | 19,9 |
| Hjón með börn* | 181 | 5,3 |
| Barnlaus hjón* | 61 | 1,8 |
| **Samtals** | **3.394** | **100,0** |

| Aldur | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| 17-29 | 1.500 | 44,2 |
| 30-39 | 802 | 23,6 |
| 40-49 | 633 | 18,7 |
| 50-59 | 293 | 8,6 |
| 60 og eldri** | 166 | 4,9 |
| **Samtals** | **3.394** | **100,0** |

* eða sambýlingar

** Þar af 73 yfir 67 ára aldri







# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Kaupfélag Eyfirðinga starfar sem nokkurs konar byggðastofnun í Eyjafirði.

## KEA býður norður

Kaupfélag Eyfirðinga á Akureyri – KEA – hefur á undanförnum mánuðum tilkynnt um áhuga sinn á hverju verkefninu á fætur öðru á Eyjafjarðarsvæðinu. Nú síðast bauð KEA stofnunum og fyrirtækjum að sunnan upp á frítt húsnæði í hjarta bæjarins, eins og skýrt var frá í Fréttablaðinu í síðustu viku. Benedikt Sigurðarson er stjórnarformaður KEA og sagði hann í viðtali við blaðið að það væri yfirlýst stefna félagsins að fjölga störfum á Akureyri: „Við höfum átt viðræður við fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu um opnun starfsstöðva í húsnæðinu. Fyrirtækin eru af margvíslegum toga og hugsanlegt að KEA eignist hlut í einhverju þeirra. Eitt af þeim fyrirtækjum sem við höfum rætt við er Smáragarður og samstarf við þá kemur vel til greina.“

Rótin að þessu er góð afkoma KEA á síðasta ári, þegar fyrirtækið skilaði tæplega tveimur milljörðum króna í hagnað eftir skatta. Fyrir rúmu ári samþykkti stjórn félagsins að leggja allt að 800 milljónir króna í fjárfestinga- og stuðningsverkefni næstu fjögur árin, eða 150-200 milljónir árlega til vaxtakjarna samkvæmt byggðaáætlun sem gerð hefur verið fyrir Eyjafjörð.

*Það má segja að þarna sé KEA að taka upp þráðinn að nýju frá því sem horfið var, þegar félagið var og hét. Á fyrri blómatímanum var varla nokkuð gert í Eyjafirði og þá sérstaklega ekki á Akureyri, án þess að KEA eða samvinnuhreyfingin kæmi þar nærri og þótti sumum nóg um. Það var löngum haft að gamanmáli á Akureyri að KEA ætti allt nema Akureyrarkirkju, en reyndar lagði félagið líka drjúga fjármuni til hennar.*

Það má segja að þarna sé KEA að taka upp þráðinn að nýju frá því sem horfið var, þegar félagið var og hét. Á fyrri blómatímanum var varla nokkuð gert í Eyjafirði og þá sérstaklega ekki á Akureyri, án þess að KEA eða samvinnuhreyfingin kæmi þar nærri og þótti sumum nóg um. Það var löngum haft að gamanmáli á Akureyri að KEA ætti allt nema Akureyrarkirkju, en reyndar lagði félagið líka drjúga peninga til hennar.

Um þessar mundir leggur KEA aðaláherslu á fjárfestingar og hagnað af þeim. Félagið starfar að hluta eins og nokkurs konar byggðastofnun fyrir Eyjafjörð, á sama tíma og hin raunverulega Byggðastofnun handan Tröllaskaga er nánast í dauðateygjunum að því er virðist og grundvöllur hennar brostinn.

KEA-menn hafa lýst áhuga á margvíslegum verkefnum á undanförnum mánuðum og lagt fé í sum þeirra. Má þar nefna Vaðlaheiðargöng, veg um Stórasand og stækkun flugvallarins á Akureyri. Miklar efasemdir hafa vaknað um sum þeirra, eins og veginn yfir Stórasand, en önnur virst mun fýsilegri.

Með húsakaupunum hyggst KEA þrýsta á stjórnvöld um að flytja starfsemi opinberra stofnana norður. Í þeim efnum hafa Fiskistofa og Hafrannsóknastofnun verið nefndar. Hinsvegar virðist liggja beinna við að nýjar stofnanir eins og Neytendastofa verði á Akureyri, því reynslan hefur sýnt að það er ákaflega erfitt að flytja gamalgrónar stofnanir af höfuðborgarsvæðinu. Þá virðist einsýnt að efla þær stofnanir á Akureyri sem fyrir eru og tengjast með einum eða öðrum hætti Háskólanum á Akureyri. Þar er mikilll vaxtarbroddur og hugsanlega hægt að leysa fjárhagsvanda hans með því að tengja starfsemi hans meira stofnunum sem fyrir eru í bænum.

Framtak þeirra KEA-manna er allrar athygli vert og sýnir hvernig hægt er að breyta gamalgrónum félögum til nútímahorfs með áræði og dirfsku. ■

Stökktu til
Costa del Sol
20. júlí frá kr. 39.990
Síðustu sætin

39.990 í viku
/ 49.990 í 2 vikur
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð. Flug, gisting, skattar og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 20. júlí í 1 eða 2 vikur.

49.990 í viku
/ 59.990 í 2 vikur
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/stúdíó/íbúð. Flug, gisting, skattar og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 20. júlí í 1 eða 2 vikur.

Ótrúlegt tilboð til Costa del Sol þann 20. júlí. Njóttu lífsins á þessum vinsælasta áfangastað Íslendinga í sólinni. Þú bókar og tryggir þér síðustu sætin og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú býrð.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hryðjuverk í London

Ýmsir vilja kenna innrásunum í Afganistan og Írak um hryðjuverkin í London í vikunni. Auðvitað eru tengsl þar á milli en það er óhófleg einföldun að skýra glæpinn með þeim hætti. Í því sambandi er nærtækast að benda á að ekki hafði verið ráðist inn í þessi lönd þegar hryðjuverkaárásin var gerð á Bandaríkin 11. september 2001. Björn Bjarnason gerir þetta að umtalsefni í pistli á vefsíðu sinni í gær: „Hryðjuverkamenn hefðu að sjálfsögðu getað látið að sér kveða í London, þótt ekki hefði verið ráðist gegn Saddam. Það eru ekki nein haldbær rök í þessu samhengi fyrir yfirlýsingum á þann veg, að ofbeldi geti aðeins af sér ofbeldi og þess vegna eigi menn einfaldlega að halda að sér höndum eftir árásir eins og gerð var 11. september 2001“, segir hann.



### Sovéska ógnin

Björn rifjar í þessu samhengi upp kaldastríðsárin: „Við, sem tókum virkan þátt í umræðum um viðbrögð Vesturlanda við útþenslu sovéska kjarnorkuheraflans á tímum kalda stríðsins, vorum oft og iðulega sakaðir um að ýta undir hættuna á kjarnorkustríði. Sagt var: Ef NATO-ríkin sættu sig við sovéska yfirburði í kjarnorkuvopnabúnaði Evrópu, væri best stuðlað að friði í álfunni og veröldinni allri. Þetta var kjarninn í stefnu svonefndra friðarhreyfinga á þessum tíma og þær höfðuðu til margra. Nú er hins vegar viðurkennt, að þessar hreyfingar voru á einn eða annan hátt hluti af áróðurskerfi sovésku kommúnistastjórnarinnar. Þá er söguleg staðreynd, að sovéska einræðiskerfið stóðst ekki áraun Vesturlanda undir forystu Ronalds Reagans og hrundi eins og spilaborg, þegar snúist var gegn því með vestrænni hervæðingu.“

### Engin réttlæting

Björn segir enn fremur: „Og hvað sem líður átökum í Írak er ekkert, sem réttlætir, að ráðist sé á friðsama borgara í lestum eða strætisvögnum á leið til vinnu sinnar í London eða annars staðar. Í raun er óskiljanlegt, að svonefndir sérfræðingar láti hafa sig til þess í fjölmiðlum að ganga þeirra erinda í þágu hryðjuverkamanna, að reyna að finna einhverja afsökunarskýringu á framgöngu þeirra“.

gm@frettabladid.is

# Frelsið skreppur saman

TÍÐARANDINN
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON




Það er ánægjulegt – og stappar nærri algleymi – að vafra um stræti Lundúnaborgar; týnast í fólksmergðinni, setjast inn á litlu krárnar við Covent Garden, fá sér einn eða tvo og skoppa svo ofan í jarðlestina og taka stefnuna á Notting Hill, halda þaðan inn á Portobello og kaupa lampa, kannski gamlan rugguhest. Um kvöldið er ekki úr vegi að fá sér góðan indverskan hjá strákunum í Kota á Firth-stræti og kíkja svo inn á litlu djassbúlluna litlu neðar og slá sér á lær fram eftir nóttu.

Sumsé, dásamlegt líf.

Óhult, öruggt – og einhvern veginn sjálfgefið.

Það er óvíða í heiminum sem ferðamaður fær meiri tilfinningu fyrir heimsborg en einmitt á bökkum Thames. Gamla heimsveldið situr þar á þungum afturenda sínum og spjallar við mann eins og alvitur öldungur; niður aldanna allt í kring, sögurnar – ófarirnar og sigrarnir, skúrkarnir og hetjurnar.

Reykjavík er eins og ungabarn við hlið svona borgar. Og samt aðeins skotfæri á milli, sæmileg þrengsli í sætaröð ellefu hjá Icelandair og Heathrow heilsar tæpum þremur tímum seinna.

Gekk nýlega um borgina með átján ára syni mínum. Einir á ferð í mannmergðinni. Gaf honum utanlandsferð í afmælisgjöf; orðinn fullorðinn ... sjálfur strákurinn minn. Og þarna prófuðum við tveggja hæða strætisvagnana, skrítnu leigubílana, Lundúnaaugað og litum við hjá Big Ben – og fengum svo náttúrlega elskulega konu með marglitu burberry-regnhlífina sína til að taka mynd af okkur feðgunum framan við Buckingham-höll á úrsvölum laugardegi í Lundúnum allra tíma.

Lífið verður varla miklu betra; stoltur faðir með strák sínum ... í ómótstæðilegri heimsborg þar sem saga Vesturlanda er dregin saman í einn stóran punkt á alheimskortinu.

Þetta var í febrúar.

Nokkrum mánuðum síðar sprungu rauðu strætisvagnarnir í tætlur. Skrýtnu leigubílunum var mörgum hverjum breytt í sjúkrabíla á svipstundu. Undirheimalestarnar fylltust smám saman af nálykt. Skammt frá hótelinu sem við feðgarnir bjuggum á voru líkin klædd í svarta plastpoka ... og svo var rennt fyrir. Um fimmtíu manns fallnir, sjöhundruð særðir.

Ein púðursekúnda.

Við erum ekki lengur óhult; hvorki við feðgarnir né aðrir saklausir borgarar sem hafa unnið sér það eitt til saka að vera frjálsir menn. Og hvað getum við svo sem gert, höfum við einhver svör á reiðum höndum? Getur verið að ég eigi að hætta að sýna börnunum mínum stórborgirnar í kringum Ísland? Er það alger fífldirfska af mér að fara með alla stórfjölskylduna mína á Spánarströnd í sumar og dvelja þar í svo sem eins og þrjár vikur? Væri ein vika nærri lagi, eða á ég bara að sitja heima?

Hvaða friðarsvæði eru eftir í heiminum?

Ber að forðast fjölmennið?

Á að halda sig heima á álagstímum?

Vandinn er sá að svarið felur í sér aðra spurningu; hvar sprengja þeir næst? Ekki hvort, heldur hvar.

Hatur huglausra hryðjuverkamanna blossar í heimkeyrslunni. Brjálæðið færist alltaf nær og nær. Við eigum orðið að venjast því að á okkur sé ráðist, ef ekki í New York, þá í Madríd, ef ekki í Lundúnum, þá væntanlega í Kaupmannahöfn – næst. Og skotmörkin eru svartir menn og hvítir, múslimar og kristnir, konur og börn, gamalmenni og fatlaðir. Helst sem mest af þessu fólki – ævinlega á þeim stöðum sem það er algerlega berskjaldað. Til dæmis Tívolí ... sem hlýtur að vera kjörinn vettvangur fyrir þessa hrotta sem er jafn skítsama um eigið líf og þeim er gefið um heilsu annarra.

Man þegar ég fór í langferð um Bandaríkin réttu ári eftir hryðjuverkaárásirnar á New York og Washington. Það tók tímana tvo að mjaka farþegunum inn í flugvélabelgina á leiðinni frá Seattle til Minneapolis. Allur farangur grandskoðaður, allur kroppurinn þuklaður frá toppi til táar; jafnvel gamla konan fyrir fram mig með fjólubláa hárið var látin fara úr spariskónum sínum framan við leitarhliðið – og rétt í þann mun sem hún var búin að skrönglast í þá aftur voru henni sýndar naglaklippur sem fundust höfðu í handtösku hennar; þetta væri ólöglegt, hald yrði lagt á þessar klippur. Og líklega ætti hún að skammast sín.

*Árás trúarofstækismanna á New York eða Balí, Madríd eða Lundúnir er ekki aðeins árás á vestræn lífsgildi. Það er einföldun. Hún er miklu fremur örvæntingarfull tilraun til að skipta heiminum í tvennt; skilja á milli lokaðs heims og opins.*

Þarna fann ég hvað heimurinn var breyttur. Óvinurinn orðinn andlitslaus og nafnlaus, allt eins gömul kona, allt eins næsti maður á undan manni í röðinni. Það veit enginn lengur hvar hættan liggur. Það er terrorinn.

Það er óþægilegt til þess að vita að næst þegar ég sit við gluggaborðið mitt hjá strákunum í Kota á Firth-stræti og horfi á litríkan mannfjöldann strunsa hjá á leið sinni í hjarta Lundúna, þá gæti sprengjan allt eins sprungið. Þetta er undarleg tilfinning, undarleg ónot og undarleg varðstaða sem við höfum ekki vanist. Og eiginlega sama hvernig tandoori-kjúklinurinn smakkast eða hvort skrýtna raítan er of súr; hugurinn er kannski ekki lengur við matinn.

Þetta er mikill þjófnaður. Það er búið að ræna almenning hversdagslegri ánægju – og enda þótt mesta angistin líði hjá og rísi ekki á ný fyrr en næsti hvellur heyrist – hvar sem það nú verður – þá hefur frelsið einhvern veginn skroppið saman. Það sem einu sinni hét að vara sig á vasaþjófum er orðið eitthvað svo miklu stærra – og ófyrirséðara.

Árás trúarofstækismanna á New York eða Balí, Madríd eða Lundúnir er ekki aðeins árás á vestræn lífsgildi. Það er einföldun. Hún er miklu fremur örvæntingarfull tilraun til að skipta heiminum í tvennt; skilja á milli lokaðs heims og opins. Ótti hryðjuverkamannanna er sá að æ fleiri múslimar kjósi frelsið, upplýsinguna, lýðræðið. Ástæða er til að láta þá óttast það enn frekar. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Konur á villigötum í jafnréttismálum

**UMRÆÐAN**
FORRÆÐISMÁL OG JAFNRÉTTI

**GUÐRÚN H. FRIÐRIKSDÓTTIR**

Þegar talað er um jafnrétti á vinnumarkaðnum viljum við vera á 21. öldinni en þegar kemur að forræðismálum eða því sem snýr að börnum hverfum við 50-60 ár aftur í tímann. Eiga börn ekki rétt á jafnrétti? Er ekki kominn tími til að endurskoða þessi mál? Er ekki sameiginlegt forræði hugsun nútímans?

Um áramótin var sagt að aukin áhersla á fjölskylduna myndi ýta konunni aftur inn á heimilið. Ég spyr er fjölskyldan bara konan? Eru feður og börn ekki líka fjölskylda? Ef karlmaðurinn fengi að sjá meira um börnin sín, hvort sem hann er giftur eða ekki þá hafa konur meiri tíma til að sinna öðrum málum.

Í Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands stendur í sjöunda kafla, 65. grein: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“ Af hverju er þá konunni dæmt forræðið yfir börnunum ef maðurinn er talinn jafn hæfur? Er það ekki mannréttindabrot? Jú, og ráðið við þeim er að lögfesta sameiginlegt forræði sem meginreglu við skilnað – eins og forsjárnefnd og dómsmálaráðherra hafa núna boðað.

Að svipta foreldri forræði yfir barni sínu er hreint mannréttindabrot – hvort sem um er að ræða móður eða föður. Það stendur ekkert um það í Barnalögunum að það megi svipta foreldri forræði. Barnalögin segja hins vegar að barnið skuli eiga heimili hjá móður eða föður. Því tel ég það bæði mannréttindabrot og lögbrot þegar annað foreldrið er svipt forræði yfir barni sínu.

Þurfum við ekki að hlúa meira að börnunum og virða rétt þeirra? Móðir meinar barni sínu að hitta jafn hæfan föður þess og fær sér jafnvel lögfræðing til að fyrirbyggja að hann geti séð barnið nema á einhverjum pabbahelgum – og jafnvel ekki einu sinni það. Það er meira en lítið að hjá svona móður. Samt er þetta látið viðgangast í þjóðfélaginu núna á 21. öldinni. Er ekki kominn tími til að svona móðir fái svipaðan dóm og faðir sem misnotar börnin sín? Umgengnistálmun er ekkert annað en barnamisnotkun.

Konur, vitið þið að ef þið farið einar með forræðið þá berið þið einar ábyrgð ef börnin ykkar valda tjóni, hvort sem þau eru hjá ykkur eða föður þeirra? Föðurnum ber heldur engin skylda til að taka þátt í kostnaði eins og tómstundagjöldum eða fatakaupum. Og í raun ættuð þið að senda allt sem börnin þurfa með þeim þegar þau fara í dvöl hjá föður sínum.

Væri ekki betra að báðir foreldrarnir væru með forræðið? Eru það ekki jafnréttindi? Eða viljið þið kannski ekki jafnrétti í raun? Eru meðlögin kannski meira virði en framtíð barnanna? Finnst ykkur réttlátt að feður borgi meðlag þá daga sem þeir hafa börnin? Sumir feður fá að hafa börnin nánast eins marga daga í mánuði og móðirin, en þurfa samt að borga meðlög án þess að fá nokkra skýringu á því ef spurt er.

Það er skrítið að faðirinn fái ekki að taka þátt í að ala barnið sitt upp. Nái hann sér í konu með barn er hann hins vegar talinn hæfari til að ala upp hennar barn en sitt eigið. Ef konan fellur frá þá fær faðirinn að hafa börnin og þá styðja öll yfirvöld hann. Er ekki eitthvað bogið við þetta? Konur tala um að þær fái engu að ráða í samfélaginu, en stjórnum við ekki ansi miklu í rauninni? Alla bernskuna fyrirhittir barnið aðeins konur við völd; það er fyrst á unglingsárunum sem það hittir karlmann og þá er það því miður lögregluna.

*Væri ekki betra að báðir foreldrarnir væru með forræðið? Eru það ekki jafnréttindi? Eða viljið þið kannski ekki jafnrétti í raun? Eru meðlögin kannski meira virði en framtíð barnanna?*

Ég vil skora á yfirvöld að láta kanna hvort eins foreldris forsjá feli ekki í sér mannréttindabrot gagnvart börnum og forræðislausum foreldrum. Börnin okkar eru framtíð þjóðarinnar. Er þetta kannski ekki nóu gott mál til þess að taka upp á þingi? Ekki eins gott og málið með Bobby Fischer sem tók bara einn dag? Við erum þó að tala um börnin okkar, framtíð þjóðarinnar, eru þau ekki nógu krassandi fyrir þingið?

Afar og ömmur og aðrir sem bera hag barna fyrir brjósti – látið í ykkur heyra. Mæður sem virða rétt barna sinna við skilnað – stöndum saman og látum í okkur heyra. Virðum rétt barna á Íslandi. ■

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá **hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.**

&

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Landsteinar Strengur

*Landsteinar Strengur fær verðlaun frá Microsoft:*

*“Global ISV Partner of the Year”*

*Minneapolis, Minnesota, USA – 08. júlí 2005*

Landsteinar Strengur fékk hin eftirsóttu verðlaun “Global ISV Partner of the Year” frá Microsoft Business Solution í gærkveldi. Verðlaunin voru veitt á árlegri ráðstefnu Microsoft með samstarfsaðilum sínum hvaðanæva að úr heiminum.

Samstarfsaðili ársins á sviði viðskiptahugbúnaðar

Þessi verðlaun eru veitt þeim samstarfsaðila MBS Microsoft á sviði viðskiptahugbúnaðar sem skarað hefur fram úr á árinu.
Landsteinar Strengur hefur skapað sér sess sem eitt fremsta fyrirtæki í heiminum á sviði verslunarlausna. Með beitingu nýjustu tækni og nánu samstarfi við MBS Microsoft hefur tekist að byggja upp öflugt samstarf þessara aðila um allan heim.
Landsteinum Streng hefur tekist að þróa vöru sem stuðlað hefur að góðum árangri MBS Microsoft ásamt því að fyrirtækið hefur byggt upp áreiðanleg vinnubrögð, tækniþekkingu og gott samstarf við viðskiptavini fyrirtækisins.

Samkvæmt Sveini Áka Lúðvíkssyni sölustjóra samstarfsnets Landsteina Strengs þá voru þessi verðlaun veitt fyrir framúrskarandi verslunarlausnir og aðþjóðlegt sölunet fyrirtækisins sem telur nú um 50 aðila í 44 löndum.

“Þessi verðlaun eru kærkomin viðurkenning á þrotlausu þróunarstarfi fyrirtækisins undanfarin 5 ár . Okkur hefur einnig tekist að byggja upp öflugt, alþjóðlegt net samstarfsaðila sem eiga sinn þátt í þessum árangri okkar. Lausnir okkar eru nú þegar í notkun í yfir 7.000 verslunum með um 17.000 afgreiðslustöðvar“ segir Sigurjón Pétursson, framkvæmdastjóri Landsteina Strengs.

Landsteinar Strengur er forystufyrirtæki í upplýsingatækni sem byggir starfsemi sína á skörpum skilningi á starfsemi og rekstrarumhverfi fyrirtækja. Í krafti þeirrar þekkingar býður Landsteinar Strengur fyrirtækjum heildarlausnir á sviði fjármála, þjónustu, heildsölu, dreifingar og verslunar. Fyrirtækið hefur mikla reynslu á markaðinum og á rætur að rekja allt til ársins 1982 er Strengur var stofnaður. Áhersla er lögð á ráðgjöf, hugbúnaðargerð og innleiðingu hugbúnaðar ásamt öflugri þjónustu og eru vörur fyrirtækisins í notkun hjá mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins.

Landsteinar Strengur er stærsti söluaðili á viðskiptahugbúnaði frá Microsoft Business Solutions á Íslandi og einn stærsti þróunar- og söluaðili á Microsoft sérlausnum á erlendum mörkuðum. Reynslan sýnir að viðskiptalausnirnar Microsoft Navision, Microsoft Axapta og Microsoft XAL henta íslenskum fyrirtækjum afar vel, enda er Landsteinar Strengur í forystu á heimsvísu um þróun dreifingar- og verslunarlausna.

Landsteinar Strengur er hluti af Kögunarsamsteypunni. Kögun hf. er almenningshlutafélag, stofnað árið 1988. Félagið sinnir hugbúnaðargerð fyrir kröfuharða viðskiptavini á Íslandi og annars staðar. Meðal verkefna er samþætting upplýsingakerfa, ráðgjöf á sviði hugbúnaðargerðar, afgreiðslukerfi fyrir banka, stjórnkerfi fyrir orkuver, ráðgjöf á sviði öryggismála og fleira.

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

# Elsta bílaleiga í Evrópu

**Josef Krenn er framkvæmdastjóri á sérleyfissviði þýsku bílaleigunnar Sixt. Krenn var hér á landi á dögunum og aðstoðaði Nord-Rent liða við að setja upp starfsemi sína. Krenn spjallaði við Jón Skaftason um starfsemi Sixt, rekstur þess og sögu.**

Sixt var fyrsta bílaleigan í Evrópu, stofnuð í Þýskalandi árið 1912 af Martin Sixt. Fyrirtækið leigði í upphafi út sjö bifreiðar og voru viðskiptavinirnir einkum breskir aðalsmenn á ferðalagi um Evrópu og nýríkir Bandaríkjamenn.

Fyrri heimsstyrjöldin setti fljótlega strik í reikninginn og voru allir bílarnir gerðir upptækir og notaðir við stríðsrekstur Þjóðverja. Martin Sixt hélt þó ótrauður áfram eftir stríð og reisti nýjar höfuðstöðvar fyrirtækisins í München. Sixt hefur haft aðsetur þar alla tíð síðan.

Þegar síðari heimsstyrjöldin skall svo á munaði aftur litlu að reksturinn lognaðist út af. Herinn gerði bílaflotann upptækan en Hans Sixt, frændi Martins, náði þó að fela einn bíla fyrirtækisins í hlöðu þar til stríðinu lauk. Bílafloti Sixt samanstóð því af einum sjö sæta Mercedes Benz við styrjaldarlok.

### Vex og dafnar eftir stríð

Eftir stríð vænkaðist hagur fyrirtækisins og hefur það vaxið og dafnað síðan. Krenn segir síðustu ár hafa verið fyrirtækinu góð: „Árið 1986 skráðum við okkur í Þýsku kauphöllina og 1994 var Sixt orðin stærsta bílaleiga í Þýskalandi, með um 26 prósenta markaðshlutdeild. Í dag erum við með fjórðu stærstu markaðshlutdeildina í Evrópu og erum með 3.500 skrifstofur í 76 löndum.“

Orðið bílaleiga nær raunar ekki utan um þá starfsemi sem er á vegum Sixt. Fyrirtækið rekur einnig rekstrarleigu á bifreiðum, limúsínuþjónustu og jafnvel bílasölur.

Árið 1996 hófst útrás Sixt. Byrjað var á því að opna skrifstofur í þeim löndum sem eiga landamæri að Þýskalandi og hefur Sixt hefur nú höfuðstöðvar í sjö löndum en útdeilir sérleyfum í hinum löndunum 69. „Markmið okkar er að vera með starfsemi í hundrað löndum árið 2008,“ segir Krenn og bætir við: „Við störfum í öllum heimshornum. Nú hyggjumst við opna eigin skrifstofu í Indlandi og þá eru viðræður komnar langt á veg í Kína.“

Á fyrsta ársfjórðungi þessa árs hagnaðist Sixt um rúmar 560 milljónir króna og óx um fjórtán prósent frá fjórðungnum á undan.

### Samstarf

Sixt leggur mikla áherslu á samstarf við hin ýmsu fyrirtæki. Til að mynda starfar Sixt með 45 flugfélögum víðs vegar að auk fjölda hótela. Krenn segir Sixt skilgreina sig sem mobility-service, eða heildstæða ferðalausn: „Kúnninn getur flogið með Lufthansa, gist á Hilton hóteli og tekið bíl frá okkur og bókað allt á sama staðnum. Það mætti segja að samstarf okkar við fyrirtækin fælist í því að koma kúnnanum frá a til b á sem þægilegastan máta.“

Krenn segir þetta samstarf koma öllum aðilum vel: „Við deilum gjarnan kostnaði við markaðssetningu og auglýsingar auk þess sem við vinnum saman á fleiri sviðum. Sixt og mörg flugfélaganna eru til að mynda með sameiginlegt punktakerfi.“

Hann segir suma samninganna óvenjulega: „Við gerðum nýlega samning við flugfélagið Arab Emirates. Í samningnum fólst að öllum farþegum á fyrsta farrými yrði ekið til og frá flugvöllum í glæsibifreiðum frá okkur.“

Sixt leggur mikið upp úr því að sem minnst fyrirhöfn sé fyrir þreytta ferðalanga að nálgast bíl frá fyrirtækinu: „Við erum með sérstök kort fyrir viðskiptavini okkar sem hafa að geyma allar nauðsynlegar upplýsingar. Fólk framvísar kortinu og er komið undir stýri mínútu seinna. Einnig er hægt að renna kortinu í gegnum sérstaka sjálfsala og fá lykil að bíl um hæl.“

### Ísland góð viðbót

Um 25 prósent allra pantana hjá Sixt koma í gegnum vefsíðu fyrirtækisins. Krenn telur að þetta feli í sér mikla möguleika fyrir nýja Íslandsútibúið: „Nú munum við bjóða upp á Ísland sem valkost á vefsíðu okkar. Ég er fullviss um að viðskiptavinir okkar muni koma til með verða ánægðir með þá viðbót.“

Krenn segist vera ánægður með nýjasta Sixt-útibúið: „Okkur þykir bara leitt að hafa ekki komið fyrr.“ Hann er handviss um að móttökurnar verði góðar: „Íslendingar eru mikil ferðaþjóð. Fólk mun geta bókað bíl á Íslandi í gegnum vefsíðu Sixt, auk þess sem þetta eykur vonandi viðskipti okkar í öðrum löndum. Ef Íslendingar verða ánægðir með þjónustuna heima hjá sér munu þeir skipta við Sixt á ferðum sínum.“ ■




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**JOSEF KRENN FRAMKVÆMDASTJÓRI HJÁ SIXT** Krenn segist ánægður með nýjasta útibú Sixt og telur að Íslendingar muni taka vörumerkinu opnum örmum: „Okkur þykir bara leitt að hafa ekki komið hingað fyrr.“

VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com

Hrein Fjárfesting ehf

REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

# Ætla að verða stórir

**Bjarni Jónsson er stjórnarmaður í Nord-Rent. Hann segir Sixt vörumerkið þekkt um allan heim og að í því séu fólgin mikil verðmæti.**

Eigendur Nord-Rent eru Júlíus Vífill Ingvarsson lögmaður sem er stjórnarformaður, Bjarni Jónsson dósent í viðskiptafræði og Jón Tryggvi Kristjánsson endurskoðandi, sem báðir sitja í stjórn.

Bjarni Jónsson segir þá félaga ætla að fara rólega af stað: „Við ætlum í fyrstu að leggja áherslu á þjónustu við fyrirtæki og Íslendinga sem fara til útlanda. Við stefnum að því að bjóða fyrirtækjum betri kjör á bifreiðum en áður hafa þekkst.“

Höfuðstöðvar Sixt á Íslandi verða í húsakynnum Master í Glæsibæ og verður opnað útibú í Keflavík innan skamms. Fyrirtækið mun verða með tíu til fimmtán bíla á sínum snærum til að byrja með og bæta svo við þegar á líður: „Við verðum með bíla í öllum flokkum, t.d. Benza eins og Sixt er einmitt frægt fyrir. Fólk getur tekið lúxusbifreiðar á leigu óski það þess.“

Sumartíminn er eins og gefur að skilja mesti annatíminn fyrir bílaleigur enda flykkjast þá erlendir ferðamenn til landsins. Nord-Rent menn hyggjast nota veturinn til undirbúnings og demba sér í þann slag á fullu er vora tekur: „Við stefnum að því að verða hlutfallslega jafnstórir og Sixt eru úti. Við ætlum að verða með þeim stærstu hér á landi.“

Bjarni er ekki í nokkrum vafa um að Sixt-vörumerkið muni reynast verðmætt er fram líða stundir: „Sérleyfissamningurinn felur í sér að þeir munu veita okkur alla þá ráðgjöf sem við þörfnumst, hvort sem það snýr að markaðsstarfi eða tæknimálum.“ Hann segir mikla möguleika felast í því að vera komnir inn í bókunarkerfi Sixt á netinu: „Þeir munu líklega útvega mesti viðskiptin, í það minnsta fyrst um sinn. Með þessu er verið að bjóða Sixt á Íslandi sem valkost á alþjóðlegum markaði.“

- jsk




FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐ

**JÓN TRYGGVI JÓNSSON, BJARNI JÓNSSON, JOSEF RENN OG JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON** Sumarið er mesti annatíminn fyrir bílaleigur enda flykkjast þá erlendir ferðamenn til landsins. Bjarni segir að næsti vetur verði notaður til undirbúnings en slagurinn svo tekinn að fullu næsta vor.

# Ótrúlegt úrval

## af sófasettum á vaxtalausu tilboði

**Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri**

**Nýtt** í Hagkaupum

NICOLETTI®™



**Ítölsk hágæða húsgögn úr vönduðu leðri. Ítölsk hönnun, gæði og handbragð eru tryggð af NICOLETTI fremsta framleiðanda í Evrópu af leðursófum.**

14 tegundir í boði af NICOLETTI leðursófasettum, þú velur tegund og lit.

**NICOLETTI sófasettin fást með 36 mánaða vaxtalausum raðgreiðslum.**



**Bycast sófasett** 3+1+1 Roma



**Leðursófasett** 3+1+1 Nice



**Leðursófasett** 3+1+1 Verona



**Leðursófasett** 3+1+1 3004



**Leðursófasett** 3+1+1 3002



**Leðursófasett** 3+1+1 3171



**Ítalskt leðursófasett** 3+1+1



**Leðursófasett** 3+1+1 3058



**Stóll** 1, 2 eða 3 sæta 601



**Leðursófasett** 3+1+1 Dany

**Vaxtalaus verðsprengja!** á mán. í 12 mánuði **8.325** kr **Verð nú 99.900,-** **Verð áður 149.900,-**



**Hornsófi** tau áklæði Paris

**Vaxtalaus verðsprengja!** á mán. í 12 mánuði **8.325** kr **Verð nú 99.900,-** **Verð áður 149.900,-**



**Hornsófi** leður áklæði

Gildir til 17. júlí eða á meðan birgðir endast.

***Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.**

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*



# Metsala til Kanarí, fyrstu flugin uppseld

**100% verðtrygging Heimsferða**

Ef þér býðst ódýrari gisting (skv. verðskrá) hjá öðrum, m.v. sama gististað á sama tímabili, þá endurgreiðum við þér mismuninn.

# Kanarí

**Allt innifalið**

Heimsferðir bjóða nú ótrúleg tilboð á Kanarí þar sem þú ert með allt innifalið í viku frá aðeins

**53.290 kr.**

Kanaríeyjar eru langvinsælasti áfangastaður Evrópubúa yfir vetrarmánuðina, enda þar að finna eitt besta loftslag í heimi, milt og gott veður með jöfnu hitastigi árið um kring. Á Gran Canaria eyjunni er að jafnaði 20-25 stiga hiti á daginn.

## Frábært verð!

**Kr. 28.295 ***

Flug, skattar og gisting, m.v. hjón með 2 börn á Paraiso Maspalomas. Vikuferð 3. eða 10. janúar. Netverð.

**Kr. 48.890 – hálft fæði ***

Flug, skattar og gisting, m.v. 2 í herbergi á Eugenia Victoria **** – hálft fæði. Vikuferð 3. eða 10. janúar. Netverð.

**Kr. 53.290 – allt innifalið ***

Flug, skattar og gisting, m.v. 2 í smáhýsi á Maspalomas Oasis Club ***+ – allt innifalið. Vikuferð 3. eða 10. janúar. Netverð.

* 15.000 kr. afsláttur af fyrstu 1.000 sætunum eða meðan íbúðir eru lausar. Aðeins takmarkaður fjöldi sæta í hverju flugi á afslætti. Gildir ekki um flugsæti eingöngu. M.v. bókun og staðfestingu fyrir 1. ágúst 2005 eða meðan afsláttarsæti eru laus.

www.heimsferdir.is

## Enska ströndin og Maspalomas

Á suðurhluta Gran Canaria eru vinsælustu staðir eyjarinnar, Enska ströndin og Maspalomas, en þar eru Heimsferðir með sína gististaði. Þar eru aðstæður fyrir ferðamenn frábærar og undanfarin ár hefur átt sér stað bylting í byggingu nýrra og glæsilegra hótela.

Enska ströndin er stærsti strandstaður Kanaríeyja. Þar er upplifun að fylgjast með iðandi mannlífinu. Götulistamenn, tónlistarmenn, sölufólk, sólbrúnir ferðamenn og þéttsetin útikaffihúsin. Á daginn er strandlífið í algleymingi en þegar sólin sest niður fyrir hina gylltu sandhóla Maspalomas, þá sýnir það sig að veitinga- og skemmtistaðir Ensku strandarinnar eru nánast jafnmargir stjörnunum á hinum Kanaríska nátthimni.

Skammt frá Ensku ströndinni, við hinar þekktu Maspalomassandöldur, er Maspalomas. Þar er einstök upplifun að ganga í gylltum sandbylgjunum á frábærri ströndinni. Maspalomas er rólegri en Enska ströndin og allar aðstæður fyrir fjölskyldur eru frábærar.

Á Ensku ströndinni og á Maspalomas er nóg að gera í fríinu, fjöldi góðra veitingastaða er á hverju horni, skemmtistaðir, áhugaverðar kynnisferðir, góðir golfvellir, frábær íþróttaaðstaða og síðast en ekki síst þá er ótrúlega ódýrt að lifa í mat og drykk. Það er engin furða að þangað fari þúsundir ferðamanna í hverri viku til að njóta þessa og flýja veturinn heima.

### Þjónustan í öndvegi

**Okkur er kappsmál að veita sem besta þjónustu á Kanarí til að þú megir njóta dvalarinnar. Allir fararstjórar Heimsferða hafa áralanga reynslu og sérþekkingu á Kanaríeyjum.**

- Íslensk fararstjórn
- Úrval kynnisferða
- Viðtalstímar á gististöðum
- Akstur til og frá flugvelli, valkvætt
- Beint leiguflug án millilendingar
- Upplýsingabók Heimsferða með hagnýtum upplýsingum
- Skemmti- og íþróttadagskrá í sérvöldum ferðum
- Símavakt allan sólarhringinn
- Örugg læknaþjónusta

**Bókaðu strax og tryggðu þér bestu gististaðina og lægsta verðið.**

### Frábær flugtími

Flug á þriðjudögum til Kanaríeyja:

*Brottför frá Keflavík kl. 15.50*
*Lending í Las Palmas kl. 21.40*
*Brottför frá Las Palmas kl. 09.00*
*Lending í Keflavík kl. 14.50*

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík •

# Stórlækkum verðið til Kanarí!

## 15.000 kr. afsláttur

## fyrstu 1.000 sætin



## Suite Hotel Maspalomas Dunas

Einstaklega glæsilegt fjögurra stjörnu svítuhótel. Vel staðsett í hjarta Maspalomas, stutt frá Faro II og í göngufæri við ströndina (800 m.) sem er ein sú besta á Gran Canaria. Öll herbergin eru smekklega innréttaðar og rúmgóðar júníorsvítur, með sérstöku svefnherbergi og sér stofu. Allar svíturnar eru með baði, sjónvarpi, síma, loftkælingu, minibar, herbergisþjónustu og hárþurrku. Hótelið er á einni hæð og því er gengið beint út í stóran og glæsilegan garðinn úr hverju herbergi. Fyrir framan hvert herbergi er verönd. Dunas Suites Maspalomas býður sannarlega glæsilega aðstöðu og frábæra þjónustu fyrir farþega Heimsferða. Þetta er gististaður fyrir þá sem vilja búa vel og gera kröfur um góðan aðbúnað og fallegt umhverfi.

**Val er um að hafa hálft fæði eða allt innifalið í verði.**

### Glæsileg aðstaða

- Fjögurra hektara hótelgarður
- Tvær upphitaðar sundlaugar
- Tvær barnalaugar
- Barnaleiksvæði
- Barnaklúbbur
- Líkamsræktaraðstaða
- Sauna og nuddaðstaða
- Diskótek með lifandi tónlist á kvöldin
- Skemmtidagskrá
- Veitingastaður
- Bar
- Sundlaugarbar
- Internetaðstaða
- Verslanir
- Barnagæsla
- Tveir tennisvellir
- Borðtennis
- 300 metrar á golfvöll

... og fleira og fleira





### Kr. 57.590
**með hálfu fæði ***

**Flug, skattar og gisting, m.v. 2 í svítu á Suite Hotel Maspalomas Dunas **** – með hálfu fæði.**

**Vikuferð 3. eða 10. janúar. Netverð.**

### Kr. 68.690
**– allt innifalið ***

**Flug, skattar og gisting, m.v. 2 í svítu á Suite Hotel Maspalomas Dunas **** – allt innifalið.**

**Vikuferð 3. eða 10. janúar. Netverð.**

* 15.000 kr. afsláttur af fyrstu 1.000 sætunum eða meðan íbúðir eru lausar. Aðeins takmarkaður fjöldi sæta í hverju flugi á afslætti. Gildir ekki um flugsæti eingöngu. M.v. bókun og staðfestingu fyrir 1. ágúst 2005 eða meðan afsláttarsæti eru laus.

**Frá 48.890 kr. með hálfu fæði. Glæsihótel.**







## Eugenia Victoria – Enska ströndin

Fallegt hótel í hjarta Ensku strandarinnar. Valkostur fyrir þá sem vilja búa vel, en á hreint ótrúlega hagstæðu verði. Öll herbergi með loftkælingu, sjónvarpi, síma, minibar, baðherbergi og svölum. **Hálft fæði innifalið** og á hótelinu eru veitingastaðir, barir, fallegt sundlaugasvæði og glæsilegt spa, sem er innifalið í verði fyrir hótelgesti. **Frábær kostur á ótrúlegu verði.**

## Heimsferðir bjóða vinsælustu gististaðina á Kanarí

**Roque Nublo** *Enska ströndin* • **Los Tilos** *Enska ströndin* • **Aguacates** *Enska ströndin*
**Vista Golf** *Maspalomas* • **Valentin Marieta** *Enska ströndin* • **Hotel Neptuno** *Enska ströndin*
**Dorotea** *Enska ströndin* • **Jardin Atlantico** *Enska ströndin* • **Costa Meloneras** *Playa Meloneras*
**Vital Suites - Spa hótel** *Enska ströndin*

Heimsferðir

Sími 595 1000 • Hafnarfirði Sími 510 9500 • Akureyri Sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

**CARL ORFF (1895-1982)**
fæddist þennan dag.



*„Segðu mér og ég gleymi. Sýndu mér og ég man. Gerðu mig að þátttakanda og þá skil ég.“*

*Carl Orff var þýskt tónskáld. Hann er þekktastur fyrir verk sitt Carmina Burana.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Rainbow Warrior sprengdur*



**10. JÚLÍ 1985**

Þennan dag árið 1985 var flaggskip samtaka Grænfriðunga, Rainbow Warrior, sprengt og sökkt í Auckland-höfn á Nýja-Sjálandi. Ellefu voru í áhöfn skipsins og lést einn þeirra, portúgalski ljósmyndarinn Fernando Pereiro. Að kvöldi dags sprengdu tvær sprengjur skut skipsins með einnar mínútu millibili með þeim afleiðingum að skipið sökk á fjórum mínútum.

Skipið kom til hafnar í Auckland nokkrum dögum fyrr og átti að leiða fjölda skipa til Mururoa-eyju í Kyrrahafi til að mótmæla kjarnorkutilraunum Frakka.

Tveggja metra gat fannst á skrokk skipsins við rannsókn á málinu og leifar af sprengiefni sem ekki var hægt að fá á Nýja-Sjálandi. Tveir voru ákærðir fyrir ódæðið, báðir franskir leyniþjónusmenn. Frönsk yfirvöld reyndu að neita aðild sinni að málinu en í lok september sagði varnarmálaráðherra Frakka af sér og Frakkar borguðu Nýja-Sjálandi skaðabætur.

Rainbow Warrior var hífður upp og sökkt á ný lengra frá landi. Nýtt skip með sama nafni var sjósett árið 1987.

## MERKISATBURÐIR

**1815** Hið íslenska biblíufélag er stofnað í Reykjavík, elsta félagið hér á landi.
**1937** Danskur maður fellur um sjötíu metra niður í grjóturð austan við Dettifoss. Hann lifði fallið af.
**1943** Bandarískar, kanadískar og breskar hersveitir hertaka Sikiley.
**1970** Ráðherrabústaðurinn á Þingvöllum brennur. Bjarni Benediktsson forsætisráðherra, Sigríður Björnsdóttir kona hans og dóttursonur þeirra fórust í brunanum.
**1980** Viðskipti með greiðslukort frá Eurocard hefjast hér á landi. Fyrstu Visa-kortin eru gefin út ári síðar.
**1992** Dómi yfir skipstjóra Exxon Valdes er hnekkt en hann hafði verið fundinn sekur um að valda stórfelldu olíuslysi árið1989.





LJÓSMYNDASTOFA HAFNARFIRÐI

## BRÚÐKAUP

Gefin voru saman 24. apríl sl. í Fríkirkjunni í Hafnarfirði af séra Einari Eyjólfssyni þau Magnea Lára Elínardóttir og Kristinn Bergmann Eggertsson.

## BRÚÐKAUP

Gefin voru saman þann 25. júní í Lágafellskirkju, af séra Vigfúsi Þór Árnasyni, þau Ingibjörg Steina Frostadóttir og Gunnar Reynisson. Þau eru til heimilis í Reykjavík.

## ANDLÁT

**Kristmundur Jóhannesson**, bóndi að Giljalandi, andaðist aðfaranótt fimmtudagsins 6. júlí.

**Kristján Gíslason**, frá Neskaupstað, síðast til heimilis á Seyðisfirði, andaðist sunnudaginn 26. júní.

**Skúli Garðarsson** Þverbraut 1, Blönduósi, andaðist miðvikudaginn 22. júní.

**Lilja Eiðsdóttir**, áður til heimilis að Staðarbakka 28, Reykjavík, lést fimmtudaginn 30. júní.

## AFMÆLI



**Orri Vigfússon** er 63 ára.



**Helgi Björnsson**, tónlistarmaður og leikari, er 47 ára.



**Stefán Karl Stefánsson** leikari er 30 ára.



**FRAMKVÆMDASTJÓRINN** Jón Pálsson er framkvæmdastjóri elsta starfandi félags á Íslandi. Hann heldur hér á handriti af Nýja testamentinu frá byrjun 14. aldar sem páfinn gaf biskupi Íslands að gjöf í heimsókn sinni árið 1989.

HIÐ ÍSLENSKA BIBLÍUFÉLAG, ELSTA STARFANDI FÉLAG LANDSINS, ER 190 ÁRA Í DAG:

# Biblían er alls staðar

Í upphafi nítjándu aldar var erfitt fyrir presta og flesta aðra að verða sér úti um Biblíu í Evrópu því þær voru fáar og dýrar. Það varð til þess að nokkrir menn tóku sig saman árið 1804 og stofnuðu Breska og erlenda Biblíufélagið. Markmið þess var að prenta Biblíur til að allir gætu eignast þær. Þá var einnig ákveðið að stuðla að útbreiðslu Biblíunnar um allan heim. Sendir voru fulltrúar til margra landa og Skotinn Ebenezer Henderson var hvatamaður að því að prentaðar voru íslenskar Biblíur árið 1813 sem hann kom með til landsins árið 1815 og dreifði. Jafnframt hvatti hann til stofnunar Biblíufélags.

Þannig lýsir Jón Pálsson, framkvæmdastjóri Hins íslenska Biblíufélags sem er elsta starfandi félag á Íslandi, stofnun þess fyrir 190 árum. Hann segir að á þeim tíma hafi staða kirkjunnar ekki verið glæsileg. Biskupsstólar hafi verið í lamasessi og biskup Íslands hokraði í litlu húsi í Aðalstræti meðan kirkjan í Skálholti var notuð sem geymsluskúr.

Með tilkomu Biblíufélagsins gat almenningur loks eignast Biblíu en eitt meginmarkmið félagsins er að til séu Biblíur á viðráðanlegu verði.

„Markmið félagsins í lögum er að stuðla að útgáfu, dreifingu og notkun Biblíu en segja má að þátturinn sem snýr að notkun sé að verða veigameiri í starfsemi biblíufélagsins,“ segir Jón og bætir við að einnig hafi starfsemi félagsins vegna fjáröflunar aukist verulega. Safnað sé fé fyrir fátækari biblíufélög til að mynda í Afríku. Til dæmis standi til að þýða Biblíuna yfir á tvær mállýskur í Eþíópíu en einnig er safnað fyrir ýmsum öðrum málefnum. „Með þessu erum við að endurgjalda þá aðstoð sem Íslendingar fengu við útgáfu Biblíunnar þegar Breska og erlenda félagið studdi okkur á þeim tíma sem þjóðin var fátækari en núna,“ segir Jón en stuðningur Breska og erlenda félagsins stóð allt fram á tuttugustu öld.

Undanfarin tíu ár hefur hæst borið í starfsemi félagsins ný þýðing á Biblíunni sem gefa á út síðla á næsta ári. „Biblían er að meginhluta til hundrað ára gömul þýðing,“ segir Jón en guðspjöllin og postulasagan kom út í nýrri þýðingu árið 1981. Jón telur nýja þýðingu tímabæra vegna breytinga á íslensku máli og setningaskipan.

Hann bendir einnig á að þessi þýðing verði sú sjötta í röðinni. „Sumum finnst eins og sú Biblía sem þeir eru með sé bara Biblían, en fyrsta þýðingin kom 1584 þannig að hún er þýdd mjög snemma yfir á íslensku miðað við heimsmælikvarða,“ segir Jón og tekur dæmi um hvernig málvenja hafi breyst frá árinu 1912.

„Í Esíkel spámanni stendur, „Guð segir við manninn að rísa á fætur og taka ferðatæki sín,“ en ferðatæki á þeim tíma var allt sem þú þurftir til ferðalaga en í dag er það ferðadiskó,“ segir Jón hlæjandi og er nokkuð sannfærður um að Biblían verði meira lesin í nýrri þýðingu. „Biblían er alls staðar, í bókmenntum, myndlist, tónlist og kvikmyndum,“ segir Jón og telur að fólk beri yfirleitt mikla virðingu fyrir Biblíunni enda sé hún ein af grunnstólpum samfélagsins. ■




†

*Elskulegur sonur minn, bróðir, mágur og frændi,*

**Sveinn Ómar Elíasson**

Miðtúni 48, Reykjavík,

sem lést á heimili sínu laugardaginn 2. júlí, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju mánudaginn 11. júlí kl. 13.

**Alda Ármanna Sveinsdóttir**
**Jón Júlíus Elíasson** **Kristín Þóra Harðardóttir**
**Margrét Elíasdóttir** **Ólafur Sigrtryggsson**
**Sigurður Þór Elíasson**
**Alda, Hörður, Arnaldur Ingi, Elías Kári, Andri Bergmann og Sigtryggur Sveinn.**



†

*Hjartanlegar þakkir fyrir samúð og vinarhug við andlát og jarðarför hjartkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Ólínu Jörundsdóttur**

Eikjuvogi 17, Reykjavík.

**Svavar Kristjónsson**
**Guðný Svavarsdóttir** **Sveinn Óttar Gunnarsson**
**Jörundur Svavarsson** **Sif Matthíasdóttir**
**Erla Kristín Svavarsdóttir** **Smári Ragnarsson**
**Lilja Steinunn Svavarsdóttir** **Bjarni Jónsson**
**Auður Ólína Svavarsdóttir**
**og barnabörn.**


„Það var ekki eins og ég hefði verið að drekka mikið. Mér fannst ég vera alveg skýr í kollinum. Nennti ekki að standa í einhverju veseni með að skilja bílinn eftir."
Þessi frásögn er byggð á raunverulegum atburðum.
ÁHÆTTAN ER ALDREI ÞESS VIRÐI!
UMFERÐARSTOFA




allt

Allt um
fasteignir
og heimili
á mánudögum
í Fréttablaðinu.






!
90,9

MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30




## SMS-GÁTAN:
### Hvað veist þú um Snoop Dogg?

Merktu við rétt svör. Stafirnir fyrir framan hvert rétt svar mynda lausnarorð sem þú sendir í þjónustunúmerið **1900**.

**Dæmi:** Lausnarorðið er páfinn. Þú sendir skeytið **JA MYND** PAFINN í þjónustunúmerið 1900.

Vinningur fyrir SMS-gátuna er miði fyrir tvo á tónleika Snoop Dogg í Egilshöll, 17. júlí.

**Leystu gátuna!** Þú gætir unnið tvo miða á tónleikana með Snoop Dogg 17. júlí.



**Hvert er rétt nafn Snoop Dogg?**
d) Calvin Cordozar Broadus
i) Steven Douglas s) Shizzle Nizzle

**Hvað er Snoop gamall?**
f) 43 ára o) 33 ára g) 23 ára

**Hver er einn helst samstarfsmaður Snoop?**
a) Dr. Spock g) Dr. Dre e) Mr. T

**Hvað heitir fyrsta plata Snoop?**
g) Doggystyle r) Dogpound t) The Dogmaster

**Hvar fæddist Snoop?**
f) Manhattan, New York l) Memphis, Tennessee y) Long Beach, Kalifornía

**Vinningshafi í SMS-leik síðustu viku var:**
Einar Aðalsteinsson og Birgir Sigurðsson.

SMS skeytið kostar 99 krónur.



# Óskar eftir gömlum búningum

Það styttist óðum í að Halldór Einarsson, kenndur við Henson, opni sögusafn á efri hæð fyrirtækis síns við Brautarholt. Halldór festi fyrir nokkru kaup á hæðinni fyrir ofan saumastofuna og hefur verið að innrétta hana undir safnið.

Birgir segir ekki nauðsynlegt að gerbreyta íslenskri stjórnskipun enda hafi hún á ýmsa lund reynst býsna vel. „Hins vegar er ljóst að ýmis ákvæði þessara kafla eru óskýr. Önnur eru beinlínis úrelt og því nauðsynlegt að taka á því hvernig breyta megi þeim texta. Ég er að tala um valdmörkin milli aðgreindra þátta ríkisvaldsins og atriði eins og þjóðaratkvæðagreiðslur. Dæmi um atriði sem þarf að endurskoða er ákvæðið sem olli mestum ágreiningi á síðasta ári. Það er 26. greinin um vald forseta til þess að synja lögum staðfestingar. Það ákvæði þarfnast endurskoðunar alveg óháð því hvaða niðurstöðu menn vilja fá fram. Það er ekki heppilegt að hafa ákvæði í stjórnskipunarlögum sem kallar á jafn ólíkar og umdeildar skýringar og fram komu á síðasta ári. Þannig að í þessari stjornarskrárvinnu þurfa menn að eyða þessum vafa vegna þess að reglurnar sem lúta að stjórn ríkisins, valdmörkum og hvernig ákvarðanir eru teknar, verða að vera skýrar og þess eðlis að þær kalli ekki á grundvallardeilur í samfélaginu,“ segir Birgir.

Nú heyrast stundum þau sjónarmið að í stjórnarskrám eigi líka að vera það sem kalla mætti almennar stefnuyfirlýsingar fyrir þjóðfélagið. „Þarna held ég að menn verði að fara varlega. Það byggist á því að mínu mati að stjórnarskrá er lagatexti sem á að hafa ákveðin réttaráhrif og sem menn eiga að geta byggt á fyrir dómstólum. Þess vegna eru almennar yfirlýsingar með óljósu inntaki í eðli sínu óheppilegar. Slíkar yfirlýsingar eiga ef til vill frekar heima í stefnuyfirlýsingum stjórnmálaflokka eða ríkisstjórnarsáttmálum. Það verður líka að hafa í huga að stjórnarskrá á að vera þess eðlis að hún geti staðið af sér sveiflur í stjórnmálum. Sama stjórnarskráin verður að geta átt við hvort sem vinstri- eða hægristjórn ríkir í landinu. Það er óheppilegt að hafa stjórnarskrá þannig úr garði gerða að nýr meirihluti á þingi telji sig knúinn til þess að breyta henni ef hann vill ná fram breytingum við stjórn landsmálanna. Stjórnarskrá verður með öðrum orðum að vera sæmilega stöðug þannig að pólítísk markmið, sem geta breyst frá einum tíma til annars, eiga ekki heima í stjórnarskrártexta.“



**BIRGIR ÁRMANNSSON Á SÆTI Í STJÓRNARSKRÁRNEFND:** „Það er ekki heppilegt að hafa ákvæði í stjórnskipunarlögum sem kallar á jafn ólíkar og umdeildar skýringar og fram komu á síðasta ári.“

# Engin hrossakaup um málskotsrétt

**Össur Skarphéðinsson** á sæti í stjórnarskrárnefnd. Hann kveðst bundinn af samþykkt landsfundar Samfylkingarinnar um að málskotsréttur forseta Íslands verði varinn.

Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, á sæti í níu manna stjórnarskrárnefnd og ber þungann af gerð endanlegra tillagna um stjórnarskrárbreytingar ásamt átta öðrum þingmönnum sem sæti eiga í nefndinni. Össur leggur áherslu á að tækifærið verði notað til að tryggja aukið lýðræði við endurskoðun stjórnarskrárinnar.

„Það sem mér finnst mestu skipta við þessa enduskoðun er að það takist að ná samstöðu um ákvæði sem opnar greiða leið fyrir almenning til þess að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um umdeild mál sem upp koma. Nú á almenningur greiða leið að öllum mögulegum upplýsingum um flókin mál og hefur þess vegna ekki síðri möguleika til þess að taka afstöðu og þar með þátt í ákvörðunum um mjög flókin mál en við þingmenn. Þetta er meginatriði. Fyrir mína parta kemur ekki til greina að gera hrossakaup um þetta á þá lund að slíkt ákvæði yrði tekið upp gegn því að málskotsréttur forsetans yrði afnuminn. Margir stjórnarliðar vilja afnema þennan rétt forseta. Ég lít svo á að með samþykkt landsfundar Samfylkingarinnar, sem tók beinlínis á þessu, sé illgerlegt fyrir mig að hnika frá því. Umræðan um fjölmiðlamálið í fyrra óf fram á þann veg að samstaða hefði virst vera í sjónmáli milli ólíkra geira samfélagsins þegar rykið tók að setjast,“ segir Össur.

Hann telur sömuleiðis að upp þurfi að taka í stjórnarskrána ákvæði um þjóðareign á auðlindum sem enginn eigi sannarlega. Hann kveðst gera sér góðar vonir um að samstaða náist um þetta enda hafi aðrir stjórnmálaflokkar tekið undir slíkt.

„Einnig er nauðsynlegt að stjórnarskráin hafi að geyma ákvæði sem er sambærilegt ákvæðum í nágrannalöndunum um að Ísland geti orðið aðili að yfirþjóðlegum valdastofnunum án þess að það þýði stjórnarskrárbreytingar í hvert skipti. Samningurinn um evrópska efnahagssvæðið var á gráu svæði í þessu efni. Eins og mál hafa þróast er samningurinn kominn út yfir gráa svæðið. Alger vafi leikur á því hvort unnt sé að segja að samningurinn standist stjórnarskrána nú eins og mál hafa þróast. Til dæmis hafa möguleikar okkar til áhrifa dofnað eftir því sem vald færist frá Evrópusambandinu til Evrópuþingsins, sem nú hefur síðasta orðið.“



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON Á SÆTI Í STJÓRNARSKRÁRNEFND:** „Fyrir mína parta kemur ekki til greina að gera hrossakaup um þetta á þá lund að slíkt ákvæði yrði tekið upp gegn því að málskotsréttur forsetans yrði afnuminn.“

Þótt mannréttindakafla stjórnarskrárinnar hafi verið breytt árið 1995 telur Össur fulla þörf á því að breyta þeim kafla aftur. „Það þarf að taka af allan vafa um það í stjórnarskrá að ákvæði í mannréttindasáttmálum, sem við staðfestum, hafi lagagildi á Íslandi jafnvel þótt þingið hafi ekki staðfest einstaka samninga. Langflestir samningar um þetta hafa ekki verið staðfestir af Alþingi en alltaf eru að koma fram dómafordæmi sem styðjast við þá engu að síður. Þetta þarf að hefja upp yfir allan vafa en það eykur vernd borgaranna. Það er ekki síst þörf á því í andrúmslofti þar sem ógn, sem menn upplifa, veldur því að réttindi borgaranna eru skert með alls kyns lögum.“

Össur vill að inn í stjórnarskrána komi skýr ákvæði um skipan æðstu dómstóla og spyr hvort ekki sé samstaða um það. Þá hafi Samfylkingin alltaf haldið til haga við endurskoðun stjórnarskrárinnar að nauðsynlegt sé að breyta kjördæmaskipaninni, gera landið að einu kjördæmi.

„Síðan þarf að koma í stjórnarskrána ákvæði sem skerpir eftirlit og aðhald Alþingis með framkvæmdavaldinu; skýrt ákvæði um rannsóknarnefndir á vegum þingsins. Í dag eru þessi ákvæði óskýr og óbrúkleg og hafa engu máli skipt. Það þarf að koma skýrt ákvæði um vald Alþingis til þess að setja upp eftirlitsnefndir og rannsaka hluti. Þetta þarf að vera skýr réttur kjörinna fulltrúa þegnanna,“ segir Össur Skarphéðinsson.

*Spurningum, ábendingum og hugmyndum um efni á stjórnarskrársíðu Fréttablaðsins er unnt að koma á framfæri í tölvupósti.*

NETFANGIÐ ER:
**stjornarskra@frettabladid.is**

## [ NÝJAR BÆKUR ]

Komin er út bókin **Material time, work time, life time** sem hefur að geyma myndir af listaverkum frá myndlistarþætti Listahátíðar í Reykjavík 2005. Þrjátíu og fjórir listamenn unnu verk sín sérstaklega fyrir þessa sýningu og þróuðu frekar viðfangsefni og áhrif sem finna má í verkum Dieters Roth. Bókin er tæpar 200 síður. Henni fylgir sýningarskrá með viðtölum við listamennina.



Verkið var unnið að frumkvæði Eiðastóls. Það er til sölu í Listasafni Reykjavíkur og Listasafni Íslands.

Bókaútgáfan Hólar hefur gefið út bókina **Úr dýraríkinu** eftir Bjarna E. Guðleifsson náttúrufræðing á Möðruvöllum í Hörgárdal, og er fyrsta bókin af fjórum í ritröð sem hann hefur tekið saman og ber heitið Náttúruskoðarinn. Þar er fjallað í einföldum og auðskildum texta um ýmis fyrirbæri úr náttúrunni og að þessu sinni beinist athygli hans að lífverum úr dýraríkinu; meðal annars ánamöðkum, köngulóm, rækjum, sædjöflum, fuglum og húsdýrum.



Bókin er 126 blaðsíður að lengd og leiðbeinandi verð hennar er 1.980 krónur.

Útgáfufélagið Heimur hefur gefið út **Hálendishandbókina** eftir Pál Ásgeir Ásgeirsson í enskri útgáfu. Bókin er endurskoðuð með hliðsjón af þörfum erlendra ferðamanna. Verkefnið hefur verið kynnt á ferðaráðstefnum og sýningum og hefur fengið mjög góðar undirtektir. Bókin er 160 blaðsíður. Leiðbeinandi verð er 2.990 krónur.




Neshagi útgáfa hefur sent frá sér bókina **Dauðadjassinn** eftir Arne Dahl í þýðingu Kristjáns Kristjánssonar. Dauðadjassinn er fyrsta bókin í sjálfstæðri röð um rannsóknarhóp innan sænsku ríkislögreglunnar sem fæst við sérstök og óvenjuleg sakamál.
Arne Dahl er einn vinsælasti spennusagnahöfundur Norðurlanda. Bækur hans hafa verið þýddar á fjölda tungumála og setið á metsölulistum víða um Evrópu. Gagnrýnendur hefja Arne Dahl til skýjanna og margir lýsa honum sem besta spennusagnahöfundi Svía í dag. Þykja bækur hans um margt minna á frábæru spennusögurnar eftir Sjöwall og Wahlöö.

Bókaútgáfan Hólar hefur gefið út bókin **Á sprekamó**, afmælisrit tileinkað Helga Hallgrímssyni náttúrufræðingi sjötugum. Í ritinu kennir ýmissa grasa og leggja um sjötíu einstaklingar hönd á plóg með greinum um margvísleg efni sem snerta að einhverju leyti þau fræðasvið sem afmælisbarnið hefur komið að eða fengist við. Hér má meðal annars finna skrif tengd bókmenntafræði, dulfræðum, fornleifafræði, guðfræði, jarðfræði, líffræði, mannfræði, sagnfræði og þjóðfræði, en Helgi er vafalítið einn af okkar síðustu fjölfræðingum og ber ritið þess glöggt merki.



Bókin er 479 bls. að lengd og er leiðbeinandi verð hennar 6.000 krónur.

LANDSBANKADEILDIN
DRAUMALIÐIÐ
TAKTU ÞÁTT Á VISIR.IS

George Bush á 59 ára afmælinu:

# Tími til að fullorðnast

Í tilefni 59 ára afmælis síns sagði forseti Bandaríkjanna, George Bush, að nú væri tími til kominn fyrir sig að fullorðnast, en forsetinn varð fyrir því óhappi að hjóla á lögreglumann, þar sem hann þeyttist um á fjallahjóli milli fundahalda G8-hópsins í Skotlandi. Forsetinn skar sig á handlegg og fingrum, og sýndi blaðamönnum áverkana með þessum orðum: „Þetta sýnir einna best að ég ætti að haga mér meira í samræmi við aldur minn.“

Lögreglumaðurinn var sendur í læknisskoðun en reyndist lítilsháttar meiddur og hélt áfram vinnu sinni við Gleneagles-hótelið.

Forsetinn kenndi aðstæðum um slysið þegar hann birtist á blaðamannafundi með Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands.

„Þegar maður hjólar á fjallahjóli verður maður að vera viðbúinn því að detta. Annars er maður ekki að nýta hjólið sem skyldi og hjóla almennilega hratt. Stéttin var sleip og hjólið rann undan mér,“ sagði forsetinn, sem hafði meiri áhyggjur af lögregluþjóninum sem varð fyrir barðinu á glannaskap hans á hjólinu. „Ég hef rætt við lögregluþjóninn og honum líður vel.“

Í maí á síðasta ári klessti forsetinn fjallahjól sitt á búgarði sínum. Árið 2002 missti hann meðvitund og féll ofan í sófa Hvíta hússins þegar honum skvelgdist á saltkringlu. Í júní 2003 féll hann af hlaupahjóli á harðaspretti á landareign foreldra sinna í Maine. ■




**ÓHEPPINN EN LEIKFÚS** Myndirnar sýna George Bush falla af hlaupahjóli fyrir utan heimili foreldra sinna í Maine sumarið 2003, en á miðvikudag endastakkst hann af reiðhjóli fyrir utan hótel í Skotlandi og lenti á lögregluþjóni.





FRÉTTABLAÐIÐ/TREVOR BURCHICK

**SUNDGARPUR MEÐ KÖLLUN** Ingi Þór Jónsson hefur átt flókið líf og í því hafa skipst á skin og skúrir. Um tvítugt var hann einn fræknasti sundkappi Íslands og nú tveimur áratugum síðar vinnur hann enn til gullverðlauna. Hann segir sundið hafa verið sinn háskóla og beinir kröftum sínum víða, ekki síst í þágu ýmissa minnihlutahópa.

# *Leynivopnið frá Íslandi*

Skagamaðurinn **Ingi Þór Jónsson** er með fallegri Íslendingum. Árið 1984 stóð hann uppi sem mesti sundgarpur Íslands og þreytti sundkapp á Ólympíuleikunum í Los Angeles. Um þær mundir vildu ófáar dætur lands fanga hjarta hans en einmitt þá sté hann niður af verðlaunapöllunum til að horfast í augu við hug sinn til karla. Síðan þá hafa örlögin spunnið sinn flókna þráð, en aftur er Ingi Þór orðinn sundstjarna og nú með æðri tilgang en nokkru sinni.
***Þórdís Lilja Gunnarsdóttir*** átti stund með Inga Þór í Manchester.

**„Ég vissi að ég væri hommi en gat ekki komið úr skápnum því í íþróttum er ríkjandi hommafóbía. Þess vegna varð ég að velja annaðhvort að hætta eða halda áfram, seinni kosturinn var útilokaður enda leið ég sálarkvalir."**

Það er fallegur sumardagur í fótboltaborginni Manchester á Englandi. Ingi Þór Jónsson er í sólskinsskapi eins og aðrir á breskri grundu vegna nýsagðra frétta um val Lundúna sem Ólympíuborgar árið 2012, en sjálfur stóð Ingi Þór á sundpöllum Ólympíuleikanna fyrir Íslands hönd í Borg englanna árið 1984.

„Ég hef löngum verið á eftir í ýmsu og eins var með sundið; ég var síðastur af öllum til að læra sund," segir hann með kátínu í röddinni. „Það situr enn þá í mér þegar sundkennarinn tilkynnti að loksins væri ég orðinn syndur. Strax daginn eftir skráði ég mig á sundæfingu og stefndi einbeittur að því að verða sundmeistari, sem ég varð fyrst 1973 sem Unglingameistari Íslands í 50 metra flugsundi," segir Ingi Þór, sem setti sitt fyrsta Íslandsmet í 100 metra skriðsundi árið 1980 og átti eftir það öll Íslandsmet í skrið-, flug-, bak- og fjórsundi, eða allt til ársins 1984 að hann lagði sundskýluna á hilluna.

„Ég vissi að ég væri hommi en gat ekki komið úr skápnum því í íþróttum er ríkjandi hommafóbía. Þess vegna varð ég að velja annaðhvort að hætta eða halda áfram, seinni kosturinn var útilokaður enda leið ég sálarkvalir," segir Ingi Þór sem þá var 21 árs gamall.

„Ég hætti alltof snemma og var í rauninni rétt að byrja. Mín biðu skólastyrkir í Bandaríkjunum, en ég afþakkaði þá alla. Ég hafði hins vegar alltaf átt draum um keppni á Ólympíuleikunum, um leið og ég átti í ægilegri baráttu með sjálfan mig og fann knýjandi þörf til að komast burt frá sundinu, öllum og öllu eftir að heim kom á ný," segir Ingi Þór, sem er einn af fyrstu Ólympíuförum heims til að viðurkenna samkynhneigð sína.

„Stundum kemur í mig eftirsjá, en þetta ætluðu örlögin mér. Í dag er ég 43 ára og syndi á tímum ekki svo langt frá mínu allra besta um tvítugt. Sennilega kæmist ég enn í úrslitin heima," segir hann og skellir upp úr.

## Ástin, lífið og dauðinn

Frjáls eins og fuglinn réðst Ingi Þór til starfa sem flugþjónn hjá Flugleiðum, þar starfaði hann til 1988, þá hann flutti til Lundúna og hóf nám í leiklist.

„Á ferðalögum mínum sem flugþjónn fann ég smátt og smátt hvað ég vildi gera. Ég vissi að heima myndi ég ekki finna mig en fann mér samastað í Lundúnum. Eitt kvöldið fór ég á bar og hitti Michael Moore, það var ást við fyrstu sýn. Ég var 24 ára og kom opinberlega út úr skápnum. Upplifði mikinn skilning fjölskyldunnar en var í bjánaskap hræddur við að bregðast almenningi sem íþróttamaður, þótt ég viti nú að kynhneigð manns kemur engum við," segir Ingi Þór alvarlegur í bragði.

„Um það leyti sem við Michael kynntumst var eyðniumræðan orðin áberandi í fjölmiðlum. Michael var virtur lögfræðingur og neitaði að horfast í augu við vandamálið en ég lagði saman tvo og tvo. Eftir fjögurra mánaða hvatningu fékkst hann til að fara í blóðprufu og þá kom í ljós að hann var eyðnismitaður. Á þessum árum þýddi það óumflýjanlegan dauða. Michael var lengi mjög veikur og alls tók hann þrjú og hálft ár að deyja. Síðustu tvö árin var hann kominn í hjólastól, orðinn blindur og aðeins 29 kíló. Ég tók mér frí frá störfum síðustu þrjú árin til að annast hann sem neitaði alfarið að gefast upp. Hann sleppti ekki takinu á lífinu fyrr en ég bað hann að fara, því ég gæti ekki meira," segir Ingi Þór dapur í röddinni, en Michael lést árið 1997.

„Við Michael værum enn saman í dag, hefði lífið sigrað dauðann, en ekkert er við því að gera. Stundum er sagt að tíminn lækni öll sár, en það er vitleysa. Tíminn læknar engin sár. Maður lærir að lifa með þeim líkamlegu og andlegu kvölum sem lífið býður manni; gerir það besta úr breyttum aðstæðum. Söknuðurinn getur gert út af við mig, jafnvel eftir öll þessi ár. Ég trúi á eina, sanna ást og miða enn allt og alla við hann, sem er vitaskuld óréttlátt. En ég ber ekki síður sjálfan mig saman við það hvernig mér leið með Michael, því hver maður hefur rétt á því að láta sér líða sem best, þótt maður verði stundum að breyta aðeins sjálfum sér til að hleypa öðrum að," segir Ingi Þór af visku þess sem átt hefur og misst.

## Í neti skúrksins

Eftir fráfall Michaels varð tómleikinn hlutskipti Inga Þórs. Hann ákvað að flýja á náðir annríkis og keypti yfirgefinn veitingastað í Sheperd Bush-hverfinu í Vestur-Lundúnum, sem hann gerði upp





**SEGULL Á GULLIÐ** Ingi Þór stingur sér varla til sunds nema að uppskera gullverðlaun fyrir sprettinn, en hér er hann á Evrópuleikum samkynhneigðra í München í fyrra, þar sem hann vann til sex gullverðlauna. Með honum á myndinni er Trevor Burchick, formaður klúbbsins í Manchester. Á hægri myndinni er Ingi Þór ásamt verðlaunahöfum frá Manchester á opna spænska meistaramótinu í Barcelona.

og opnaði undir nafninu Gallery 120.

„Vinur minn er heimsklassa kokkur sem leiddist á sínum vinnustað og langaði að breyta til. Á þessum árum fékk matarmenning Breta uppreisn æru og gourmet-veitingastaðir opnaðir vítt og breitt um Lundúnir. Eftir fjögurra mánaða endurbætur opnuðum við með pompi og prakt, og staðurinn fékk einróma lof matargagnrýnenda. Mér þótti vænt um að Íslendingar lögðu leið sína til mín og yndislegt að heyra ylhýrt móðurmálið aftur. Það endurnýjaði tengsl mín heim sem ég hafði látið reka á reiðanum meðan Michael háði dauðastríðið,“ segir Ingi Þór, sem átti í stormasömu ástarsambandi meðan á veitingarekstrinum stóð.

„Sá maður kom inn í líf mitt árið sem Michael dó. Ég hafði verið varaður við honum og meira að segja var búið að gera um hann breskan sjónvarpsþátt þar sem hann var útlistaður sem þjóðþekktur skúrkur. Ég var því ekki að æða í ástarsamband við mann sem ég vissi ekkert um, heldur leit á það sem hreina áskorun og verkefni að leysa. Það tók hann um þrjú ár að rústa líf mitt, en þá var hann búinn með allt sem ég átti og búinn að gera sitt plan byggt á öllum mínum eigum, auk þess sem hann plataði mig til að skrifa undir ýmis fjármálaplögg,“ segir Ingi Þór sem umsvifalaust fór í mál við ástmann sinn, sem hann og tapaði.

„Þar unnu á móti mér mínar eigin undirskriftir, en af þessum mistökum lærir maður. Mér tókst að selja veitingastaðinn og komast frá þeim rekstri með höfuðið aðeins upprétt, sá staður er enn til og gerir það ljómandi gott.“

**Sundið fann hann aftur**

Á þessum tímamótum ákvað Ingi Þór að flýja heimsborgina London. Hann hringdi í góða vinkonu sína, Þóru Guðmundsdóttur hjá Atlanta, sem bauð honum starf sem flugþjónn í Manchester. Þar sem hann vann í tvö ár á meðan hann kom sér fyrir í nýjum heimkynnum.

„Svo var það einn daginn að ég ákvað að bregða mér í sund hjá íþróttaklúbbi samkynhneigðra hér í bæ. Mér til mikillar furðu voru þá 140 manns á æfingu með þremur þjálfurum í stórum

**„Michael var lengi mjög veikur og alls tók hann þrjú og hálft ár að deyja. Síðustu tvö árin var hann kominn í hjólastól, orðinn blindur og aðeins 29 kíló. Ég tók mér frí frá störfum síðustu þrjú árin til að annast hann sem neitaði alfarið að gefast upp. Hann sleppti ekki takinu á lífinu fyrr en ég bað hann að fara, því ég gæti ekki meira.“**

klúbbi. Ég gaf mig fram sem sundmaður við þjálfarana og reyndist vera hraðskreiðasti sundmaður klúbbsins, sem er fyrir 25 ára og eldri. Fólkið í honum er yndislegt, allt frá hjartaskurðlæknum til verkamanna, engin stéttaskipting finnanleg, eins og annars er títt á Bretlandseyjum. Þarna eru allir jafnir og vinna saman að markmiðum sínum,“ segir Ingi Þór, sem undir eins var settur í keppnislið klúbbsins og sendur á Evrópuleika samkynhneigðra í München í fyrra. Hann kom heim með sex gullverðlaun, auk þess að vera valinn íþróttamaður leikanna.

„Þá voru liðin nákvæmlega tuttugu ár síðan ég keppti á Ólympíuleikunum í Los Angeles, þar sem ég kynntist sundkappanum Mark Spitz. Mér þótti gleðileg sú tilviljun að Evrópukeppnin var háð í sömu sundlaug og Spitz vann sín sjö Ólympíugull í München 1972, einmitt fyrstu Ólympíuleikarnir sem ég man eftir að hafa horft á,“ segir Ingi Þór, en á Evrópuleikum samkynhneigðra kepptu 9.000 keppendur við fögnuð 180 þúsund áhorfenda í 22 íþróttagreinum.




**SUNDIÐ LEITAÐI HANN UPPI** Ingi Þór sagði skilið við sundferilinn á hátindinum um tvítugt þegar hann þurfti ráðrúm og frelsi til að koma út úr skápnum. Fyrir tilviljun heimsótti hann íþróttaklúbb samkynhneigðra í Manchester þegar hann ætlaði einungis að fá sér hressandi sundsprett. Í ljós kom að Ingi Þór var hraðskreiðastur allra þeirra 140 sundmanna sem voru á æfingu þann daginn..

„Þetta var draumi líkast og þegar ég kom heim til Manchester var mér haldin hátíð í ráðhúsinu og líf mitt tók u-beygju. Sundið hafði fundið mig og leitað uppi að nýju. Eftir Evrópuleikana fann ég þau áhrif sem ég get haft á ungt, samkynhneigt fólk, sem oft veit ekki hvar það getur fundið sig nema á dimmum börum innan um aðra samkynhneigða. Það veit ekki um alla þessa yndislegu íþrótta-, leiklistar- og myndlistarklúbba, og því gerðist ég baráttumaður bresku ríkisstjórnarinnar í Norðvestur-Englandi þar sem ég kynni íþróttir og listir, undir nafninu Proud Britain. Verkefnið hefur svo undið upp á sig og yndislegt að vinna að því sem gengur svo afskaplega vel.“

**Andlit Evrópu**

Ingi Þór er önnum kafinn maður, með mörg járn í eldinum. Hann er aðalframkvæmdastjóri Pride Games í Manchester, vinnur hörðum höndum að því að fá Evrópuleika samkynhneigðra til borgarinnar árið 2008 og sér um öll mót erlendis fyrir klúbbinn heima, sem eru um tólf á ári, ásamt því að keppa sjálfur, nú síðast í Hollandi um síðustu helgi til fimm gullverðlauna.

„Breska heilbrigðisþjónustan vill gera ýmislegt til að bæta líf borgaranna og Bretar eru almennt opnir fyrir hugmyndum annarra og tilbúnir að hrinda þeim í framkvæmd. Þannig var ég fenginn á hugmyndafund til að finna leið til sameina unga og aldna. Ég fór að hugsa um ömmu á Akranesi, hve sterk og mótandi áhrif hún hafði á mig, hvað mér þótti gott að vita af henni og allar góðu stundirnar okkur saman. Þá kom upp úr kafinu að fæstir af yngri kynslóðum Bretlands hafa kynnst ömmum sínum og öfum, enda allir meira og minna uppteknir af sjálfum sér. Börn nútímans eru að missa af tækifærinu til að heyra visku og sögur elstu kynslóðanna. Því kom ég með þá hugmynd að virkja gamla fólkið í íþróttir og allt síðan í vetur hafa íþróttamannvirki skólanna verið notuð til íþróttaiðkana fyrir elstu borgarana í samstarfi við börn og unglinga. Verkefnið hefur farið geysilega vel af stað,“ segir Ingi Þór sem nú hefur verið valinn andlit Evrópu fyrir Heimsleika samkynhneigðra íþróttamanna sem haldnir verða í Montreal í Kanada á næsta ári.

„Ég leyfi fúslega að andlit mitt og reynsla sé notað öðrum til framdráttar. Þeir kalla mig „Icelandic not so secret weapon“ í fjölmiðlum, sem mér finnst óskaplega gaman,“ segir Ingi Þór glaðlega og vill ólmur koma Íslandi á kortið í starfi sínu um allan heim.

„Ég ferðast mikið og alltaf með íslenska og breska fánann með mér. Það vekur ætíð athygli að

**„Stundum kemur í mig eftirsjá, en þetta ætluðu örlögin mér. Í dag er ég 43 ára og syndi á tímum ekki svo langt frá mínu allra besta um tvítugt. Sennilega kæmist ég enn í úrslitin heima.“**

vera Íslendingur og kominn tími til að Ísland fái meiri athygli, auk þess sem ég vil gjarnan koma heim og fá íslenska homma og lesbíur til að keppa í útlöndum. Mér þætti heiður að vinna að stofnun slíks íþróttaklúbbs, því íþróttir eru fyrir alla og lykill að ævintýrum og ferðalögum sem gera mann ríkari að vinum frá ólíkum löndum, auðgar hugsunarhátt og víkkar sjóndeildarhringinn. Þar eiga allir að hafa sama tækifæri, hvort sem þeir eru svartir eða hvítir, ungir eða gamlir, samkynhneigðir eða annað,“ segir Ingi Þór sem býður áhugasömum að senda sér línu á ingithor14@hotmail.com.

**Heppnastur í heimi**

Ingi Þór er eldhugi, alltaf með opin augu og eyru, tilbúinn að berjast fyrir minnihlutahópum. Á dögunum var hann á kynningarfundi vegna íþróttamála í Manchester, þar sem hann hitti að máli strák sem vinnur með börnum í blökkumannahverfum borgarinnar.

„Sama kvöld var landsleikur Englands og Norður-Írlands á Old Trafford, heimavelli Manchester United. Strákurinn sagði vinnu sína erfiða því börnin væru vonlítil og fyndust þau ekki eiga rétt til jafns við aðra í þjóðfélaginu. Ég vissi að til voru fimmtíu miðar á landsleikinn og linnti ekki látunum fyrr en þeir voru komnir í mínar hendur. Svo fórum við með fimmtíu krakka úr hverfinu á völlinn og grétum af geðshræringu við það eitt að fylgjast með augum barnanna standa á stilkum af hrifningu í stúkunni. Eftir leikinn fengu þau að heilsa upp á landsliðsmennina og hlotnaðist því meira en hinum almenna miðakaupanda, staðfesting á þeirra jafna rétti til sjálfsagðra lífsgæða á við alla hina,“ segir Ingi Þór, sem vegna anna við íþróttaviðburði og mannúðarstörf hefur lagt leiklistina á hilluna í bili.

„Ég lék mikið eftir að ég lauk námi, lék meðal annars í sjónvarpsþáttunum Roughnecks og Touching Evil með Robson Green og sýndir voru í íslenska ríkissjónvarpinu, auk mýmargra auglýsinga og eitt leiktímabil hjá leikhúsinu í Blackpool. Leiklistin er skemmtileg, en ég má ekki vera að henni lengur. Það nærir mig og gleður nóg hvað vinir mínir úr skólanum hafa gert það gott, eins og hjónakornin Paul Bettany og Jennifer Conelly Óskarsverðlaunahafi,“ segir Ingi Þór sem telur sig heppnasta mann í heimi.

„Ég myndi engu vilja breyta og er hamingjusamur með lífið. Sundið var minn háskóli og þótt ég hafi þurft langan tíma til að sjá það er ég á réttum stað í dag, geri allt það sem mig áður hafði dreymt um.“


# OPIÐ UM HELGINA



**Gestamóttaka á Nesjavölllum og Hellisheiði**

Orkuveitan starfrækir gestamóttöku á Nesjavöllum (Nesjavallavirkjun) og í Skíðaskálanum í Hveradölum (fyrirhuguð Hellisheiðarvirkjun).

Gestamóttaka er opin á báðum stöðum **mánudaga-laugardaga kl. 9-17 og sunnudaga kl. 13-18.**

Allar nánari upplýsingar í síma **516 6000** og á **www.or.is**

Aðgangur er ókeypis.

www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur




## Heyrst hefur ...

... að Eyjamenn séu að safna fyrir frekari liðstyrk í baráttunni fyrir lífi sínu í Landsbankadeild karla og bjóði þess vegna áritaða Charlton-treyju Hermanns Hreiðarssonar til sölu á heimasíðu sinni. Eyjamenn hafa þegar fengið til sín sex erlenda leikmenn í sumar en betur má ef duga skal enda er liðið í 9. sætinu með aðeins 6 stig.

# sport

sport@frettabladid.is



# 60 SEKÚNDUR MEÐ IAN RUSH

**Besti knattspyrnumaður heims?** Ronaldinho.
**Robbie Fowler eða John Aldridge?** Báðir.
**Ísland er** fallegt.
**Íslenskur fótbolti er** á uppleið.
**Uppáhalds staður?** Portúgal.
**Bresk matargerð** er allt í lagi.
**Erfiðasti andstæðingur?** Paul McGrath og Franco Baresi.
**Besti samherjinn?** Kenny Dalglish.
**Yfirvaraskegg er** svalt.
**Skora eitt eða leggja upp tvö?** Skora eitt í sigurleik.
**Besti leikmaður Liverpool frá upphafi?** Kenny Dalglish.
**Jan Molby eða John Barnes?** Báðir.
**Eiður Smári eða Djbril Cissé?** Eiður Smári.
**Everton eða Tranmere?** Ómögulegt að segja.
**Total Network Solutions er** betra en Everton.
**ACDC eða Frankie Goes to Hollywood?** Hvorugt.
**Eiður Smári eða Michael Owen?** Owen.
**Gerrard eða Carragher?** Báðir.

## > Við bendum á að ...

... það eru lið KR (4 stig) og Fram (2 stig) sem hafa fengið fæst stig út úr síðustu sex leikjum Landsbankadeildar karla. Það var búist við góðum hlutum hjá þessum nágrönnum og fornu fjendum í íslenskri knattspyrnu. Verði ekki fljótlega breyting á gengi liðanna er fallbaráttan á næstu grösum.



## > Við hrósum ...

.... Knattspyrnudeild Fjölnis sem bauð upp á beina lýsingu á KSÍ-vefnum á heimaleik liðsins gegn KS í 1. deildinni í gær. Fjölnir uppfærði leikskýrslu leiksins jafnóðum og hlutirnir gerðust og er þetta frábær þjónusta fyrir knattspyrnuáhugamenn. Ekki spillti fyrir að Fjölnir vann leikinn með sannfærandi hætti 4–1.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

7 8 9 **10** 11 12 13

**Sunnudagur**

### LEIKIR

☐ 19.15 **ÍBV** og **Fram** mætast á Hásteinsvelli í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.

### SJÓNVARP

☐ 11.30 **Formúla 1** á Rúv. Bein útsending frá breska kappakstrinum.

☐ 15.30 **Hnefaleikar** á Sýn. Joel Casamayor – Diego Corrales.

☐ 16.40 **Gillette-sportpakkinn** á Sýn.

☐ 18.05 **PGA-mótaröðin í golfi** á Sýn.

☐ 19.00 **US Masters-mótið í golfi** á Sýn.

☐ 21.55 **Helgarsportið** á RÚV.



**BYRJUNARLIÐIÐ** Byrjunarleikmenn Liverpool minnast fórnarlamba hyrðjuverkanna í London í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

## Æfingaleikur Liverpool:
# Naumur sigur

**FÓTBOLTI.** Liverpool vann í gær nauman 4–3 sigur á 2. deildarliði Wrexham í fyrsta æfingaleik tímabilsins en jafnframt þeim eina fyrir leik liðsins gegn Total Network Solutions frá Wales í undankeppni Meistaradeildarinnar í næstu viku. Milan Baros og Fernando Morientes skoruðu báðir tvö mörk fyrir Liverpool sem komst í 4–1 eftir að hafa lent undir eftir aðeins 7 mínútur. Markvörðurinn Jose Reina og Bodowin Zenden léku báðir sinn fyrsta leik fyrir Liverpool. **- óój**

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *1. deild karla í fótbolta:*

**ÞÓR AK.–VÍKINGUR Ó. 2–4**
0–1 Eyþór Páll Ásgeirsson (5.), 0–2 Slavisa Mitic (6.), 0–3 Hermann Geir Þórsson (11.), 1–3 Lárus Orri Sigurðsson (13.), 1–4 Eyþór Páll Ásgeirsson (22.), 2–4 Arnljótur Ástvaldsson, víti (50.).

**FJÖLNIR–KS 4–1**
1–0 Pétur Georg Markan (23.), 2–0 Atli Guðnason (26.), 3–0 Atli (50.), 3–1 Grétar Sveinsson (70.), 4–1 Tómas Leifsson (75.).

**VÖLSUNGUR–VÍKINGUR R. 1–1**
1–0 Hermann Aðalgeirsson, víti (6.), 1–1 Jón Guðbrandsson (12.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| BREIÐABLIK | 8 | 7 | 1 | 0 | 15–2 | 22 |
| **VÍKINGUR** | **9** | **4** | **4** | **1** | **19–5** | **16** |
| KA | 9 | 4 | 2 | 3 | 16–9 | 14 |
| **VÍKINGUR Ó.** | **9** | **4** | **2** | **3** | **9–17** | **14** |
| FJÖLNIR | 9 | 4 | 0 | 5 | 14–15 | 12 |
| **HAUKAR** | **9** | **3** | **2** | **4** | **14–14** | **11** |
| ÞÓR AK. | 9 | 3 | 2 | 4 | 14–21 | 11 |
| **HK** | **8** | **2** | **3** | **3** | **9–10** | **9** |
| VÖLSUNGUR | 9 | 1 | 3 | 5 | 7–14 | 6 |
| **KS** | **9** | **1** | **3** | **5** | **8–18** | **6** |

# Ólafur Páll er sá hættulegasti

23 ára vængmaður FH hefur nýtt tækifærin vel í sumar og komið að 6 mörkum liðsins á aðeins 240 mínútum og slær þar við öllum öðrum leikmönnum Landsbankadeildarinnar í tíðni skapaðra marka.

**FÓTBOLTI** Hættulegasti sóknarmaður Landsbankadeildar karla í sumar er ekki annar af markahæstu mönnum deildarinnar, Tryggvi Guðmundsson eða Allan Borgvardt, né heldur Guðmundur Benediktsson sem er sá leikmaður sem hefur lagt upp flest mörk í fyrri umferðinni. Efstur á palli hvað varðar tíðni mili skapaðra marka er nefnilega 23 ára vængmaður úr toppliði FH.

Ólafur Páll Snorrason kemur best út úr tölfræðinni og er marksæknasti leikmaður Landsbankadeildar karla miðað við spilatíma en mótið er nú rétt rúmlega hálfnað. Það líður minnstur tími milli skapaðra marka hjá honum en Ólafur Páll hefur fengið að taka þátt í 6 af 10 leikjum liðsins í sumar. Í þessum 6 leikjum hefur Ólafur Páll komið að sex mörkum, skorað tvö þeirra sjálfur og lagt upp önnur fjögur til viðbótar fyrir félaga sína í FH-liðinu. Ólafur er rétt á undan hinum fjölhæfa Fylkismanni Hrafnkeli Helgasyni sem hefur komið að fimm mörkum Árbæjarliðsins en hann hefur spilað í jafnlangan tíma og Ólafur.

**Hörð samkeppni um stöður**

Ástæða þess að Ólafur Páll hefur ekki spilað meira er fyrst og fremst gríðarlega hörð samkeppni um stöður í hinu öfluga og taplausa liði FH en Hrafnkell hefur um hins vegar verið að glíma við erfið meiðsli sem hafa meðal annars kostað hann tvo síðustu leiki Fylkisliðsins. FH-ingar eru mjög áberandi á listanum og fjórir Hafnfirðingar eru meðal sex efstu manna.

Í þriðja sætinu er annar leikmaður FH-liðsins sem er í svipaðri stöðu og Ólafur Páll. Atli Viðar Björnsson hefur átt þátt í fjórum mörkum í þeim 220 mínútum sem hann hefur spilað en það fer þó ekki framhjá neinum að mennirnir í 4. (Tryggvi) og 6. sæti (Borgvardt) á þessum lista eiga mikinn þátt í afrekum Ólafs Páls og Atla Viðars en enginn leikmaður Landsbankadeildarinnar hefur átt þátt í fleiri mörkum í sumar en einmitt þeir tveir. Allan hefur komið að 12 mörkum FH og Tryggvi einu færra en Tryggvi er sem stendur markahæsti leikmaður deildarinnar með 9 mörk.

Ólafur Páll hefur nýtt sér það vel að Jón Þorgrímur Stefánsson meiddist í leik gegn Skagamönnum í 7. umferð en Jón Þorgrímur hefur verið fyrsti maður í stöðu hægri vængmanns í FH-liðinu síðustu árin. Ólafur Páll er hins vegar á sínu fyrsta ári í Hafnarfirði og hann hefur í kjölfar meiðsla Jóns Þorgríms byrjað tvo síðustu leiki FH-liðsins.

Ólafur hefur í þeim leikjum skorað eitt mark og lagt upp annað fyrir félaga sína í framlínunni og báðir hafa leikirnir unnist eins og allir aðrir leikir FH-liðsins í Landsbankadeildinni í sumar.

**Var ekki hópnum í 3 leikjum**

Ólafur Páll kom inn á sem varamaður í þremur fyrstu leikjunum og lagði þá upp tvö mörk en var síðan ekki í hópnum í þremur leikjum í röð í síðasta mánuði. Ólafur Páll lét þó ekki deigan síga og hefur vakið mikla athygli fyrir góða frammistöðu í tveimur síðustu leikjum þar sem hann hefur í fyrsta sinn fengið að spreyta sig í byrjunarliðinu. **ooj@frettabladid.is**

**DEILDARLEIKIR ÓLAFS PÁLS MEÐ FH Í SUMAR:**

| | |
|---|---|
| 1. Keflavík (úti) varamaður | 16 mínútur |
| **Stoðsending fyrir sjálfsmark Keflavíkur** | |
| 2. Grindavík (úti) varamaður | 17 mínútur |
| **Stoðsending á Baldur Bett** | |
| 3. ÍBV (heima) varamaður | 17 mínútur |
| **Átti ekki þátt í marki** | |
| 4. Fylkir (úti) varamaður | 13 mínútur |
| **Átti ekki þátt í marki** | |
| 5. Fram (heima) Lék allan leikinn | 90 mín. |
| **1 mark og stoðsending á Allan Borgvardt** | |
| 6. Keflavík (heima) Byrjaði | 87 mínútur |
| **1 mark og stoðsending á Tryggva** | |
| **Samantekt:** | |
| 6 leikir | 240 mínútur |
| **2 mörk skoruð** | **4 mörk lögð upp** |

**FÆSTAR MÍNÚTUR MILLI SKAPAÐRA MARKA Í LANDSBANKADEILDINNI:**

| | |
|---|---|
| 1. Ólafur Páll Snorrason, FH | 40,0 mínútur |
| **(2 mörk skoruð og 4 undirbúin á 240 mínútum)** | |
| 2. Hrafnkell Helgason, Fylki | 48,0 |
| **(4 mörk skoruð og 1 undirbúið á 240 mínútum)** | |
| 3. Atli Viðar Björnsson, FH | 55,0 |
| **(1 mark skorað og 3 undirbúin á 220 mínútum)** | |
| 4. Tryggvi Guðmundsson, FH | 71,8 |
| **(9 mörk skoruð og 2 undirbúin á 790 mínútum)** | |
| 5. Guðmundur Benediktsson, Val | 72,3 |
| **(2 mörk skoruð og 8 undirbúin á 240 mínútum)** | |
| 6. Allan Borgvardt, FH | 71,8 |
| **(8 mörk skoruð og 4 undirbúin á 876 mínútum)** | |
| 7. Stefán Örn Arnarsson, Keflavík | 74,2 |
| **(3 mörk skoruð og 2 undirbúin á 371 mínútum)** | |
| 8. Christian Christiansen, Fylki | 73,3 |
| **(1 mark skorað og 2 undirbúin á 220 mínútum)** | |
| 9. Björólfur Takefusa, Fylki | 83,8 |
| **(5 mörk skoruð og 3 undirbúin á 670 mínútum)** | |
| 10. Guðmundur Steinarsson, Keflavík | 86,5 |
| **(5 mörk skoruð og 5 undirbúin á 865 mínútum)** | |



**MÁ EKKI LÍTA AF HONUM** Ólafur Páll Snorrason hefur aðeins spilað í 240 mínútur í Landsbankadeild karla í sumar en samt hafa aðeins fimm leikmenn deildarinnar komið að fleiri mörkum en hann. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Ólafur Kristjánsson, þjálfari Framara, sem mæta til Vestmannaeyja í dag:
# Við munum halda okkar striki áfram

**FÓTBOLTI** Einn leikur verður á dagskrá Landsbankadeildar karla í knattspyrnu í kvöld, þegar ÍBV tekur á móti Fram á Hásteinsvelli í Vestmannaeyjum. Bæði þessi lið hafa verið í miklu basli í sumar, ÍBV er í næstneðsta sæti deildarinnar með aðeins sex stig úr níu leikjum, en Framarar hafa aðeins náð í tvö stig af átján mögulegum í síðustu sex leikjum sínum eftir prýðilega byrjun á mótinu þar sem þeir unnu meðal annars Eyjamenn 3–0 í fyrri leik liðanna sem fram fór í Laugardalnum.

Ólafur Kristjánsson, þjálfari Fram, segir sína menn staðráðna í að krækja í öll stigin í Vestmannaeyjum í kvöld.

„Hásteinsvöllur hefur verið erfitt vígi fyrir lið til að sækja stig, en við ætlum okkur sigur engu að síður og það kemur bara í ljós í dag hvort við stöndum við það. Að mínu mati er ekki mikið af hlutum sem þarf að laga í leik liðsins til að fara að ná hagstæðum úrslitum, en það er eitt að tala um það og annað að gera það.

Mér finnst líka kominn tími á að þeir sem telja sig stuðningsmenn liðsins fari að mæta á leiki og styðja við bakið á liðinu. Það tekst ekki að bæta árangur liðsins nema með sameiginlegu átaki og ég skora bara á alla þá sem telja sig stuðningsmenn Fram að fara að mæta á völlinn. Það er ekki stuðningsmönnunum að kenna ef liðið nær ekki árangri – en það getur aftur á móti verið þeim að þakka ef liðið nær að snúa við blaðinu,“ sagði Ólafur.

„Við þurfum á öllu okkar að halda á lokasprettinum til að lenda ekki í verulegum vandræðum á þessu móti og það sem mér finnst við eina helst þurfa að laga er að skora meira af mörkum. Við ætlum okkur að taka á því, en ég mun ekki grípa til róttækra aðgerða til að breyta leik liðsins, ég legg upp með ákveðna hluti og við munum halda okkar striki áfram,“ sagði Ólafur ákveðinn. **- bb**



**VINNA ÞEIR Í DAG?** Framararnir Ríkharður Daðason og Ívar Björnsson hafa ekki verið í sigurliði í Landsbankadeildinni síðan 27. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# LIÐIÐ MITT > MAGNÚS ÓLAFSSON SETUR SAMAN ÚRVALSLIÐ ALLRA TÍMA HJÁ FH Í FÓTBOLTANUM



## Ellefu menn með FH-hjartað í

**Daði Lárusson** – „Frábær markvörður sem er í landsliðsklassa. Hann og Stefán eru bestu markverðir allra tíma hjá FH."

**Auðun Helgason** – „Ósérhlífinn og harður jaxl."

**Dýri Guðmundsson** – „Langbesti varnarmaður sem FH hefur haft – fyrr og síðar."

**Ólafur Jóhannesson** – „Leikmaður með ódrepandi dugnað og útsjónarsemi."

**Ólafur Kristjánsson** – „Rosalega grimmur og útsjónarsamur leikmaður."

**Hilmar Björnsson** – „Með skemmtilegri leikmönnum FH, hætti of snemma í liðinu."

**Heimir Guðjónsson** – „Yfirvegaður og útsjónarsamur leikmaður."

**Viðar Halldórsson** – „Skemmtilegur leikmaður með FH-hjarta."

**Janus Guðlaugsson** – „Var oft ótrúlega laginn með boltann og gaman að fylgjast með honum."

**Hörður Magnússon** – „Einn besti markaskorari Íslands fyrr og síðar, hætti of snemma. Fæddur FH-ingur og verður aldrei annað."

**Allan Borgvardt** – „Lúnkinn markaskorari, hefði viljað sjá hann spila með Herði í sókninni. Mjög ólíkir leikmenn."




*„Þetta lið færi létt með að vinna Íslandsmótið án þess að tapa stigi og tæki alla bikara í boði hér á landi."*

## ÚR SPORTINU

**Ryan Giggs** hjá Manchester United segist viss um að lið sitt geti veitt meisturum Chelsea verðuga keppni um titilinn á næsta keppnistímabili. „Ég veit að bilið milli okkar og Chelsea var mikið í deildinni á síðustu leiktíð, en mér finnst við vera með alveg jafn gott lið og þeir. Í mínum huga er þetta bara spurning um einbeitingu. Hún var oft á tíðum ekki til staðar hjá okkur á síðustu leiktíð og ég veit að knattspyrnustjórinn mun leggja sérstaka áherslu á að kippa þessu í liðinn í framtíðinni," sagði **Giggs**.



**Rafael Benitez**, knattspyrnustjóri Liverpool, segir að áframhaldandi vera þeirra **Stevens Gerrard** og **Jamie Carragher** hjá félaginu sé ómetanleg fyrir framtíðaráform sín með liðið. „Það eru margir frábærir leikmenn hjá Liverpool, en mikilvægi þess að hafa heimamenn í liðinu verður ekki metið til fjár. Stuðningsmenn liðsins hafa myndað mikil tengsl við þessa leikmenn, sem hafa komið upp úr unglingaliðum félagsins og því eru þeir lykilmenn í hópnum af fleiri ástæðum en þeim sem gefa augaleið," sagði **Benitez**.



**Ensku landsliðsmennirnir hjá Chelsea, John Terry** og **Frank Lampard**, eru báðir á góðum batavegi eftir að hafa gengist undir aðgerðir í sumarfríinu og talið er að þeir verði klárir í slaginn með liðinu í fyrsta æfingaleik sumarsins við Wycombe á miðvikudag. „Þetta er sennilega lengsta frí sem ég hef fengið síðan ég varð atvinnumaður, þannig að ég hlakka til að hefjast handa við að æfa fljótlega," sagði **Lampard**, sem þó telur sig eiga nokkuð í land með að ná fullum styrk.



Ungur knattspyrnumaður að nafni **Craig Gowans** lét lífið í nöturlegu slysi við æfingasvæði skoska liðsins Falkirk á föstudag, þegar sex metra langar súlur sem hann hélt á, rákust í raflínur sem lágu meðfram vellinum, með þeim afleiðingum að hann lést samstundis. Öllum fyrirhuguðum uppákomum og æfingaferðum liðsins hefur verið aflýst í kjölfarið. Leikmaðurinn var aðeins sautján ára gamall og var á fullum samningi hjá Falkirk.

Argentíski knattspyrnumaðurinn **Gabriel Heinze** hjá Manchester United hefur verið kosinn leikmaður ársins af stuðningsmönnum félagsins. **Heinze** hlaut þriðjung atkvæða þeirra 17.000 stuðningsmanna félgagsins sem gáfu atkvæði og er fyrsti leikmaðurinn utan Evrópu til að ljóta þessa viðurkenningu, sem nefnd er eftir **Matt Busby**, fyrrum knattspyrnustjóra félagsins. Næstir í valinu komu þeir **Wayne Rooney** og **Christiano Ronaldo**.



# Það er ég sem ræð hjá Real Madrid

**Vanderlei Luxemburgo, knattspyrnustjóri Real Madrid, hefur gefið út skýr skilaboð til leikmanna sem hafa gert athugasemdir við stöðu sína í liðinu og beindi orðum sínum ekki síst til Michaels Owen.**

**FÓTBOLTI** Miklar vangaveltur hafa verið uppi um framtíð nokkurra leikmanna Real Madrid á síðustu vikum og mánuðum og svo virðist sem knattspyrnustjóranum brasilíska þyki nóg komið af svo góðu. Fjölmiðlar hafa velt fyrir sér framtíð þeirra Luis Figo, Guti og Michael Owen, því þeir eiga það allir sameiginlegt að hafa á einhverjum tímapunkti gagnrýnt þá ákvörðun stjórans að láta þá verma varamannabekk liðsins.

Michael Owen var kannski skiljanlega hissa á að fá ekki fleiri tækifæri í byrjunarliðinu í fyrra, því að markaskorun hans miðað við leiknar mínútur var með afbrigðum góð. Talið var líklegt að Owen myndi því íhuga að koma aftur til Englands í ár, því ekki hefur staðið á áhuga félaga í heimalandi hans, auk þess sem leikmaðurinn vill að sjálfsögðu fá næg tækifæri til að tryggja sig í enska landsliðið sem tekur þátt á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi næsta sumar.

### Eru allir partur af liðinu

Wanderlei Luxemburgo hefur nú tekið af allan vafa með framtíð leikmannanna.

„Ef menn ætla að vera í hópnum með það fyrir augum að vera alltaf í byrjunarliðinu, verða þeir einfaldlega að leita eitthvert annað. Við kaupum leikmenn til Real Madrid til að vera partur af leikmannahópi liðsins, ekki til að byrja alltaf inn á. Það eru endalausar vangaveltur í gangi með Michael Owen og menn tala sífellt um að hann sé á leið frá félaginu. Málið er einfalt, hann er samningsbundinn Real, alveg eins og Luis Figo og hvort þeir byrja inn á eða ekki hefur ekkert með málið að gera," sagði Luxemburgo, sem undirstrikaði jafnframt hver það væri sem réði hlutunum.

„Það er ég sem ræð því hverjir eru í liðinu hverju sinni og ef ég tel að menn eigi ekki að vera í liðinu, eru þeir ekki í liðinu. Guti talaði um að hann væri ósáttur við að fá ekki að spila meira og talaði um að fara frá liðinu. Hann hefði átt að hætta að tala um það og gera eitthvað í því í staðinn, en staðreyndin er bara sú að hann fann ekkert lið sem vildi hann, þannig að honum væri hollast að hafa sig hægan," sagði Luxemburgo ákveðinn og greinilegt er að hann ætlar ekki að láta leikmenn sína spila með sig.

### Framtíðin orðin óljós

Miðað við þessar yfirlýsingar knattspyrnustjórans gæti framtíð Michaels Owen hjá Real verið nokkuð óljós, því með tilkomu eins framherjans, ungstirnisins Robinho, er ljóst að samkeppnin um framherjastöðurnar í liðinu verður enn harðari en hún var á síðustu leiktíð. Þetta hefur einnig orðið til þess að kveikja aftur í orðrómi þess efnis að Owen snúi aftur til Englands og hafa Arsenal, Chelsea og gamla félagið hans Liverpool, öll verið nefnd til sögunnar í þeim efnum.

**baldur@frettabladid.is**



**LUIS FIGO** Skoraði 3 mörk og átti 3 stoðsendingar í 33 leikjum á síðasta tímabili. Var 26 sinnum í byrjunarliði en kom 7 sinnum inn á sem varamaður og lék alls í 2.291 mínútu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**GUTI** Náði ekki að skora en átti 4 stoðsendingar í 31 leik á síðasta tímabili. Var 18 sinnum í byrjunarliði en kom 13 sinnum inn á sem varamaður og lék alls í 1.917 mínútur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**MICHAEL OWEN** Skoraði 13 mörk og átti 3 stoðsendingar í 36 leikjum á síðasta tímabili. Var 20 sinnum í byrjunarliði en kom 16 sinnum inn á sem varamaður og lék alls í 1.840 mínútur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Chelsea sagt vera að undirbúa risatilboð í besta knattspyrnumann heims:

# Tíu milljarða tilboð í Ronaldinho

**FÓTBOLTI** Ítalskir fjölmiðlar greina frá því um helgina að Chelsea ætli sér að gera 83 milljóna punda mettilboð í framherjann Ronaldinho hjá Barcelona. Samkvæmt heimildum ítalska blaðsins Corriere dello Sport myndi brasilíski leikmaðurinn fá níu ára samning og hafa um tíu milljónir punda í árslaun.

Umboðsmaður Ronaldinho, Roberto de Assis, sem einnig er bróðir hans, þvertekur fyrir að fótur sé fyrir efni greinarinnar og segir leikmanninn sé í viðræðum við Barcelona um að framlengja núverandi samning sinn við liðið um fimm ár.

Barcelona setti á sínum tíma ákvæði í samning hans sem segir að 100 milljón punda tilboð þurfi að berast til að fá hann lausan frá liðinu, en það er gert til að fæla frá hugsanlega kaupendur. Eðli málsins samkvæmt væru mörg lið tilbúin til að fá leikmanninn til sín, enda hefur hann verið einn besti knattspyrnumaður heims undanfarin ár og engum dylst snilli hans.

Ronaldinho er sagður vera ósáttur við að fyrrverandi aðstoðarforseti liðsins, Sandro Rosell, sagði af sér á dögunum, en hann er maðurinn sem átti stóran þátt í að fá Ronaldinho til Barca á sínum tíma.

Leikmaðurinn hefur þó alltaf sagt að hann vilji vera á Spáni, því þar líði honum og fjölskyldu hans vel og það sé ástæða þess að hann valdi spænskt lið fram yfir enskt á sínum tíma. **- bb**



**100 MILLU MAÐURINN** Chelsea myndi slá öll met ef það festi kaup á Ronaldinho, sem fram til þessa hefur ekki verið til sölu. Hér fagnar hann einu af fjölmörgum mörkum sínum fyrir Barcelina á síðasta tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Suðurlandströllið 2005:

# Verndarinn vann í 3ja sinn

**AFLRAUNIR** Kópavogströllið Auðunn „Verndari" Jónsson varð hlutskarpastur í keppninni um titilinn „Suðurlandströllið" sem fram fór á Selfossi og í Hveragerði um helgina, en keppnin var liður í mótaröðinni Sterkasti maður Íslands.

Sigur Auðuns var mjög naumur, því hann og Kristinn Óskar Haraldsson „Boris" voru jafnir á stigum fyrir lokagreinina, Atlassteinana, sem fram fór fyrir framan Eden í Hveragerði.

Það var þó Auðunn sem hafði betur að þessu sinni eftir að hafa misst af síðustu keppni og þetta var í þriðja skipti sem kappinn hirðir titil þennan, en Auðunn ku finna sig vel á Suðurlandinu eins og titlarnir bera glöggt vitni.

Í þriðja sæti hafnaði Bergur Guðbjörnsson og um beina lýsingu sá „Úrsusinn" Hjalti Árnason. **- bb**


event
BRADY
COWBOYS
12
500 KR. AFSLÁTTUR FYRIR NÁMUFÉLAGA LANDSBANKANS
Landsbankinn
Mountain Dew
SIRKUS
Miðasala í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri og Selfossi, á www.event.is og í síma 575 1522.



7
dagar
Magic
Snoop Dogg
EUROPEAN TOUR 2005
EGILSHÖLL 17. JÚLÍ




## STUÐ MILLI STRÍÐA ⋮ Nú kveð ég þig með tárum

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** LÆRÐI ÝMISLEGT UM SJÁLFAN SIG AF KVIKMYNDUM


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Á meðan sumir vitna í bækur vitna ég í kvikmyndir enda eru þær í hávegum hafðar hjá mér. Finnst þær vera frásagnarmáti minnar kynslóðar. Góð kvikmynd gefur góðri bók ekkert eftir.

Kvikmyndir hafa kennt mér ýmislegt, rétt eins og bókaormar hafa lært margt skemmtilegt af bókum. Billy Crystal útskýrði fyrir mér í When Harry Met Sally af hverju ég ætti aldrei að keyra kærustuna út á flugvöll og Jack Nicholson sýndi mér í As Good as It Gets að batnandi manni er best að lifa.

Kvikmyndirnar hafa opnað augu mín fyrir þeirri staðreynd að ég þoli illa kveðjustundir. Hvorki í bíómyndum né raunveruleikanum. Ástæðan er sú að ég fer alltaf að gráta. Þrátt fyrir að sumum karlkyns lesendum kunni að finnast ég hálfgerð kveifa finnst mér það karlmannlegt að viðurkenna þetta.

Mér til mikilllar gleði var nýlega valið sorglegasta atriði kvikmyndasögunnar. Það reyndist vera kveðjustund E.T. og Elliot. Hver man ekki eftir því þegar Leonardo DiCaprio dó í Titanic eða þegar Patrick Swayze birtist aftur í Ghost? Þau voru ófá tárin sem féllu þá. Nei, geimvera að kveðja strák þótti hryggilegra. Reyndar finnst mér atriðið þegar hesturinn dó í Neverending Story mun átakanlegra og ég var nánast óhuggandi eftir á. Þetta sýndi mér þó að ég er ekki sá eini sem er viðkvæmur fyrir kveðjustundum.

Á næstu dögum þarf ég að segja bless við góðan vin minn sem er á leið í víking til Danmerkur. Ég vona að ég nái að halda tárunum aftur þegar ég kveð hann. Ætti kannski að forðast kveðjustundina eins og heitan eldinn þannig að athöfnin verði ekki jafn sorgleg og þegar Elliot kvaddi E.T. eða þegar hesturinn dó í Neverending Story.

## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli







### PÚ OG PA

Eftir SÖB



# Batman byrjar, fer á hæli og snýr aftur

[ MYNDASÖGUR ]

**UMFJÖLLUN** HUGLEIKUR DAGSSON fjallar um þrjár Batman myndasögur.

Ofuhetjuaðdáendur halda ekki vatni yfir Batman Begins, nýju kvikmyndinni um hempuklædda krossfarann. Myndin er vissulega léttir, því enginn er í stuði fyrir annað neonlitað stórslys að hætti Joel Schumacher. Svo virðist sem Christopher Nolan hafi hitt naglann á höfuðið. Hann hlýtur að hafa lesið réttu bækurnar.

### Innblástur frá Frank Miller

Batman: Year One eftir Frank Miller er bókin sem Nolan gluggaði hvað mest í við gerð myndarinnar. Eins og kvikmyndin, segir bókin frá fæðingu leðurblökumannsins. Gotham City er á hraðri leið til glötunar með hjálp glæpamanna og spilltra lögreglumanna. En réttlætið snýr aftur til borgarinnar á ögurstundu, klætt í leðurblökubúning með græjubelti. Year One er raunsærri en allar aðrar ofurhetjubækur. Svo raunsæ að maður sér hana frekar sem blákaldan krimma en ofurhetjubók. Enda er Batman ekkert annað en sjálfskipuð rannsóknarlögregla. Í grímubúningi. Teikningar Mazzucchellis og saga Millers smellpassa saman og úr verður skyldulesning fyrir alla þá sem efast um ágæti blökunnar.

### Sálarháski á hælinu

En hvers konar maður klæðist ofurhetjubúningi í þeim tilgangi að berjast gegn glæpum? Ef hann kæmi frá annarri plánetu eins og Súpermann væri það skiljanlegt. Eða ef hann væri eineltisbarn bitinn af geislavirkri kónguló eins og Spider-Man. En Bruce Wayne er tæknilega ekki ofurhetja þar sem hann hefur enga ofurhetjuhæfileika. Hann er bara maður sem varð vitni að morði foreldra sinna í barnæsku og hefur ekki gengið heill til skógar síðan. Hann er haldinn þráhyggjukenndu hatri á glæpamönnum en í stað þess að skjóta þá niður eins og Punisher, klæðir hann sig í leðurblökubúning og eltir þá uppi eins og veiðimaður. Leðurblökuútlitið notar hann til þess að hræða bráðina, en af og til lendir hann í krimmum sem hræðast hann ekki. Þetta eru þeir óvinir Batmans sem eru geðveikari en hann sjálfur. Þá sendir hann á Arkham Asylum, hæli fyrir geðveika glæpamenn. Íslandsvinirnir Grant Morrison og Dave McKean gerðu bók um Arkham Asylum þar sem Batman fer í heimsókn á hælið til að stöðva óeirðir sem Jókerinn stendur fyrir.



**BATMAN: YEAR ONE**
EFTIR FRANK MILLER OG DAVID MAZZUCCHELLI



**THE DARK KNIGHT RETURNS**
EFTIR FRANK MILLER




**ARKHAM ASYLUM**
EFTIR GRANT MORRISON OG DAVE MCKEAN

### Jókerinn speglar sig í Batman

Jókerinn hefur frá upphafi verið hættulegasti erkióvinur Batmans, og glæpir hans virðast oftar og oftar eingöngu vera framdir í þeim tilgangi að ögra hetjunni. Það er eins og Jókerinn lifi fyrir Batman því hann nýtur þess að láta hann elta sig. Arkham Asylum er innlit í sálarlíf Batmans og óvina hans og er einmitt bókin sem Christian Bale las reglulega við gerð myndarinnar til að komast í gírinn. Einnig er hægt að finna rosa gott dæmi um samband Batmans og Jókersins í The Killing Joke eftir Alan Moore og Brian Bollard.

### Engin leið að hætta

Þegar Bruce Wayne nálgaðist fimmtugsaldurinn runnu á hann tvær grímur og hann ákvað að leggja hempuna á hilluna.
Hann sér að glæpir eru órjúfanlegur hluti af samfélaginu og ómögulegt sé að gera út af við þá. En svo virðist sem Gotham-borg hafi verið orðin of góðu vön því að Batman sest í helgan stein byrja hrottalegri glæpagengi að misþyrma borgarbúum. Bruce Wayne, þá gamall og hrukkóttur, neyðist til að opna leðurblökuhellinn að nýju og troða sér í gallann. Þetta er sagan sem Frank Miller segir í bestu Batman bók allra tíma, The Dark Knight Returns.
Framtíð Gotham-borgar er ekkert sérstaklega björt, enda skrifuð á tímum Reagans og Thatcher sem var mikið svartsýnistímabil í myndasögum sem og annars staðar. Við endurkomu Batmans vaknar Jókerinn úr margra ára þunglyndi og reynir að ganga í augun á hetjunni með sínum ógeðslegasta glæp til þessa. Í þessari bók er Jókerinn eins og gömul og úrkynjuð rokkstjarna sem þráir ekkert heitar en að deyja á toppnum.
Batman sjálfur er grimmari og jafnvel þrjóskari en fyrr enda hefur hann loks fattað að það er honum ómögulegt að hætta þessu brjálæði. ■

# Skynsemi ofar öllu

[ TÓNLIST ]

**UMFJÖLLUN**

Common hefur, ásamt Talib Kweli, í gegnum tíðina verið rödd skynseminnar í bandarísku hiphoppi. Á meðan flestir aðrir rappa um byssur, brjóst, brennivín og bling bling hefur Common einbeitt sér að huglægri málefnum. Hann hikar ekki við að gera ástina, bjöguð samskipti fólks eða blint hatur að umræðuefni sínu. Hann myndi líklegast aldrei gera myndband hlaðið titrandi rössum eða seðlabúntum. Það er því nokkuð kaldhæðnislegt að hann skuli vera einn af þessum röppurum sem fólk veit almennt ekki af. Aðeins rappgrúskrararnir þekkja hann eins og handarbakið á sér.

Be er sjötta breiðskífan hans og í þetta skiptið er mikið lagt í að setja saman grípandi grúf með beittum krókum. Kanye West spilar stórt hlutverk á plötunni, á mikið í tónlistinni og rappar í nokkrum lögum. Fyrir vikið er þetta án efa ein af aðgengilegri plötum Common, og hún rennur ljúflega í gegn. Ef heimurinn er sanngjarn þá ætti Common að eiga góðan séns í að fá spilun í útvarpi víðsvegar. Testify er dæmi um lag sem hefur alla burði til þess að verða slagari, en hvort það verður er erfitt að segja.

Common er rappari fyrir þenkjandi fólk, sem kærir sig um tilfinningar sínar og annarra. Þetta er hiphop fyrir þá sem eru orðnir þreyttir á allri sýndarmennskunni sem einkennir meginstraumshiphop í dag. Í hvert einasta skiptið sem síðasta lagið klárast, hef ég velt fyrir mér hversu stutt mér fannst platan. Það er alltaf merki um góða plötu.

Birgir Örn Steinarsson



**COMMON: BE**

**NIÐURSTAÐA:** Common skilar af sér enn einni frábærri plötu. Í þetta skiptið er Kanye West honum innan handar og útkoman er aðgengilegasta plata Common. Hiphop fyrir þenkjandi fólk.

# Miðasala í næstu viku

Miðasala á tónleika bandarísku rokkgyðjunnar Patti Smith á Nasa 6. september hefst 14. júlí næstkomandi. Patti Smith er talin einn mesti áhrifavaldur rokksins og algjör goðsögn í lifanda lífi.

Á rúmlega 30 ára ferli hefur Smith alltaf farið sínar eigin leiðir, ögrað og hrist upp í fólki og hugsunarhætti þess. Miðasala á tónleikana fer fram í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri og Selfossi, á event.is og í síma 575 1522. Miðaverð er 3.900 krónur og eru aðeins 550 miðar í boði. ■



**PATTI SMITH** Rokkgyðjan Patti Smith heldur tónleika á Nasa 6. september.

Útsalan hefst á morgun • Útsalan hefst á morgun • Útsalan hefst á morgun • Útsalan hefst á morgun

ÚTSALA

HB HERRAFATAVERSLUN BIRGIS
FÁKAFENI 11 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 553 1170

ENNEMM / SÍA / NM14802

birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »










# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

8 9 **10** 11 12

**Sunnudagur**

## TÓNLEIKAR

☐ 14.00 **Sinfóníuhljómsveit unga fólksins** heldur tónleika klukkan í **Siglufjarðarkirkju**. Tónleikarnir bera yfirskriftina **Sagnir frá nýja heiminum** og eru byggðir upp á verkum bandarískra tónskálda og verkum tengdum Bandaríkjunum. Einleikarar eru leika bræðurnir Matthías og Jóhann Nardeau sem og Víkingur Heiðar Ólafsson.

☐ 15.00 **Nordic Affect** með tónleika í **Skálholtskirkju** þar sem flutt verður dagskráin **Í kjölfar sónötunnar**.

☐ 17.00 Messa í **Skálholtskirkju** þar sem **Hljómeyki** flytur nýtt verk eftir **Önnu Þorvaldsdóttur**

## SAFNADAGURINN

☐ 11.00 Mæting í lystihúsinu í **Grasagarði Reykjavíkur**. Haldið verður upp á íslenska safnadaginn með fræðslu um fjölærar blómplöntur. Eitt stærsta safn Grasagarðsins eru erlendar fjölærar blómplöntur og er fjöldi þeirra yfir 2000 villtar tegundir, afbrigði og ræktuð yrki. **Hólmfríður A. Sigurðardóttir** mun leiða fræðsluna á göngu um garðinn en hún er garðykjukandidat og fjölfróð um garðblóm og erlendar fjölærar jurtir.

☐ 13.30 í **Víkinnni, Sjóminjasafninu í Reykjavík** verður leikin sjómannatónlist á dragspil í anddyri safnsins auk þess sem hnýtt verða net í sýningarsalnum.

☐ 14.00 í **Norræna húsinu** segja **Helgi Þórsson** og **Magnús Logi Kristinsson**, tveir af sýnendum **Grúsar**, frá verkum sínum á sýningunni. Annar sýningarstjóranna, Hanna Styrmisdóttir, kynnir sýninguna og svarar spurningum. Í tilefni Safnadagsins verður opið hús í Norræna húsinu frá 12 til 17.

☐ 14.00 Á **Þjóðminjasafni Íslands** mun **Þorgerður H. Þorvaldsdóttir** leiða gesti um grunnsýningu safnsins, **Þjóð verður til**.

☐ 15.00 í fræðslusal **Víkurinnar, Sjómannasafnsins í Reykjavík** verður frumsýnd myndin **Hættur hafsins** sem er 52 mín. að lengd. Framleiðandi er Storm.

☐ 16.00 í **Þjóðminjasafninu** mun **Þóra Kristjánsdóttur** sérfræðingur leiða gesti um sýninguna **Mynd á þili, íslenskir myndlistarmenn fyrri alda**.

## MESSUR

☐ 11.00 Hátíðarmessa í **Hallgrímskirkju**. Sr. Helgi Hróbjartsson prestur Íslendinga í Noregi og kristniboði í Eþíópíu í áratugi prédikar og þjónar fyrir altari. Organisti verður Douglas Brotchie og hópur úr Mótettukór Hallgrímskirkju syngur.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.










# Gagnrýnandi leikur í hryllingsmynd

Bandaríski kvikmyndaleikstjórinn og Íslandsvinurinn Eli Roth er hæstánægður með ódýru hryllingsmyndina sína Hostel sem hann hyggst frumsýna fyrir áramót.

Myndin var tekin upp í Prag og greinir frá þremur puttaferðalöngum sem lenda í pyntingum og morðum á ferð sinni um Austur-Evrópu.

Eyþór Guðjónsson fer með eitt aðalhlutverkanna en Eli skrifaði það sérstaklega með Íslending í huga. Eli kynntist Eyþóri þegar hann kom hingað í tengslum við frumsýningu glæsilegs byrjendaverks síns, Cabin Fever.

Eli er mikið fyrir að nota ólærða leikara og hikar ekki við að skella fólki sem hann kann vel við í myndir sínar og þannig hefur kvikmyndatímaritið Empire nú greint frá því að Chris Hewitt, einn gagnrýnenda þess, leiki fullan gest í steggjapartíi í Hostel. Hewitt fær þó ekki að segja eitt orð og skyggir því ekki á Eyþór en Eli útilokar ekki að blaðamaðurinn fái fleiri tækifæri.

„Chris er fæddur til að leika. Ég ætla að nota hann í öllum myndum mínum og kannski leyfi ég honum að segja eina setnignu næst,“ segir Eli, sem fullyrðir að Hostel sé það sjúkasta sem hann hafi gert hingað til. „Það er blóð út um allt,“ segir hann og hlær en Eli er staðfastur í þeirri trú sinni að nekt sé ómissandi í hryllingsmyndum og að þær eigi að gera fyrir lítinn pening með miklu blóðsulli. ■



**ELI ROTH** Þessi kúnstugi leikstjóri er hér ásamt leikaranum Jamie Kennedy í klónum á Friðriki Þór Friðrikssyni.



**PITT OG CLOONEY** Ætli hótelið þeirra komi til með að heita Heartbreak Hotel?

# Pitt og Clooney fara aftur til Vegas

George Clooney og Brad Pitt eru sagðir vera á leiðinni í hóteliðnaðinn í Las Vegas. Vinirnir hafa skrifað undir samning við eiginmann Cindy Crawford, Rande Gerber, um að byggja nýtt hótel og spilavíti sem eigi að opna í janúar. Samkvæmt heimildum New York Post leggja Clooney og Pitt ekki neinn pening í framkvæmdirnar heldur á Brad að hanna það og vera andlit þess ásamt Clooney.

Þeir félagar eru ekki alveg ókunnir Las Vegas því þeir rændu jú eftirminnilega þrjú stærstu spilavíti Las Vegas í kvikmyndinni Ocean's Eleven. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**FJÖLSKYLDAN** Söngkonan Whitney Houston og rapparinn Bobby Brown hafa ekki verið barnanna best á undanförnum árum. Þau vilja nú stækka fjölskylduna enn frekar sem er vísbending um að eitthvað virðast þau vera að róast.

# Houston langar í strák

Whitney Houston langar í annað barn með eiginmanni sínum Bobby Brown. Parið er nú að leika í raunveruleikaþáttaröð í sjónvarpi og hefur contactmusic.com eftir Houston að hana langi í strák. Hjónakornin eiga fyrir tólf ára gamla dóttur. „Hana langar í barn og ég vil að hún sé hamingjusöm,“ hefur vefurinn eftir Bobby Brown sem segist jafnframt vera spenntur yfir þeirri tilhugsun að fá að verða pabbi á ný. ■




# Ný plata frá McCartney

Bítillinn fyrrverandi Paul McCartney gefur út sína þrettándu sólóplötu 12. september. Platan ber heitið Chaos and Creation in the Back Yard og er fyrsta plata kappans síðan hann gaf út Driving Rain árið 2001.

Á nýju plötunni er að finna þrettán ný lög, sem meðal annars heita Promise to You Girl og Fine Line. „Ég vildi ekki drífa mig að klára þessa plötu," sagði McCartney. „Ég samdi stóran hluta af henni án mikils undirbúnings. Ég reyndi eitthvað og ef það gekk ekki reyndi ég eitthvað annað þar til hlutirnir smullu saman." Fjórum dögum eftir útgáfu plötunnar fer McCartney í umfangsmikla tónleikaferð um Bandaríkin þar sem hann treður upp í 37 borgum. ■


**PAUL MCCARTNEY** Bítillinn fyrrverandi gefur út sína 13. sólóplötu 12. september.

# Svona er sumarið komin út

Safnplatan Svona er sumarið 2005 er nýkomin út. Platan er tvöföld með mörgum af vinsælustu íslensku lögunum þetta sumarið.

Á meðal laga á plötunni er nýtt lag frá Sálinni hans Jóns míns, „Þú færð bros," sem verður að finna á næstu plötu sveitarinnar sem er væntanleg síðar á árinu.

Einnig eru þar m.a. lögin „Leyndarmál" með Írafár, „Má ég sjá?" með Skítamóral, „Dans, dans, dans," með Nylon, „Vaknaðu" með Í svörtum fötum og „Segðu já!" með Stuðmönnum. ■



**SVONA ER SUMARIÐ** Fjölmargir nýir íslenskir slagarar eru á plötunni Svona er sumarið.






## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning?

**„Why did the man throw, throw the clock out of the window, huh? He wanted to see time fly.“**

**Svar:** Richard Forst úr kvikmyndinni Faces frá árinu 1968.

# dagskrá

## Í TÆKINU | STRIPPAÐI OG SAGÐI EKKI MÖMMU FRÁ

EVE LEIKUR Í BARBERSHOP KL. 20.00 Á STÖÐ 2 BÍÓ.

Eve Jihan Jeffers fæddist 10. nóvember árið 1978 í Fíladelfíu í Pennsylvaníu-fylki í Bandaríkjunum.

Hún átti erfiða æsku. Foreldrar hennar skildu þegar hún var tólf ára og var hún því alin upp af mömmu sinni og ömmu. Þó Eve hafi verið umkringd vandræðagemsum í æsku þá notaði hún alltaf frumleika sinn á jákvæðan hátt.

Eva var orðin nokkuð góð í rappinu þegar hún var unglingur og undir nafninu „gangsta“ rappaði hún í bandinu EDGP, sem er borið fram eins og Egyptaland á ensku. Bandið hætti fljótlega og Eve fór sínar eigin leiðir í tónlist á klúbbum í Fíladelfíu og kallaði sig „Eve of Destruction.“

Móðir Eve giftist aftur og Eve þoldi það ekki. Hún fór á strippklúbbana í Bronx hverfinu í New York og vann þar í stutta stund sem fatafella undir nöfnunum Mystique, Cinnamon og Ginger. Hún þénaði mikið en sagði ekki móður sinni frá sem varð til þess að Eve var þjökuð af samviskubiti og hætti í strippinu til að ná frama í rappinu.



Eve fékk loks stóra tækifærið með hjálp vina sinna sem plötuðu framleiðandann Dr. Dre til að hlusta á Eve. Honum leist á hana og bauð henni til Kaliforníu til að taka upp demó. Eve fékk árssamning hjá Aftermath en náði ekki að byrja á plötu á þeim tíma. Hún fór aftur til Fíladelfíu og byrjaði að hanga með Ruff Ryders' genginu. Hún gaf út plötu hjá Ruff Ryders plötufyrirtækinu sem kom út árið 1999 og hét Eve: Ruff Ryder's First Lady. Platan var geysivinsæl og seldist í tæplega tveim milljónum eintaka.

Eve snéri aftur árið 2001 með plötuna Scorpion sem sló líka í gegn. Lögin „Who's That Girl“ og „Let Me Blow Ya Mind“ með Gwen Stefani urðu bæði gríðarlega vinsæl.

Síðan þá hefur Eve orðið vinsælli og vinsælli og leikur í kvikmyndum ásamt því að syngja.

**Þrjár bestu myndir EVE:**
**Barbershop** – 2002
**xXx** – 2002
**The Woodsman** – 2004



**20.25** *Bíó*

**Das Bernsteinamulett**



**21.20** *Drama*

**Revelations**



**22.00** *Raunveruleiki*

**Road to Stardom**



**21.00** *Fréttir*

**Dateline**



**22.00** *Íþróttir*

**NBA körfubolti**

### SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Engilbert (2:26) **8.11** Hænsnakofinn (8:13) **8.19** Ketill (49:52) **8.33** Magga og furðudýrið ógurlega (6:26) **9.00** Disneystundin **9.01** Stjáni (2:11) **9.25** Sígildar teiknimyndir (1:10) **9.32** Líló og Stich (1:28)

**9.55** Matta fóstra og ímynduðu vinirnir (12:26) **10.30** Hlé **11.30** Formúla 1 **14.10** Hlé **17.25** Út og suður (10:12) **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar **18.25** Krakkar á ferð og flugi (8:10) **18.50 Elli eldfluga**

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.00 Út og suður (11:12)** Gísli Einarsson flakkar vítt og breitt um landið og bregður upp svipmyndum af áhugaverðu fólki. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**20.25 Verndargripurinn (2:2)** (Das Bernsteinamulett) Þýsk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum frá 2003. Leikstjóri er Gabi Kubach og meðal leikenda eru Muriel Baumeister, Michael von Au, Nadeshda Brennicke, Merab Ninidze og Nadja Tiller.
**21.55 Helgarsportið**
**22.20 Karlar, konur: Notkunarleiðbeiningar** (Hommes, femmes, mode d'emploi) Frönsk bíómynd frá 1996 um lífsglaðan kaupsýslumann og niðurdregna löggu.

**0.20** Kastljósið **0.40** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Litlir hnettir, Pingu, Litlu vélmennin, Véla Villi, Töfravagninn, Svampur Sveins, Könnuðurinn Dóra, Smá skrítnir foreldrar, WinxClub, As told by Ginger 1, Scooby Doo, Titeuf, Batman, Yu Gi Oh, Froskafjör, Shoebox Zoo)

**12.00** Neighbours **12.20** Neighbours **12.40** Neighbours **13.00** Neighbours **13.20** Neighbours **13.45** Idol – Stjörnuleit (6:37) (e) **14.50** William and Mary (6:6) **15.35** You Are What You Eat (6:8) (e) **16.00** Whoopi (8:22) (e) **16.25** Apprentice 3, The (6:18)

**17.15 Einu sinni var**
**17.45 Oprah Winfrey**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.15 Home Improvement 2 (2:27)**
**19.40 Whose Line Is it Anyway?**
**20.05 Kóngur um stund (8:18)** Umsjónarmaður er Brynja Þorgeirsdóttir og hún fjallar um allar hliðar hestamennskunnar í þætti sínum.
**20.35 Cold Case 2 (23:23)** (Óupplýst mál) Myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar í morðdeildinni í Fíladelfíu. Bönnuð börnum.
**21.20 Revelations (1:6)** (Hugljómun) Tilvist jarðarinnar er uppspretta óendanlegrar umræðu. Bönnuð börnum.
**22.05 Medical Investigations (13:20)** (Læknagengið) Doktor Stephen Connor fer fyrir sérfræðingasveit sem er kölluð til þegar hætta er á ferðum.

**22.50** A Beautiful Mind **1.05** The 4400 (2:6) (e) (Bönnuð börnum) **1.50** DNA (2:2) (Bönnuð börnum) **3.05** Fréttir Stöðvar 2 **3.50** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**14.00** The Joe Schmo Show (2:8) **15.00** Newlyweds, The (3:30) **15.30** Newlyweds, The (4:30) **16.00** Joan Of Arcadia (2:23) **17.00** American Dad (2:13) **17.30** Friends (8:24) **18.00** Friends (9:24)

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Game TV** Sverrir og Óli koma með allt það nýjasta og heitasta sem er að finna í tölvuheiminum í dag.
**19.30 Seinfeld 2 (5:13)**

**20.00 Miami Uncovered** Miami er vinsæll áfangastaður enda gleðin þar við völd allan sólarhringinn. Bönnuð börnum.
**21.00 Newlyweds, The (5:30)** (Platypus) Í þessum þáttum er fylgst með poppsöngkonunni Jessicu Simpson og eiginmanni hennar Nick Lachey.
**21.30 Newlyweds, The (6:30)**
**22.00 Road to Stardom With Missy Ell (3:10)** (I want fly beats) Raunveruleikaþáttur með hip-hopdívunni Missy Elliot þar sem 13 ungmenni berjast um að verða næstahip-hop/R&B stjarna Bandaríkjanna.
**22.45 Tru Calling (2:20)** (Putting Out Fires) Tru Davis er læknanemi sem ræður sig í vinnu í líkhúsi. Þar uppgötvar hún dulda hæfileika sína sem gætu bjargað mannslífum.

**23.30** David Letterman **0.15** David Letterman

### SKJÁREINN

**12.00** Þak yfir höfuðið (e) **13.00** Mad About Alice (e) **13.30** Burn it (e) **14.00** Dateline (e) **15.00** The Biggest Loser (e) **16.00** My Big Fat Greek Life – NÝTT! (e) **16.30** Coupling – NÝTT! (e) **17.00** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **18.00** Providence (e)

**18.45 Ripley's Believe it or not! (e)**
**19.30 The Awful Truth** Þættirnir eru gagnrýnar en háðskar heimildamyndir um atburði líðandi stundar.
**20.00 Worst Case Scenario** Þættir um hvernig ósköp venjulegt fólk bregst við óvenjulegum aðstæðum; sýnd eru bæði leikin atriði og raunveruleg.
**20.50 Þak yfir höfuðið**
**21.00 Dateline** Ung móðir verður fyrir þeirri sorg að missa barnunga dóttur sína í eldsvoða, að því er hún best veit. Mörgum árum seinna telur hún sig sjá stúlkuna og hefur leit.
**21.50 Da Vinci's Inquest** Þættirnir byggja á lífi Larry Campell, metnaðarfulls og vandvirks dánardómstjóra í Vancouver.
**22.40 Confessions of an Ugly Stepsister** Kvikmynd í anda sögunnar um Öskubusku. Með aðalhlutverk fer Stockard Channing og Azura Sky.

**0.10** Cheers – 4. þáttaröð (e) **0.40** Boston Public **1.25** Queer as Folk **2.05** Óstöðvandi tónlist

### SÝN besta sætið

**15.30** Hnefaleikar (Joel Casamayor – Diego Corrales) **16.40** Gillette-sportpakkinn **17.10** US Champions Tour 2005 **18.05** Bandaríska mótaröðin í golfi

**19.00 US Masters 2005** (Bandaríska meistarakeppnin) Útsending frá síðasta keppnisdegi bandarísku meistarakeppninnar í golfi, US Masters 2005, en leikið var á Augusta National vellinum í Georgíu.

**22.00 NBA** (SA Spurs – Detroit) Útsending frá leik San Antonio Spurs og Detroit Pistons í úrslitaeinvígi NBA í síðasta mánuði. Spurs áttu í litlum vandræðum með að sigra í Vesturdeildinni en Pistons þurfti að hafa öllu meira fyrir hlutunum í Austurdeildinni. Hér mættust stálin stinn því Pistons hafði titil að verja en Spurs hrósaði sigri í NBA árið áður. Í liði Spurs eru kappar eins og Tim Duncan, Toni Parker og Manu Ginobili en Richard Hamilton, Chauncey Billups,Tayshaun Prince og Rasheed Wallace eru helstu hetjur Pistons.

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Rugrats Go Wild! **8.00** Catch Me If You Can **10.15** Death to Smoochy **12.05** Wild About Harry **14.00** Catch Me If You Can **16.15** Death to Smoochy **18.05** Rugrats Go Wild! **20.00** Barbershop (Bönnuð börnum) **22.00** Unfaitful (Stranglega bönnuð börnum) **0.00** From Hell (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Dead Simple (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Unfaitful (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

**7.00** Joyce Meyer **7.30** Benny Hinn **8.00** Ron Phillips **8.30** Ísrael í dag **9.30** Blandað efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** Miðnæturhróp **11.00** Blandað efni **11.30** Um trúna og tilveruna **12.00** Freddie Filmore **12.30** Dr. David Cho **13.00** Joyce Meyer **13.30** Robert Schuller **14.30** Mack Lyon **15.00** Vatnaskil **16.00** Joyce Meyer **16.30** Blandað efni **17.00** Sherwood Craig **17.30** Maríusystur **18.00** Um trúna og tilveruna **18.30** Joyce Meyer **19.00** CBN fréttastofan **20.00** Ísrael í dag **21.00** Gunnar Þorsteinsson **21.30** Ron Phillips **22.00** Joyce Meyer **22.30** Blandað efni **23.00** CBN fréttastofan **0.00** Nætursjónvarp

### E! ENTERTAINMENT

**E! ENTERTAINMENT**
**13.00** The E! True Hollywood Story **1.00** Scream Play **2.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

**7.15** Korter **14.00** Samkoma í Fíladelfíu **18.15** Korter **20.30** Vatnaskil – Fíladelfía **21.00** Níubíó – The Zone **22.15** Korter

### POPP TÍVÍ

Tónlist allan daginn - alla daga




# VIÐ MÆLUM MEÐ...

Revelations — Stöð 2 **kl. 21.20**

**Þetta er fyrsti þáttur.**

## *Heimsendir nálgast*

Revelations er magnþrunginn myndaflokkur sem hefur vakið mikla athygli.
Hér mætast tvær gjörólíkar sálir sem örlögin leiða saman í óvenjulega vegferð. Stjarneðlisfræðingurinn Richard Massey harmar missi dóttur sinnar þegar systir Josepha Montafiore kemur til skjalanna. Richard trúir á vísindin og er efasemdarmaður þegar Guð er annars vegar. Josepha opnar honum nýja sýn sem breytir lífi þeirra beggja.
Aðalhlutverk leika Bill Pullman og Natascha McElhone en þættirnir eru sex talsins.



Atriði úr þættinum.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason e. **10.03** Gullströndin – Skemmtiþáttur Reykjavíkurakademíunnar **11.00** Messufall – Umsjón: Anna Kristine Magnúsdóttir

**12.10** Barnatíminn : Elísabet Brekkan. **13.00** Sögur af fólki. **14.00** Uppeldisþátturinn – U: Berghildur Erla Bernharðsdóttir. **15.03** Bíóþátturinn **16.00** Tónlistarþáttur Dr. Gunna.

**18.00** Hitt og þetta úr Allt&sumt e. **19.00** Barnatíminn e. **20.00** Messufall e. **21.00** Gullströndin – Skemmtiþáttur e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.05** Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Á sumargöngu **10.15** Frá Máli til Máls **11.00** Guðsþjónusta í Þykkvabæjarkirkju

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Sakamálaleikrit Útvarpsleikhússins **14.10** Ég er ekki skúrkur **15.00** Söngvar borgarstrætanna **16.10** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva

**18.28** Illgresi og ilmandi gróður **19.00** Íslensk tónskáld **19.50** Óskastundin **20.35** Frakkneskir fiskimenn á Íslandi **21.15** Laufskálinn **22.15** Úr kvæðum fyrri alda **21.55** Orð kvöldsins

**22.30** Teygjan **23.00** Í leit að glataðri vitund

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.08** Rokkland

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **20.00** Popp og ról

**0.10** Ljúfir næturtónar **2.03** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**16.00** Beach Volley: World Tour Russia **17.00** Champ Car: World Series Toronto **19.00** Motorsports: Motorsports Weekend **19.30** Car Racing: World Series by Renault Le Mans **19.45** Football: Goooooal ! **20.00** Cycling: Tour de France **21.00** Motorcycling: Grand Prix USA **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Volleyball: World Grand Prix Thailand

**BBC PRIME**
**12.00** Classic EastEnders **13.00** EastEnders Omnibus **15.00** Extreme Animals **15.30** Weird Nature **16.00** One Foot in the Grave **16.30** 2 point 4 Children **17.00** Charlie and the Duchess **18.00** Monarch of the Glen **19.00** Property People **20.00** Booty Queens **21.00** African ER **22.00** Sperm Wars **23.00** A History of Britain **0.00** British Isles: A Natural History **1.00** Suenos World Spanish

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Built for the Kill: Undersea Deception **13.00** The Real Zulu Dawn **14.00** Zulu Dawn **16.30** Tarantula! **17.00** Spider Power **18.00** Seconds from Disaster: Explosion in the North Sea **19.00** The Bridge of Mostar **20.00** The Mafia

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Big Cat Diary **12.30** Chimpanzee Diary **13.00** The Life of Birds **14.00** Growing Up... **15.00** Crocodile Hunter **16.00** Austin Stevens – Most Dangerous **17.00** Shark Chasers **18.00** The Natural World **19.00** The Life of Birds **20.00** K9 Boot Camp **21.00** Cell Dogs **22.00** Shark Chasers **23.00** Big Cat Diary **23.30** Chimpanzee Diary **0.00** The Life of Birds **1.00** Growing Up...

**DISCOVERY**
**12.00** Motorcycle Mania **13.00** Myth Busters **14.00** Surviving Extreme Weather **15.00** Ray Mears' Extreme Survival **16.00** Industrial Revelations **17.00** Battle of the Beasts **18.00** American Chopper **19.00** Birth of a Sports Car **22.00** Giant of the Skies **23.00** Scene of the Crime **0.00** American Casino

**MTV**
**12.30** Boiling Points Weekend Music Mix **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** Trippin' **17.00** World Chart Express **18.00** Dance Floor Chart **19.00** Switched On **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Pimp My Ride **21.30** MTV Mash **22.00** MTV Live **23.00** Just See MTV

**VH1**
**13.00** Behind the Movie **14.00** Movie Soundtracks **17.00** Making the Video **17.30** MTV at the Movies **18.00** Mtv Movie Awards 2005 **19.30** Celebrity Weddings 2004 **20.30** Fabulous Life Of... **21.00** I Want a Famous Face **22.00** Tommy Lee The Naked Truth **23.00** Remaking Vince Neil **23.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.40** City Hospital **13.35** Famous Homes & Hideaways **14.00** Fantasy Open House **14.25** Paradise Seekers **14.50** A Taste of Barbados **15.15** The Race **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Crime Stories **17.40** It's a Girl Thing **18.10** Men on Women **18.40** The Roseanne Show **19.30** Matchmaker **20.00** Cheaters **21.00** Sex and the Settee **21.30** My Messy Bedroom **22.00** Sextacy **23.00** City Hospital **0.00** In Your Dreams **0.25** Insights **0.55** The Race **1.50** Fantasy Open House

**CARTOON NETWORK**
**12.20** The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Codename: Kids Next Door **14.25** Dexter's Laboratory **14.50** Samurai Jack **15.15** Megas XLR **15.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.20** Digimon II **12.45** Super Robot Monkey Team Hyperforce Go! **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Jacob two-two **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps

**MGM**
**12.10** Lisa **13.45** Late for Dinner **15.20** Ground Zero **17.00** Extreme Close-Up **18.35** The Killer Elite **20.35** Getting it Right **22.15** Ten Seconds to Hell **23.50** Easy Money **1.25** Taking of Beverly Hills **3.00** For Better or for Worse

**TCM**
**19.00** Fame **21.10** The Cincinnati Kid **22.50** Bhowani Junction **0.40** Ringo and His Golden Pistol **2.10** Edward My Son

**HALLMARK**
**12.45** Dinotopia **14.15** Skylark **16.00** Erich Segal's Only Love **17.30** Hawking **19.15** On The Beach **21.00** Lonesome Dove: The Series **21.45** Lifepod **23.30** Lonesome Dove: The Series **0.30** On The Beach **2.15** Hawking

**BBC FOOD**
**12.00** Rocco's Dolce Vita **12.30** Rosemary on the Road **13.00** Chalet Slaves **13.30** The Best **14.00** Food Source **14.30** Gondola On the Murray **15.00** The Naked Chef **15.30** Saturday Kitchen **16.00** Dinner in a Box **17.00** Ainsley's Meals in Minutes **17.30** Worrall Thompson **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Deck Dates **19.30** Safari Chef **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** A Cook's Tour **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**
**12.00** Shin Chan **12.10** Braceface **12.30** SommerSummarum **13.30** Yu-Gi-Oh! **14.00** Guldæblerne **14.20** Dårskabens timer **16.00** Sigurd og Symfoniorkesteret **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Fint skal det være **17.30** TAXA **18.10** Landsbyhospitalet **19.00** TV Avisen **19.15** AftenTour 2005 **19.40** Mord i Phoenix **21.25** Django **22.55** De Udvalgte

**SV1**
**12.00** Tennis: Swedish Open, Båstad **15.00** Kunskapsriket **16.00** På fisketur med Lars & Bård **16.30** Anki och Pytte **17.00** Så här går det till på Saltkråkan **17.30** Rapport **17.50** Har du hört den förut? **18.00** Djurgalen **18.30** Sportspegeln **19.00** Lars Molin i våra hjärtan **20.00** Libanon – nu **20.30** Jorden med Anna Charlotta **21.00** Rapport **21.05** Design 365 **21.10** Svensson, Svensson **21.40** Återträff **22.40** Sändning från SVT24






## HRÓSIÐ

*... fær Auðunn Blöndal fyrir að láta það ekki á sig fá þó að félagar hans í Strákunum reyni að gera grín að leiklistarhæfileikum hans.*

## HIN HLIÐIN

**HIN HLIÐIN Á MARGRÉTI MARTEINSDÓTTUR FRÉTTAMANNI Á SJÓNVARPINU.**

# Stjórnsemin er bæði kostur og galli

**Hvernig ertu núna?** Mjög hamingjusöm. Ég er í sumarfríi.
**Augnlitur:** Blár.
**Starf:** Fréttamaður hjá Sjónvarpinu.
**Stjörnumerki:** Sporðdreki.
**Hjúskaparstaða:** Í sambúð.
**Hvaðan ertu?** Úr Reykjavík.
**Helsta afrek:** Börnin mín tvö.
**Helstu veikleikar:** Stjórnsemi.
**Helstu kostir:** Ætli það sé ekki stjórnsemin líka.
**Uppáhaldssjónvarpsþáttur:** Fréttir og fréttatengdir þættir.
**Uppáhaldsútvarpsþáttur:** Kvöldgestir Jónasar og Rokklandið hans Óla Palla.
**Uppáhaldsmatur:** Humar.
**Uppáhaldsveitingastaður:** Tapasbarinn.
**Uppáhaldsborg:** París.
**Mestu vonbrigði lífsins:** Að hafa ekki lært á píanó og vera ekki búin að blása ryki af frönskunni.
**Áhugamál:** Fólk.
**Viltu vinna milljón?** Já, takk.
**Jeppi eða sportbíll:** Hvort sem er. Gæti ekki verið meira sama.
**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?** Söngkona.
**Hver er fyndnastur?** Woody Allen og Hjalti vinur minn sem er íslenska útgáfan af Woody.
**Hver er kynþokkafyllst(ur)?** Maðurinn minn auðvitað.
**Trúir þú á drauga?** Nei.
**Hvaða dýr vildirðu helst vera?** Fugl.
**Hvaða dýr vildirðu ekki vera?** Maðkur.
**Áttu gæludýr?** Nei.
**Besta kvikmynd í heimi?** Betty Blue í fullri, fjögurra klukkustunda lengd.
**Besta bók í heimi?** Glæpur og refsing eftir Dostojevskí.
**Næst á dagskrá?** Ég er að undirbúa ferð til Spánar með fjölskyldunni.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þúsund miðar eftir á Snoop

Sala miða á tónleika ofurtöffarans Snoop Dogg, sem spilar í Egilshöllinni 17. júlí ásamt Hjálmum, Forgotten Lores og Hæstu hendinni, gengur vel. Einungis eru eftir þúsund miðar á tónleikana en þeir verða fyrir sjö þúsund manns. „Það kom smá rykkur í þetta um mánaðamótin,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson hjá Event.is. „Það seljast í kringum tvö hundruð miðar á dag á tónleikana,“ bætir hann við.

Snoop kom fram á Live 8 og segir Ísleifur að frammistaða hans í Hyde Park hafi vakið athygli. „Ég heyrði að fólk hefði verið mjög hrifið,“ segir hann en Snoop er þekktur fyrir að vera mjög góður á sviði. „Hann leggur mjög mikið í þetta. Snoop gæti bara verið að túra með plötusnúði en hann er með tólf manna band sem þykir mjög gott,“ segir Ísleifur. „ Þar að auki er þetta maður með tíu ára sögu og hann höfðar því til mjög breiðs hóps,“ segir hann en fáir töffarar hafa komist upp með að syngja lög með Mariuh Carey og Justin Timberlake og samt verið svalir. „Hann er ekta,“ segir Ísleifur.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**SNOOP DOGG** Miðasalan á Snoop gengur mjög vel en um þúsund miðar eru eftir á tónleika rapphundsins.

KÖLD SLÓÐ: ÞRÖSTUR LEÓ Í AÐALHLUTVERKI

# Spennutryllir uppi á hálendi Íslands

Meðal kvikmynda sem fengu styrk hjá Kvikmyndamiðstöðinni var Köld slóð sem áður gekk undir vinnuheitinu Virkjunin. Það er Kristinn Þórðarson sem skrifar handritið en Björn Brynjólfur Björnsson mun leikstýra. Myndin er samstarfsverkefni Strom og Spark auk danskra aðila. Reiknað er með að myndin verði tekin upp í febrúar á næsta ári og að hún verði frumsýnd næsta haust ef allt gengur að óskum.

Köld slóð er spennutryllir og fjallar um blaðamann sem rannsakar dularfullt dauðsfall við virkjun uppi á hálendi. „Hún á að gerast um hávetur en þá á virkjunin að vera algjörlega innikróuð og ekki að vera hægt að komast þangað,“ segir Björn. Að hans sögn mun myndin vera tekin upp að einhverjum hluta upp á Sultartanga og við Búrfell en virkjunin mun ekki vera til í alvörunni.

Búið er að ganga frá ráðningu í tvö aðalhlutverkin en það verður Þröstur Leó Gunnarsson sem leikur blaðamanninn en Elva Ósk Ólafsdóttir verður í aðalkvenhlutverkinu. Hvort handritið hafi verið skrifað með Þröst Leó í huga segir Björn að svo hafi ekki verið. „En þegar við litum upp úr handritinu var nafn hans eitt af þeim fyrstu sem komu upp,“ viðurkennir hann.

Köld slóð hefur verið töluvert lengi í smíðum en byrjað var að vinna að henni fyrir fjórum árum síðan. „Sagan er alveg frumsamin,“ segir Björn og bætir við að spennutryllar hafi verið mjög vinsælir bæði í bókum og erlendum myndum. Íslenskir spennutryllar hafa þó ekki alveg átt upp á pallborðið. „Vandinn hjá okkur er að halda trúverðugleika,“ segir Björn. „Það trúir því enginn að einhver leigumorðingi gangi um götur Reykjavíkur en það gengur kannski upp í New York eða París,“ bætir hann við. „Við verðum því að búa til trúverðugar íslenskar aðstæður,“ segir hann.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**BJÖRN BRYNJÓLFUR** Segir vissulega erfitt að búa til trúverðuga íslenska spennutrylla.



**ELVA ÓSK** Er að verða helsta glæpamyndaleikkona Íslands því auk þess að leika í Kaldri slóð á hún að vera í Mýrinni og var þar að auki í danska sakamálaþættinum Erninum.



**ÞRÖSTUR LEÓ** Leikur harðsvíraðan blaðamann sem rannsakar dularfullt andlát í virkjun uppi á hálendi Íslands.



Tilraunir, fríkað úti, baðferðir, allt fyrir aurinn, áskoranir, stjórnanir, vakningar og margt fleira með snillingunum Pétri, Audda og Sveppa. Fullt af áður ósýndu efni.

STRÁKARNIR Á DVD

Tryggðu þér eintak strax í næstu verslun

Síminn sena 2



# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

KASTRUP
Ál trégluggar
ÍSLENZKA VERZLUNARFÉLAGIÐ
Askalind 5 • 201 Kópavogur • Sími 564 5500
Fax 564 5555 • isv@isv.is • www.isv.is



**BAKÞANKAR**

STEINUNNAR STEFÁNSDÓTTUR

## Íslenski vígvöllurinn

Íslenskir þjóðvegir eru vígvöllur. Fyrir hverja helgi sumarsins höldum við niðri í okkur andanum og vonum og biðjum að þeir taki nú ekki toll þessa helgina. Stundum er á mánudegi hægt að þakka í hljóði en allt of oft ekki. Samt fréttum við ekki nema brot af því sem á sér stað. Fjöldi manns slasast og hlýtur jafnvel varanleg örkuml án þess að það komist nokkurn tíma í fréttir. Íslendingar virðast þó vera meðvitaðir um umferðarmál og þau eru mikið í umræðunni. Reglulega er gert átak til að bæta menninguna í umferðinni og flestir eru jákvæðir og fullir áhuga. Samt halda þjóðvegirnir áfram að vera vígvöllur, ekki síst á sumrin þegar aðstæður til aksturs eru einmitt bestar.

**FÓLK** er upp til hópa ágætir bílstjórar en ekki fullkomnir. Sumir aka of hratt, aðrir eru iðulega of nálægt næsta bíl fyrir framan, svo eru þeir sem leita stöðugt fram úr, óháð aðstæðum, og hinir sem vísvitandi koma í veg fyrir að ekið sé fram úr þeim, líka óháð aðstæðum. Sumir fylgjast ekki með umferðinni fyrir aftan eða nota ekki stefnuljós og áfram mætti telja. Þá er ekki eini sinni búið að minnast á glapræði eins og að aka undir áhrifum. Hvenær ætlar fólk eiginlega að hætta því? Líklegt er að sá sem stundar hraðaakstur telji vandann í umferðinni frekar felast í öðru en hraðanum og sá sem hangir í rassinum á næsta bíl fyrir framan finnst hann ekki vera svo nálægt. Þannig er eins og við látum ógert að líta í eigin barm þegar kemur að því að bæta umferðina, við teljum hundinn vera grafinn í veikleikum hinna.

**EKKI** veit ég hvort eingöngu er kjánalegri bjartsýni minni um að kenna, en einhvern veginn finnst mér eins og nú sé svo komið að við séum að taka við okkur. Í gær var að heyra að umferðin hefði verið hægari en oft áður sem hljóta að vera góðar fréttir. Vondu fréttirnar lágu þó í fjölda manns sem teknir voru ölvaðir undir stýri. Vonandi er komið að því að við lítum í eigin barm hvert og eitt, finnum veikleika okkar og reynum að sigrast á þeim og síðast en ekki síst ökum í samræmi við aðstæður. Þá er möguleiki til þess að við getum breytt þjóðvegunum úr þeim vígvelli sem þeir eru.

Landkönnuðir og lífskúnstnerar klippið hér

www.icelandexpress.is




VERÐ SEM ÓHÆTT ER AÐ FLAGGA!

Fljúgðu með Iceland Express til London, Köben eða Frankfurt og taktu þaðan strikið hvert sem er út í heim. Notfærðu þér til dæmis lággjaldafélagið Ryanair sem flýgur til yfir 70 áfangastaða frá Stansted flugvellinum í London eða Sterling sem flýgur um alla Evrópu frá Kaupmannahöfn. Skoðaðu verðdæmin hér að ofan og kynntu þér málið á www.ryanair.com eða www.sterling.dk.

Verðdæmin eru fengin af vefsíðu Ryanair og miðast við flug aðra leið frá London með sköttum og gengi sterlingspunds 8. júlí




Verð frá: 7.995 kr.*
Barnaverð: 5.995 kr.*

*Aðra leið með sköttum. Börn þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

5 AF 7 BESTU VEGGSJÓNVÖRPUNUM FÁST HJÁ ORMSSON

Samkvæmt könnun Neytendasamtakanna og *ICRT.

*Óháð alþjóðleg heildarsamtök neytendasamtaka.

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



Pioneer
LOEWE.
SAMSUNG

SMÁRALIND Sími 530-2900
SÍÐUMÚLA 9 Sími 530-280

ORMSSON

GERÐU KRÖFUR – VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR